

VILMA BACIANSKAITE

*Skilaði skónum bara á sinn stað í forstofunni*

• jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS





JÓLAGJÖFIN HANS

*Útivist, afþreying og almennt dekur um jólin*

Sérblaðið Jólagjöfin hans

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. desember 2008 — 337. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Leysa börn úr ánauð



Unglingar úr Vídalínskirkju afhentu Hjálparstarfi kirkjunnar nýlega 400 þúsund króna gjöf.

TÍMAMÓT

### Ætlaði alltaf alla leið



Gillzenegger á sinn þátt í velgengni Arons Pálmarssonar.

FÓLK 24

### Á aðventu

„Ekki fer hjá því að leiftur frá liðnum tíma fari öðru hvoru um huganná aðventunni og minni mann á hver maður er og hvers vegna“, skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 16

### Fram pakkað saman



Bikarmeistarar Vals unnu ótrúlega auðveldan sigur á Fram í Safamýrinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝNANDI** Í dag er minnkandi norðanátt austan til en vaxandi suðaustanátt vestan til, 10-15 m/s í kvöld. Úrkomulítið í fyrstu en slydda og síðar rigning vestan til þegar líður á síðdegið og kvöldið. Hlýnar.

VEÐUR 4

# Kaupþing í stríð við bræðurna í Bakkavör

**Nýja Kaupþing leitar allra leiða til að hindra að Bakkabræður þynni út hlutafé í Existu. Þannig á að verja milljarða lán með veði í hlutabréfum. Bræðurnir vilja gefa út 50 milljónir nýrra hluta, fyrir 20 aura hvern, í flóknum viðskiptum.**

**VIÐSKIPTI** „Stjórn Nýja Kaupþings gerir alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð stjórnar Existu og mun leita allra leiða til að fá þessum áformum hnekkt.“ Svo segir í yfirlýsingu sem stjórn Nýja Kaupþings sendi frá sér síðdegis í gær.

Málið varðar mikla þynningu hluta í fjárfestingafélaginu Existu, sem hefur að mjög miklu leyti verið í eigu Bakkabræðra, þeirra Ágústs og Lýðs Guðmundssona.

Þeir tilkynntu um flókin viðskipti til Kauphallarinnar í gær. Þeir hafi stofnað félagið BBR sem á að kaupa 50 milljónir nýrra hluta í Existu, af Kvakki, sem þeir eiga sjálfir. Exista fær svo einn milljarð króna fyrir. Hver hinna nýju hluta kostar því tuttugu aura.

Eftir viðskiptin, gangi þau eftir, eiga þeir bræður 87,9 prósenta hlut í Existu og hlutir annarra hluthafa minnka til muna hlutfallslega. Bræðurnir gera þetta með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn Nýja Kaupþings unir þessu ekki, segir í yfirlýsingunni. Hún hafi sjálf undirbúið að taka stjórn Existu yfir til þess að verja hagsmuni bankans. Hagsmunirnir munu, eftir því sem næst verður komist, vera fólgnir í milljarða króna lánum með veði í hlutabréfum í Existu. Þá herma heimildir blaðsins innan bankans að yfirlýsingin jafngildi því að segja Bakkabræðrum stríð á hendur.

Ætla megi að mikið gæti glatast, þynnist hlutirnir verulega.

Við seinustu viðskipti var markaðsvirði hlutar Bakkabræðra í Existu tæpir 30 milljarðar króna.

Exista hefur gengið mjög illa, ekki síst eftir bankahrunið, en það var meðal annars stærsti hluthafinn í Kaupþingi, með tæplega fjórðungs hlut.

Aðrir sögðust ekki þekkja viðskiptafléttu bræðranna en sögðu að tæplega yrði af nema með samþykki annarra hluthafa. **- ikh**



**MÓTMÆLANDI LEIDDUR Á BROTT** Sjö voru handteknir fyrir að hlýða ekki tilmælum lögreglu í Alþingishúsinu í gær. Einn er grunaður um að hafa bitið og sparkað í lögreglumann. Þingvörður meiddist einnig í átökunum. Mótmælendur sögðu aðgerðir lögreglu hafa verið harkalegar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hópi mótmælenda var meinaður aðgangur að þingpöllum á Alþingi í gær:

# Sjö handteknir eftir ryskingar

**MÓTMÆLI** Sjö voru handteknir í Alþingishúsinu eftir að um þrjátíu mótmælendum var meinaður aðgangur að þingpöllum á þingfundi í gær. Tveir menn komust framhjá þingvörðum út á pallana og stöðvaðist starfsemi þingsins þegar þeir hófu hróp og köll á borð við „drullið ykkur út“ og „þetta hús gegnir ekki hlutverki sínu lengur“. Til ryskinga kom í stiga og anddyri þinghússins þegar vísa átti hópnum á dyr.

Einn karlmaður er grunaður um að hafa bitið tvo lögreglumenn og sparkað í þann þriðja. Hinum sem handteknir voru var gefið að sök að hafa ekki hlýtt tilmælum lögreglu. Einnig meiddist þingvörður þegar honum var skellt utan í ofn í þinghúsinu, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra.

Einn mótmælenda sagði aðgerðir lögreglunnar hafa verið harkalegar. Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, segist líta atvikið mjög alvarlegum augum. **- kg**



**Í HÁSKÓLABÍÓI** Um átta hundruð manns voru á borgarafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgarafundur í gærkvöldi:

# Verkfall gegn ríkistjórninni

**FÉLAGSMÁL Gestir á borgarafundi í Háskólabíói í gærkvöldi kröfðust þess að ríkisstjórnin fari frá. Salurinn var nánast fullsetinn á um tveggja tíma fundi þar sem fulltrúar verkalýðsfélaga og lífeyrissjóða sátu fyrir svörum ásamt viðskiptaráðherra. Einn fundarmanna skoraði á forystumenn verkalýðsfélaganna að efna til allsherjarverkfalls til að knýja ríkisstjórnina frá völdum. Hann fékk afar góðar viðtökur fundarmanna en bæði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ og Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, sögðu verkfallsvopnið of dýrmætt til að beita því öðruvísi en í lögmætum tilgangi. - gar**

Rannsókn á bönkunum:

# KPMG skoði ekki Glitni

**BANKAR** Unnið er nú að því að nýir aðilar komi í stað endurskoðunarfyrirtækisins KPMG að rannsókn á viðskiptum innan Glitnis í aðdraganda þess að bankinn komst í þrot fyrir rúmum tveimur mánuðum. Aðkoma KPMG að verkinu hefur verið gagnrýnd þar sem fyrirtækið hefur annast endurskoðun fyrir suma stærstu hluthafanna í Glitni fyrir fallið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinna stjórnvöld nú að því að finna leiðir til að fá aðila sem örugglega eru óháðir til rannsóknarinnar á Glitni.

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri KPMG, sagði í Fréttablaðinu í gær að fyrirtækið treysti sér vel til að annast rannsóknina á réttan hátt. **- gar**


TENGI

Blöndunartækjadagar 1-13 des.




Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

24 Skeifan

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
ALLTAF í Skeifunni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Bráðum koma blessuð jólin

Sendu jólakortin og jólapakkana tímanlega!



www.postur.is

## SPURNING DAGSINS




*Steinþór, geta allir fengið að sofa hjá þér?*

„Já, og þeir sem hafa sofið hjá mér hafa verið mjög ánægðir.“

Steinþór Jónsson, hótelstjóri á Hótel Keflavík, býður þeim ókeypis gistingu sem versla í Reykjanesbæ fyrir meira en sextán þúsund krónur fyrir jólin.

Fjármálaráðherra segir bankana hafa ákveðið kaup úr peningamarkaðssjóðunum:

# Aflar ekki svara við fyrirspurn

**ALÞINGI** Bankarnir ákváðu - án afskipta fjármálaráðherra - kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum. Þetta kemur fram í svari Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur VG.

Spurningar Álfheiðar voru nokkrar og ítarlegar en við fæstum fengust svör. „Ráðuneytinu er ekki kunnugt um einstök viðskipti bankanna og hefur ekki óskað eftir upplýsingum þær,“ segir í svari við spurningu um hve háar fjárhæðir nýju bankarnir hafi reitt af hendi til kaupa á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum gömlu bankanna.

Á grunni þessa svars eru svör við öðrum spurningum byggð.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR



ÁRNI M. MATHIESEN

„Ég sé ekki betur en að í þessu svari þvoi Árni hendur sínar af rekstri bankanna. Hann segist hafa fengið upplýsingar um stöðu sjóðanna en ekki skipt sér frekar af málinu,“ segir Álfheiður. Samkvæmt svarinu sé bönkunum í sjálfsvald sett hvernig þeir ráðstafi stofnfé sínu. „Mér sýnist þetta vera gamla einkennið; ekki benda á mig. Ég hef líka spurt viðskiptaráðherra svipaðra spurninga en á eftir að fá svör. Hann svarar sjálfsagt eins. Þá kemur kannski í ljós að þeir voru báðir að æfa lögreglukórinn.“ - bþs

> Ég sé ekki betur en að í þessu svari þvoi Árni hendur sínar af rekstri bankanna.
>
> ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR ÞINGMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Fangi sem hótaði vörðum:

# Bar ekki ábyrgð á eigin ástandi

**DÓMSMÁL Fanga, sem fundinn var sekur um að hafa marg hótað fangavörðum á Litla-Hrauni lífláti og ofbeldi, var ekki gerð refsing í Héraðsdómi Reykjavíkur. Í dóminum segir að flestar hótanirnar hafi fanginn sett fram á tveggja mánaða tímabili haustið 2006. Framkoma hans hafi verið algjörlega óviðunandi. Hann hafi þá hins vegar verið sprautaður með lyfi sem ekki sé vitað hvað var. Sjálfur segi hann það hafa verið geðklofalyf. „Hafi umrætt lyf jagjöf haft áhrif á hegðun ákærða til hins verra er ljóst að hann hefur ekki komið sér sjálfur í þetta ástand,“ segir héraðsdómur.** - gar

Fyrirlestur mannfræðings:

# Óttinn við fjölmenninguna

**MENNING Kristín Loftsdóttir mannfræðingur flytur erindi á hádegisfundi Sagnfræðingafélags Íslands í dag. Erindið nefnist Framandi trú og kristnar rætur Íslands: Óttinn við að glata íslenskri menningu í fjöl-menningarlegu samhengi.**

**„Ég skoða umræðurnar í kringum frumvarp um grunnskólalög sem lagt var fram haustið 2007. Í drögum frumvarps var það tekið út að starfshættir skóla skyldu mótast af kristilegu siðgæði, en það var sett aftur inn með öðru orðalagi.“**

**Kristín telur umræðuna sem spratt af þessu hafa byggst á misskilningi. „Menn tengdu þetta af einhverjum orsökum fjölmenningunni. Upp var sett fölsk skipting; að allir Íslendingar væru kristnir en útlendingar af öðrum trúarbrögðum þó aðeins lítill minnihluti þeirra sem hingað koma aðhyllist önnur trúarbrögð en kristni. Þetta vekur upp spurningar um hvernig við komum fram við minnihlutahópa.“ Fyrirlesturinn verður í Þjóðminjasafni Íslands og hefst klukkan 12.05.** - kóp

Jólagjafasmiðja Skólavefsins:

# Jólagjafir sem kosta ekki neitt

**JÓL** Í Jólagjafasmiðjunni á Skólavefnum er hægt að finna fjölda jólagjafa án endurgjalds, eins og bækur, hljóðdiska og dagatöl. „Við fórum að hugsa hvað við gætum gert til að leggja okkar af mörkum í kreppunni og þá skaut þessi hugmynd upp kollinum,“ segir Páll Guðbrandsson, markaðs- og kynningarstjóri.

Auðvelt er að setja persónulegan stíl á gjafirnar þar sem bækurnar þarf að prenta út, myndskreyta og setja saman. - eö/ sjá allt

# Gagnaveri í Keflavík seinkar um hálft ár

**Ekki hefur dregið úr áhuga fjárfesta á gagnaveri Verne Holding, en þeir hafa áhyggjur af gjaldeyrishöftum. Sæstrengur til Danmerkur er forsenda fyrir verinu. Samningar um nýjan streng komast ekki í uppnám þó gagnaveri seinki.**

**IÐNAÐUR** Áhugi fjárfesta á fyrirhuguðu gagnaveri Verne Holding á Keflavíkurflugvelli er óbreyttur, þó ástandið valdi áhyggjum, segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne Holding (VH). Gangsetningu gagnaversins mun engu að síður seinka um einhverja mánuði.

Til stóð að gagnaverið yrði opnað um mitt næsta ár, en nú segir Vilhjálmur vonir standa til þess að starfsemi geti hafist á fjórða ársfjórðungi næsta árs, eða snemma árs 2010. Hann segir viðræður við mögulega viðskiptavini vel á veg komnar, en ekki hafi verið gerður endanlegur samningur við neinn.

Samningur um afnot gagnavers Verne Holding af nýjum sæstreng milli Íslands og Danmerkur var ein af forsendunum fyrir því að ákveðið var að leggja strenginn til Danmerkur en ekki Bretlands. Kostnaðaraukinn við það var um 2,5 milljarðar króna, segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice.

Samingurinn við Verne Holding stendur þó, en gangsetningu gagnaversins getur seinkað eitthvað, enda um langtímaverkefni að ræða, segir Guðmundur. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 85 til 90 milljónir evra, sem jafngildir um 12,4 til 13 milljörðum króna miðað við skráð gengi evru um miðjan dag í gær.

Vilhjálmur segir að viðræður hafi verið í gangi lengi milli Verne Holding og Farice um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi samningsins. Hann vildi ekki ræða þær breytingar frekar.



**SÆSTRENGUR FORSENDA** Samningur við gagnaver Verne Holding um afnot af sæstreng milli Íslands og Danmerkur var ein af forsendum þess að ákveðið var að leggja strenginn til Danmerkur í stað Bretlands, þrátt fyrir um 2,5 milljarða króna kostnaðarauka. MYND/FARICE



VILHJÁLMUR ÞORSTEINSSON

Vilhjálmur hefur gagnrýnt ríkjandi gjaldeyrishöft, þar sem þau hindri erlenda fjárfesta í því að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Hann segir að lögmaður Verne Holding hafi sent viðskiptaráðuneytinu bréf þar sem óskað sé eftir ítarlegum svörum um túlkun ráðuneytisins á lögunum.

Hann segist vonast til þess að svör berist fyrir stjórnarfund félagsins á fimmtudag. Fjárfestar óttist gjaldeyrishöftin, enda vilji þeir auðvitað geta farið héðan með sína peninga þegar þeim henti. Sama eigi við um viðskiptavini, sem vilji geta komist með fé og búnað af landi brott án tafa.

Búið er að leggja tvo þriðju hluta sæstrengsins til Danmerkur. Guðmundur segir vont veður hafa sett strik í reikninginn. Engu að síður geri áætlanir ráð fyrir því að strengurinn verði tekinn í notkun á fyrri hluta næsta árs.

Guðmundur segir allar tekjur Farice af rekstri sæstrengja í evrum eða breskum pundum, og því hafi fall íslensku krónunnar ekki haft áhrif á lagningu sæstrengsins. brjann@frettabladid.is



**KLUKKAN Í VIÐGERÐ** Klukkan á Lækjartorgi hefur verið í viðgerð frá því í byrjun nóvember. Hún er nú komin aftur á sinn fyrri stall. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR

Klukkan á Lækjartorgi:

# Komin aftur á sinn rétta stall

**SAMFÉLAGSMÁL** Klukkan á Lækjartorgi er komin aftur á sinn stað, nýmáluð og rétt stillt. Hún hefur verið í viðgerð síðan í byrjun nóvember.

Kiwanis-klúbburinn Katla hefur séð um viðhald klukkunnar undanfarin þrjátíu ár. Hún hefur verið til fjáröflunarleið klúbbsins, sem selur auglýsingar á hliðar hennar. - hhs

Heimssýningin í Kína 2010:

# Vilja tillögur að skála Íslendinga

**STJÓRNMÁL Auglýst hefur verið eftir hugmyndum að skipulagi skála Íslendinga á heimssýningunni Expo 2010 í Sjanghæ í Kína.**

**Upphaflega var áætlað að verja um 600 milljónum í verkefnið en fyrir fjórum vikum tilkynnti utanríkisráðuneytið að í ljósi efnahagsástandsins yrði aðeins eytt þrjátíu prósentum þeirrar fjárhæðar í sýninguna. „Njótum við velvildar Kínverja sem auðveldar þátttöku í sýningunni,“ sagði í frétt ráðuneytisins. „Lögð er áhersla á að þeir sem leggja inn tillögur hafi víðtæka reynslu af hönnun sýninga og með tillögunum fylgi ítarleg lýsing á þessari reynslu,“ segir á vef Ríkiskaupa. Frestur til að skila inn tillögum rennur út 12. janúar.** - gar






„Vaxandi þrýstingur innan Samfylkingar,“ segir þingflokksformaður VG:

# Össur heimsótti Ögmund

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson, ráðherra Samfylkingar, heimsótti Ögmund Jónasson, þingflokksformann VG, og fundaði með honum nokkra stund á laugardaginn var, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ögmundur vill lítið gera úr fundinum, en viðurkennir þegar gengið er á hann að þeir hafi „heyrst um helgina“.

„Nei, við erum ekki að mynda ríkisstjórn við Össur Skarphéðinsson, en við ræðumst oft við. [...] Við ræddum bara svona sitt af hverju og stjórnmál bar vissulega á góma,“ segir hann. Þreifingar um stjórnarsamstarf hafi þó ekki farið fram milli þeirra. Ögmundur svarar ekki hversu langur fundurinn hafi verið.

„Maður heyrir það á yfirlýsingum manna að það er vaxandi þrýstingur innan Samfylkingar um að boða til kosninga,“ segir Ögmundur: „En ég sé ekki nein merki þess að það sé að slitna upp úr stjórnarsamstarfinu, því miður.“

Spurður hvort hann væri tilbúinn í samstarfið, færi svo að slitnaði upp úr því núverandi, segir Ögmundur að „það myndi ráðast af svo mörgu“. Krafa VG sé sú að efnt verði til kosninga, helst á fyrstu mánuðum komandi árs. Ekki náðist í Össur í gær. - kóþ



**FUNDUÐU SAMAN** Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson hittust heima hjá þeim síðarnefnda á laugardaginn var.




# Jólagjöf Byrs 2008




Við bjóðum öllum börnum fæddum árið 2008 að þiggja **5.000 króna Framtíðarsjóð** í jólagjöf frá Byr. Með þessu viljum við taka þátt í fjárhagslegri heilsu barna til framtíðar. **Taktu fyrsta skrefið í næsta útibúi Byrs eða á byr.is.**

Með ósk um **gleðilega hátíð,**
*starfsfólk Byrs.*



Sparibangsinn Bjössi fylgir Framtíðarsjóðnum.

**5.000 krónur í jólagjöf**

Gjöfin leggst inn á **Framtíðarsjóð Byrs** sem er verðtryggður sparnaðarreikningur og er hann bundinn til **18 ára aldurs**. Þetta er sjóðurinn sem **vex með barninu þínu,** eftir því sem það dafnar og þroskast. Við minnum á að innstæður í Framtíðarsjóði eru **tryggðar að fullu** hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda.

**Byr vonar að sem flestir sjái sér hag í að þiggja jólagjöfina í ár fyrir hönd barna sinna, en hana má nálgast fram til 28. febrúar 2009.**

**Dæmi um ávinning til framtíðar**

*Byr gefur barninu 5.000 kr. í jólagjöf í Framtíðarsjóð.*
*Foreldri leggur inn 1.000 kr. á mánuði.*
*Við 18 ára aldur er inneign barnsins orðin 805.349 kr.*
*Þú hefur þá lagt inn 216.000 kr. en ávöxtunin yfir tímabilið er 589.349 kr.**

** Athugaðu að um áætlun er að ræða, nafnávöxtun getur verið mismunandi milli ára. Í útreikningum er miðað við 12,66% sem var nafnávöxtun Framtíðarsjóðs fyrir árið 2007.*

BYR SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

## GENGIÐ 08.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,64 | 115,18 |
| Sterlingspund | 170,69 | 171,51 |
| Evra | 147,48 | 148,3 |
| Dönsk króna | 19,794 | 19,91 |
| Norsk króna | 16,161 | 16,257 |
| Sænsk króna | 14,06 | 14,142 |
| Japanskt jen | 1,229 | 1,2362 |
| SDR | 170,88 | 171,9 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
196,3379

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sveitarstjórinn sem sveikst um í starfi og stal 17 milljónum af Grímseyjarhreppi:

# Dæmdur í 18 mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Brynjólfur Árnason, fyrrverandi sveitarstjóri í Grímseyjarhreppi, var í gær dæmdur í átján mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir fjárdrátt og umboðssvik.



BRYNJÓLFUR ÁRNASON

Brynjólfur var hreppsnefndarmaður, oddviti og sveitarstjóri í Grímseyjarhreppi á árunum 2005-2007. Samkvæmt ákæru og játningu hans sjálfs dró hann sér og verslun sinni með fjölbreytilegum hætti um 16,9 milljónir króna úr sjóðum hreppsins.

Héraðsdómur sagði brot Brynjólfs vera í heild sinni stórfelld og auk þess framin í opinberu trúnaðarstarfi fyrir fámennt sveitarfélag. „Hefur sveitarfélagið orðið fyrir verulegu tjóni vegna brota ákærða," sagði héraðsdómur sem kvað ekki efni til að binda nokkurn hluta fangelsisrefsingarinnar skilorði eins og Brynjólfur fór fram á. Hann vildi einnig að bótakröfu Grímseyjarhrepps yrði vísað frá dómi en það var metið öldungis órökstutt og var hann dæmdur til að greiða hreppnum samtals 13,7 milljónir í bætur og kostnað. - gar



**Í GRÍMSEY** Fjárdráttur sveitarstjórans olli fámennu sveitarfélagi miklu tjóni sagði Héraðsdómur Norðurlands eystra. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞÓR

Fimm Blackwater-menn:

# Gáfu sig allir fram í Utah

**BANDARÍKIN, AP** Fimm bandarískir öryggisverðir gáfu sig fram við dómstól í Utah í gær. Mennirnir störfuðu hjá verktakafyrirtækinu Blackwater og voru ákærðir fyrir skotárás í Írak haustið 2007.

Ákæran var gefin út í Washington, en mennirnir vonast til að málið verði nú tekið fyrir í Utah þar sem von sé á íhaldssamari kviðdómendum, sem líklegri væru til að sýna þeim linkind.

Mennirnir eru sakaðir um að hafa hafið skothríð að tilefnislausu og banað sautján manns. - gb

Höfuðpaurar í Guantanamo:

# Segjast vilja játa án tafar

**BANDARÍKIN, AP** Fimm fangar Bandaríkjahers í Guantanamo á Kúbu sendu dómara í réttarhöldum þeirra orðsendingu í gær þar sem þeir sögðust vilja játa sekt sína án tafar.

Mennirnir eru sakaðir um að hafa átt hlut að árásunum á Bandaríkin haustið 2001. Meðal þeirra er Khalid Sheikh Mohammed, sem hefur áður játað við umdeildar yfirheyrslur að hafa skipulagt hryðjuverkin.

Þeir vilja falla frá öllum kröfum verjenda sinna við réttarhöldin sem fram fara við sérdómstóla Bandaríkjahers á Kúbu. - gb

Bankastjóri Nýja Glitnis:

# Ekki ábyrg fyrir hlutabréfarugli

**VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið segir að Birna Einarsdóttir, bankastjóri Nýja Glitnis, beri ekki ábyrgð á vanefndum á samningi sem hún gerði sem þáverandi starfsmaður Gamla Glitnis um kaup á hlutabréfum í bankanum. Þetta kemur fram í bréfi sem Birna sendi starfsmönnum Nýja Glitnis og birt var á visir.is í gær. Að því er virðist fyrir handvömm í bankanum gengu viðskiptin ekki í gegn og Birna slapp við að tapa stórfé þegar hlutabréfin urðu verðlaus. Skilanefnd Glitnis sá ekki grundvöll fyrir aðgerðum gegn Birnu. „Niðurstaðan kemur mér ekki á óvart - sjálf var ég í góðri trú," segir í áðurnefndu bréfi bankastjórans.** - gar



BIRNA EINARSDÓTTIR

# Sjö handteknir eftir átök

**Sjö voru handteknir eftir ryskingar við lögreglu og þingverði í Alþingishúsinu í gær. Hópi fólks var meinaður aðgangur að þingpöllum. Maður er grunaður um að hafa bitið og sparkað í lögreglumenn.**

**MÓTMÆLI** Sjö voru handteknir í Alþingishúsinu eftir að um þrjátíu mótmælendum var meinaður aðgangur að þingpöllum á þingfundi í gær. Tveir menn komust framhjá þingvörðum út á pallana og stöðvaðist starfsemi þingsins þegar þeir hófu hróp og köll á borð við „drullið ykkur út" og „þetta hús gegnir ekki hlutverki sínu lengur". Ryskingar urðu í anddyri þinghússins þegar vísa átti hópnum á dyr.

Hin handteknu, sex karlar og ein kona, voru færð á lögreglustöðina og sleppt að loknum yfirheyrslum. Einn karlmaður er grunaður um að hafa bitið tvo lögreglumenn og sparkað í þann þriðja. Hinum var gefið að sök að hafa ekki hlýtt tilmælum lögreglu. Einnig meiddist þingvörður þegar honum var skellt utan í ofn í þinghúsinu, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra. Hann telur meiðslin ekki alvarleg.

Allt tiltækt lið lögreglu var kallað til þegar til ryskinga kom milli mótmælenda og þing- og lögregluvarðar, en að sögn eins mótmælenda var hópurinn stöðvaður í miðjum stiganum á leiðinni upp á þingpallana. Hún segir einnig að aðgerðir lögreglu hafi verið mjög harkalegar og að einhverjir mótmælenda hafi slasast í átökunum

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, segir að mat þeirra sem sinna öryggismálum á þinginu hafi verið að þarna væri á ferð hópur sem þyrfti að hindra í að komast á þingpallana. „Ég treysti þeirra mati og hef ekki fleiri meiningar um þeirra gjörðir."

Að sögn Sturlu var öllum starfsmönnum þingsins mjög brugðið við uppákomuna. „Þetta er mjög alvarlegt inngrip í störf þingsins, að grímuklæddur hópur skuli ryðjast með ofbeldi inn í þinghúsið. Við lítum þetta mjög alvarlegum augum," segir Sturla Böðvarsson.

kjartan@frettabladid.is



**LÁRÉTTUM VARPAÐ Á DYR** Sjö voru handteknir þegar til ryskinga kom milli mótmælenda og þingvarða og lögreglu við þingfund á fjórða tímanum í gær. Þurfti að seinka fundi um rúmlega klukkustund vegna þessa. Mótmælendur lýstu vantrausti á ríkisstjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## SEGJA LÖGREGLU HAFA GENGIÐ OF HART FRAM

Eftir uppákomuna í þinginu á fjórða tímanum í gær héldu milli tíu og tuttugu manns úr hópi mótmælenda að Lögreglustöðinni á Hverfisgötu til að mótmæla þeim handtökum sem gerðar voru í þinghúsinu. Á lögreglustöðinni var slegið upp fundi þar sem Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn fóru yfir málin með mótmælendum og svöruðu spurningum. Fjölmiðlafólki var meinaður aðgangur að fundinum að beiðni mótmælenda, samkvæmt Stefáni Eiríkssyni.

Mótmælendur sem blaðamaður ræddi við eftir fundinn á lögreglustöðinni, sem ekki vildu koma fram undir nafni, sögðu lögreglumenn hafa beitt óhóflegu valdi þegar kom til ryskinganna í þinghúsinu. Sögðu þeir að meðal annars hefði verið sparkað í liggjandi fólk og að móðir á fertugsaldri hefði verið dregin á hárinu niður stigann í þinginu. Auk þess hefðu mótmælendur verið kallaðir nöfnum eins og pakk og lýður jafnvel áður en til nokkurra ryskinga hafi komið.

Stefán Eiríksson segir að á fundinum hafi komið fram einhverjar kvartanir um að lögreglumenn hefðu gengið of hart fram í aðgerðum sínum. „Við bentum fólkinu á að ef einhverjar grunsemdir væru uppi um harkalegar aðgerðir af hálfu lögreglunnar ætti að kæra til ríkissaksóknara. En eftir því sem ég hef heyrt eru engar vísbendingar um að lögreglumenn hafi gengið of harkalega fram þarna," segir Stefán Eiríksson.



Mótmælendur við lögreglustöðina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


HÝSING OG REKSTUR TÖLVUKERFA

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000
Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BREYTINGAR**
Það eru ágæt hlýindi að taka land vestan til nú síðdegis en þó einkum í kvöld og nótt. Má búast við slyddu og síðar rigningu vestan til á landinu þegar líður á síðdegið og kvöldið. Þessi hlýindi ná yfir meginhluta landsins og á morgun verður hitinn víðast 5-10 stig með rigningu á víð og dreif einkum þegar líður á morgundaginn. Þá hvessir töluvert á landinu annað kvöld.



**Á MORGUN**
15-20 m/s um kvöldið annars mun hægari.

**MÁNUDAGUR**
10-15 m/s vestan til annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 5° |
| New York | 11° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 0° |
| París | 3° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




Öflugt háskólasamfélag er hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem nú bíður þjóðarinnar. Með miða í Happdrætti Háskólans leggur þú þitt af mörkum og átt um leið mikla möguleika á frábærum vinningum. Gakktu í hópinn og brostu og brostu!

- Þú færð miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að gefa ætti út kvóta fyrir hvali?*

| | |
|---|---|
| Já | 71,1% |
| Nei | 28,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fengið kartöflu í skóinn?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Pakistansher gerði árás á búðir hryðjuverkasamtaka í Kasmírhéraði:

# Höfuðpaur árása handtekinn

**PAKISTAN, AP** Pakistansher gerði í gær áhlaup á Lashkar-e-Taíba í hinum pakistanska hluta Kasmírhéraðs.

Samtökin eru grunuð um að hafa staðið á bak við árásirnar á Múmbaí í síðustu viku. Handteknir voru að minnsta kosti tólf manns, þar á meðal Zaki-ur-Rehman Lakhvi, sem er sagður hafa skipulagt árásirnar á Múmbaí.

Pakistönsk stjórnvöld sögðu fyrst eftir árásirnar ekkert hæft í ásökunum Indverja um að árásirnar hafi verið skipulagðar í Pakistan og framkvæmdar af Pakistönum.

Árásin á búðirnar í gær var fyrstu viðbrögð Pakistana svo vitað sé við þessum ásökunum, en Indverjar hafa áður sakað Lashkar-e-Taíba um að standa fyrir hryðjuverkum á Indlandi.



**MUZARAFFABAD Í KASMÍR** Skammvinnur skotbardagi braust út í búðum Lashkar-e-Taíba, sem eru skammt frá bænum Muzaraffabad. NORDICPHOTOS/AFP

Samtökin Lashkar-e-Taiba, eða „fátækraherinn“ eins og nafnið þýðir, voru stofnuð fyrir um aldarfjórðungi með vitneskju og aðstoð frá leyniþjónustu Pakistans. Tilgangur samtakanna var að berjast gegn Indverjum í Kasmírhéraði, sem Pakistanar gera kröfu til.

Samtökin voru bönnuð í Pakistan árið 2002 en því banni hefur lítt verið framfylgt.

Bandaríkin telja að samtökin séu í tengslum við Al-Kaída, samtök Osama bin Ladens. Indverjar og fleiri telja einnig að leyniþjónusta Pakistans haldi tengslum við Lashkar-e-Taíba, og notfæri sér þau gegn Indlandi eða í Afganistan. - gb

Fangelsi og skaðabætur:

# Sló og stórslasaði með glasi

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu skaðabóta að upphæð 400 þúsund krónur. Hann sló annan mann með bjórglasi á skemmtistað og stórslasaði hann.

Maðurinn sem fyrir árásinni varð hlaut nokkra skurði hægra megin á höfði og hálsi. Þar á meðal var tíu sentimetra skurður sem náði frá andliti niður á háls. Einnig minni skurður framan við eyra og nærri gagnauga. Taug hægra megin á enni mannsins fór í sundur við árásina.

- jss






# Styrkja þarf lagalega stöðu íslensks máls

**Íslensk málnefnd leggur til margvíslegar aðgerðir til að hlúa að íslenskri tungu. Hvorki er í stjórnarskrá né lögum kveðið á um að íslenska sé hér opinbert tungumál. Íslensk málnefnd hefur lagt fram tillögur að íslenskri málstefnu.**

**STJÓRNMÁL** Menntamálaráðherra hefur lagt til við Alþingi að það samþykki tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málum er varða íslenska tungu.

Í tillögunum segir að tryggja þurfi lagalega stöðu íslenskunnar sem þjóðtungu Íslendinga enda lagagrundvöllurinn ekki nógu traustur. Nefnd eru dæmi því til stuðnings.

Lagt er til að skipuð verði nefnd sérfróðra manna til að finna leið til að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og um leið íslensks táknmáls. Verði verkefni hennar meðal annars að leggja á það mat hvort skynsamlegt sé að bæta í stjórnarskrá sérstöku ákvæði um að íslenskan sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins.

Fjallað er um stöðu og horfur íslenskunnar á nokkrum sviðum þjóðlífsins, lögð til markmið og aðgerðir til að ná þeim.

Fram kemur að Íslendingar verji minni tíma til móðurmálskennslu í grunn- og framhaldsskólum en aðrar Norðurlandaþjóðir. Því þurfi yfirvöld menntamála að breyta. Þá þurfi að auka menntun kennara í íslensku. Einnig er varað við þróun í þá átt að sífellt fleiri námskeið eru kennd á ensku í háskólum landsins.

Fjallað er um tungumál og tölvur og kemur fram að ólíkt því sem gerist í grannlöndunum noti svo til allir Íslendingar Windows-stýrikerfið á ensku. Í grannlöndunum noti fólk flestan hugbúnað á móðurmáli sínu. Leggur Íslensk málnefnd til að allur almennur notendahugbúnaður í öllu skólakerfinu, Stjórnarráði Íslands og öllum opinberum stofnunum verði á íslensku innan þriggja ára.

Í lokaorðum Íslenskrar málnefndar segir að staða tungunnar nú um stundir sé sterk en mikilvægt að sofna ekki á verðinum þannig að einstök umdæmi glatist og erlent mál verði þar ríkjandi. Hnykkt er á þeirri staðreynd að tungan sé sameign allrar þjóðarinnar og þjóðin sjálf beri á henni mesta ábyrgð.

bjorn@frettabladid.is

### HIÐ OPINBERA TUNGUMÁL EKKI LÖGFEST

- Hvergi er í stjórnarskrá eða lögum kveðið á um það að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands.
- Hvergi er í lögum kveðið á um það að íslenska skuli notuð í störfum Alþingis Íslendinga.
- Hvergi er kveðið á um það að lög, reglugerðir og lögskýringargögn á Íslandi skuli vera á íslensku.
- Hvergi er kveðið á um það í lögum að íslenska skuli notuð í störfum Stjórnarráðs Íslands eða sveitarstjórna á Íslandi.
- Hvergi er kveðið á um það í lögum að íslenska skuli notuð í almannaþjónustu sem kostuð er af opinberu fé, svo sem í heilbrigðiskerfi.

*Dæmi um bága lagalega stöðu íslenskunnar.*



**ÆSKAN** Íslendingar verja minni tíma til móðurmálskennslu í grunn- og framhaldsskólum en aðrar Norðurlandaþjóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Marta Guðjónsdóttir



Anna Kristinsdóttir



Vilhjálmur Árnason



Salvör Nordal



Sólveig Bóasdóttir

Reykjavíkurborg

## Hvað eru mannréttindi?

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar stendur fyrir opnum morgunverðarfundi í Iðnó í tilefni af 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

**Dagskrá:**

**08:30** **Setning fundar**
*Marta Guðjónsdóttir, formaður mannréttindaráðs.*

**08:35** **Hlutverk mannréttindaskrifstofu**
*Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar.*

**08.45** **Mannréttindahugtakið**
*Vilhjálmur Árnason prófessor í heimspeki*

**09.00** **Mannréttindi og tjáningarfrelsið**
*Salvör Nordal, prófessor í heimspeki.*

**09:15** **Framtíð mannréttinda**
*Dr. Sólveig Bóasdóttir, guðfræðingur.*

**09:30** **Fyrirspurnir og umræður**

**10:00** **Fundarlok**

**10. desember 2008**
**kl. 8:30-10:00**



**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**
**Aðgangur ókeypis**


**Neytendur:** Verðkönnun Dr. Gunna

# Morgunkorn í Bónus og Krónunni



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Úti á Granda, sitt hvoru megin við Fiskislóð, standa helstu lágvöruverslanirnar tvær, Bónus og Krónan. Hvernig skyldu þær standa sig í samkeppninni? Í hádeginu í gær rölti ég á milli búðanna og athugaði verð á innfluttu morgunkorni. Vörurnar voru greinilega verðmerktar í báðum verslunum og kílóverðið gefið upp. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi.




**KORN FLAKES, CHERRIOS OG COCOA PUFFS** Ódýrara í Bónus en Krónunni.

| Tegund | Bónus | Krónan | Samanburður |
|---|---|---|---|
| Kelloggs Corn Flakes | 598 kr. (1 kg) - **598 kr./kg** | 626 kr. (750 gr) **835 kr./kg** | Kílóið er **28% ódýrara í Bónus**. |
| Cheerios | 328 kr. (518 gr) - **633 kr./kg** | 329 kr. (397 gr) - **829 kr./kg** | Kílóið er **24% ódýrara í Bónus.** |
| Cherrios Honey Nut | 535 kr. (715 gr) - **748 kr./kg** | 349 kr. (482 gr) - **724 kr./kg** | Kílóið er **3% ódýrara í Krónunni.** |
| Cocoa Puffs | 336 kr. (465 gr) - **722 kr./kg** | 359 kr. (335 gr) - **1072 kr./kg** | Kílóið er **33% ódýrara í Bónus.** |
| Weetos | 598 kr. (500 gr) - **1196 kr./kg** | 457 kr. (375 gr) - **1219 kr./kg** | Kílóið er **2% ódýrara í Bónus**. |
| Quaker Havre Fras | 435 kr. (375 gr) - **1160 kr./kg** | 529 kr. (500 gr) - **1058 kr./kg** | Kílóið er **9% ódýrara í Krónunni**. |
| Gott fæði Granóla | 528 kr. (1 kg) - **528 kr./kg** | 448 kr. (450 gr) - **996 kr./kg** | Kílóið er **47% ódýrara í Bónus**. |
| Kelloggs Rice Crispies | 689 kr. (600 gr) - **1148 kr./kg** | 489 kr. (450 gr) - **1087 kr./kg** | Kílóið er **5% ódýrara í Krónunni**. |
| Kelloggs All bran | 598 kr. (750 gr) - **797 kr./kg** | 385 kr. (500 gr) - **770 kr./kg** | Kílóið er **3% ódýrara í Krónunni**. |
| Lucky Charms | 489 kr. (454 gr) - **1077 kr./kg** | 490 kr. (454 gr) - **1079 kr./kg** | Kílóið er **0.2% ódýrara í Bónus**. |

TempraKON®

# Hlýjar jólagjafir




**Fylgir öllum rúmum !**

Bókin „Þú getur" eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.

## Jólagjöfin þín

**TempraKON®** hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



**TEMPUR®** heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



**TEMPUR®** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



**TempraKON®** dúnsokkar
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 5.900,-



## Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu miklu fé þarf að eyða í Reykjanesbæ til þess að fá ókeypis gistingu á Hótel Keflavík?*
2. *Við hvaða konu er nývígð kirkja í Grafarholti kennd?*
3. *Hvað heitir ný plata Steed Lord?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Verulega sjónskertur þátttakandi úr X-faktor sem hrasaði um keðju og slasaðist:

# Engar bætur frá Kringlunni

**DÓMSMÁL** X-faktor stjarnan Inga Sæland Ástvaldsdóttir fær ekki dæmdar bætur vegna áverka sem hún fékk á olnboga á bílastæði Kringlunnar á Þorláksmessu fyrir fjórum árum.

Í gögnum Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að Inga var nýstigin út úr bíl þegar hún hrasaði um keðju sem sett hafði verið upp milli tveggja stólpa og átti að varna umferð þar um. Kvaðst Inga hafa steypst fram fyrir sig og lent harka-lega á malbikinu. Afleiðingar slyssins séu varanlegar. Hún hafi tognað á olnboga og blætt í olnbogaliðinn.

Í kröfu Ingu kom meðal annars fram að hún væri sjóndöpur. Starfsmönnum Kringlunnar ætti að vera ljóst að verslunarmiðstöðin er ekki aðeins opin þeim sem hafa fullkomna sjón og ættu að vita að sjóndaprir séu í meiri hættu gagnvart leyndum hættum við jörðina.



**INGA OG FÉLAGAR ÚR X-FAKTOR** Inga missti framan af fingri þegar X-faktor var sýndur á Stöð 2. Fyrir fjórum árum steyptist hún á höfuðið við Kringluna.

Kringlan hafnaði fullyrðingum Ingu um að frágangur keðjunnar hafi verið óeðlilegur. Inga sé verulega sjónskert og nánast lögblind og einmitt þess vegna hafi hún átt að sýna sérstaka aðgæslu. Héraðsdómur tók undir þetta.

Þess má geta að Inga meiddist illa á fingri þegar hún klemmdist í bílhurð þegar upptökur á X-faktor þáttunum á Stöð 2 stóðu yfir. Tryggingafélag bílsins neitaði að greiða bætur og Inga tapaði málinu fyrir dómi. **- gar**

Áfram viðræður um Árvakur:

# Hluti launa er enn ógreiddur

**VIÐSKIPTI Viðræður um aðkomu nýrra hluthafa að Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, ganga þokkalega, en lítið er hægt að segja á þessu stigi, segir Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs.**

**Hann segir marga hafa lýst áhuga á því að eignast hlut í félaginu, sem hefur átt í talsverðum greiðsluerfiðleikum, og er mjög skuldsett.**

**Ekki hefur enn tekist að greiða öllum starfsmönnum laun. Einar segir að rúmlega níu tíundu hluta launanna hafi þegar verið greiddir og vonir standi til þess að fljótlega takist að greiða það sem upp á vanti. - bj**

Nágrannadeila í Hafnarfirði

# Boða sekt fyrir gervihnattadisk

**SKIPULAGSMÁL** Hafnarfjarðarbær ætlar að leggja dagsektir á eigendur húss í Lindarbergi ef þeir fjarlægja ekki gervihnattadisk af lóð sinni. Forsaga málsins er sú að íbúar í næsta húsi hafa gert ítrekaðar athugasemdir við gervihnattadiskinn sem er á lóðarmörkunum.

Í júní gerði skipulags- og byggingarfulltrúi eiganda disksins að sækja um leyfi fyrir diskinum því uppsetning hans væri byggingarleyfisskyld. Ella yrði hann að fjarlægja diskinn. Þrátt fyrir ítrekanir yfirvalda hefur ekki verið sótt um leyfið. Hefja átti dagsektir 1. nóvember síðastliðinn yrði diskurinn ekki fjarlægður. Sá frestur hefur nú verið framlengdur til 1. janúar á nýju ári. **- gar**

**LÖGREGLUMÁL**

### Elduðu sprengiefni á hellu

Sprenging varð í potti á eldavélarhellu í íbúð á Njálsgötu skömmu eftir hádegi í gær. Að sögn slökkviliðs voru unglingar að fikta með heimagert sprengiefni í potti þegar blandan sprakk. Ekki urðu slys á fólki, en slökkvilið reykræsti íbúðina.

**KJARASAMNINGAR**

### Samningar við Elkem

Kjarasamningur Verkalýðsfélags Akraness við Elkem hefur verið samþykktur með 80 prósent greiddra atkvæða.

# Miðbær Aþenu hulinn reyk á þriðja degi mikilla óeirða

**Mótmæli og óeirðir voru í Grikklandi þriðja daginn í röð síðan lögreglan skaut 15 ára nemanda. Enginn veit hvernig þetta endar, segir grískur blaðamaður. Engu líkara en lögreglan hafi staðið í götubardaga.**

**GRIKKLAND** „Aldrei áður hefur það gerst að slík ólæti og mótmæli eigi sér stað þrjá daga í röð,“ segir Kostas Kyriakopolos blaðamaður á Eleftheritypia en mikil ólga hefur verið í stærstu borgum Grikklands frá því að 15 ára nemandi var skotinn til bana af lögreglumanni á laugardagskvöld. „Um 400 til 500 verslanir í Aþenu hafa orðið fyrir miklu tjóni og bera sig að sjálfsögðu ekki vel nú þegar kaupmenn eru að búa sig undir jólaannir. Miðbær Aþenu er hulinn reyk og allt er á tjá og tundri“



**KOSTAS KYRIAKOPOULOS**

Fjöldi fólks slasaðist í átökum gærdagsins og 20 voru handteknir. „En það jákvæða er að hér hafa farið fram mótmæli ungs fólks um allt land, jafnvel í minnstu þorpum, þar sem fólk vill láta óánægju sína í ljós. Unga fólkið hefur ærna ástæðu til að láta í sér heyra og það er alls óskylt ólátunum þar sem öfgamenn fara fram með miklu of-forsi, sá hópur er í raun alltaf að leita að ástæðu til að fara gegn yfirvöldum.“



**Í AÞENU Í GÆR** Nemandi lætur óeirðarlögreglumenn hafa rauðar rósir til marks um það að allir ættu að syrgja drenginn sem lét lífið eftir útistöður við lögreglu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkvæmt nýrri rannsókn sem The London School of Economics gerði í samvinnu greiningafyrirtækið Kapa Research býr þriðji hver Grikki undir eða nálægt fátæktarmörkum sem miðast við 470 evrur á mánuði. Frá þessu greinir IPS fréttastofan. Í könnun sem gerð var samhliða rannsókninni kemur fram að um 60 prósent landsmanna hafa áhyggjur af því að þurfa aðstoð til þess að sjá fyrir sér. Fyrir nokkrum árum fékk almenningur í Grikklandi mun meira aðgengi að lánsfé en hann hafði áður haft en síðustu ár hefur verðlag hækkað mikið meðan laun hafa nánast staðið í stað.

Kostas hefur verið blaðamaður í 20 ár. Spurður hvort þetta séu mestu umbrot sem hann hafi skrifað um segir hann: „Nei, ekki ennþá. En það gæti hæglega farið svo að þau yrðu það. Þetta er þriðji dagurinn og það liggur mikið í loftinu, enginn veit hvaða enda þetta tekur. Fólk er reitt, þarna lætur drengur lífið í átökum sem virðast satt að segja kjánaleg, það var engu líkara en lögreglan væri þarna í tilgangslausum götubardaga.“

Lögreglumaðurinn sem skaut drenginn er í gæsluvarðhaldi.

**jse@frettabladid.is**






**ALEX GRIGOROPOULOS** Forsætisráðherra Grikklands hefur beðið foreldra drengsins sem var 15 ára afsökunar á framferði lögreglu.

## ATBURÐARÁSIN Á LAUGARDAGSKVÖLD

Lögregluyfirvöld greina frá atburðinum þannig, í gríska dagblaðinu Ta Nea, að um klukkan níu á laugardagskvöld hafi þrjátíu manna hópur ungmenna gert atlögu að lögreglubíl með því að kasta að honum grjóti og spýtum. Eftir að hafa lagt bílnum skammt frá komu lögreglumennirnir tveir að hópnum og var þá kastað að þeim steinum og öðru. Annar lögreglumaðurinn var við það að kasta táragassprengju en hinn hleypti af tveimur skotum upp í loft en síðan einu á götuna í þeim tilgangi að fæla hópinn burt. Segist hann ekki hafa vitað að síðasta skotið hæfði hinn 15 ára Alex Grigoropoulos fyrr en yfirmenn hans sögðu honum frá því í talstöðinni nokkrum mínútum síðar.

Vitni sem sögðu frá atburðinum í dagblaðinu Ta Nea og eins á sjónvarpsstöðinni Mega Channel segja hins vegar að þarna hafi verið um tíu manna hópur sem vissulega hafi látið ófriðlega. Þegar hann stóð andspænis lögreglumönnunum tveimur, og um 10 til 15 metrar voru á milli, þá kom til snarpra orðaskipta með ögrunum á báða bóga. Segja þeir hópinn ekki hafa kastað grjóti að lögreglu. Annar lögreglumaðurinn miðar svo byssu sinni að drengnum og hleypir af tvívegis, drengurinn fellur niður en lögreglumenn skeyta engu um það að sögn vitna. Í fyrirsögn forystugreinar blaðsins segir: Morð af ásettu ráði. Eitt vitnanna segir á Mega Channel um lögreglumanninn: „Þessi kom til að drepa.“ **- jse**



HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN



**KOSNINGABARÁTTA Í GANA** Stuðningsmaður Nana Akufo-Addo, forsetaframbjóðanda stjórnarflokksins í Gana, mætti vel skreyttur á kosningafund í höfuðborginni Accra á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hluthafar í Íslenskri afþreyingu hafa frest til 15. desember hafi þeir hug á að eignast hlut í 365 miðlum:

# Jón Ásgeir enn eini eigandi 365 miðla

**FJÖLMIÐLAR** Sýn ehf., félag Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, er enn eini eigandi 365 miðla, sem gefa meðal annars út Fréttablaðið og reka Stöð 2. Rúmur mánuður er síðan Jón Ásgeir keypti fjölmiðlahluta 365 hf.

Jón Ásgeir fullyrti við kaupin að þeir sem áður áttu hlut í 365 miðlum í gegnum 365 hf. fengju tækifæri til að kaupa í 365 miðlum, í samræmi við eignarhald þeirra í 365 hf. Hluthafar í Íslenskri afþreyingu hf., sem áður hét 365 hf., eru um 650.

Rauðsól ehf., félag í eigu Jóns Ásgeirs, keypti 365 miðla af 365 hf. 1. nóvember síðastliðinn. Síðar breytti félagið Rauðsól tvívegis um nafn, varð fyrst Ný Sýn og síðar Sýn.

Kaupverðið var 1,5 milljarðar króna í reiðufé, auk þess sem 4,4 milljarða króna skuldir voru yfirteknar, samkvæmt upplýsingum frá 365 miðlum.

Stærstu hluthafarnir í Íslenskri afþreyingu eru Baugur og Stoðir, en um 20 hluthafar eru langsamlega stærstir. Eftir að 365 miðlar var keypt út úr félaginu snýst rekstur þess um afþreyingu, en félagið rekur Senu og á 63 prósenta hlut í EFG (European Film Group), sem á meðal annars Saga Film. - bj




Gagnrýnandi Íraksstríðsins:

## Shinseki verður í ráðherraliðinu

**BANDARÍKIN, AP Eric K. Shinseki, bandarískur herforingi af japönskum ættum, verður ráðherra í ríkisstjórn Baracks Obama.**

**Shines var yfirmaður herráðs bandaríska landhersins árin 1999-2003 og lenti oft í útistöðum við Donald Rumsfeld, þáverandi varnarmálaráðherra, og aðra ráðmenn bandaríska, ekki síst út af efasemdum hans um Íraksstríðið.**

**Einna verst þótti Rumsfeld þegar Shinseki fullyrti að hundruð þúsunda bandarískra hermanna gætu þurft að vera í Írak árum saman til að hafa stjórn á hlutunum þar í kjölfar innrásar Bandaríkjahers.**

**Shinseki verður ráðherra málefna fyrrverandi hermanna.** - gb

Náttúruverndarsamtök Íslands vegna hugmynda um stærra lón:

## Laxá í Laxárdal er friðuð

**VIRKJANIR** Náttúruverndarsamtök Íslands hafa sent frá sér yfirlýsingu í kjölfar hugmynda um að stækka lón Laxár í Aðaldal. Þar er minnt á að áin er friðuð og óheimilt sé að breyta rennsli hennar.

Hámarksframleiðslugeta Laxárvirkjunar að vetri til, þegar aðeins tvær af þremur virkjunum eru í gangi, eru 22 MW, en nú framleiðir hún um 13 MW. Krapi og ís koma í veg fyrir að hægt sé að nýta inntakslónið til fulls. Valur Hólm Sigurjónsson stöðvarstjóri sagði í fréttum RÚV í gær að til verulegra bóta yrði að hækka stífluna um átta metra. Landeigendur hafa lýst yfir andstöðu sinni.

Í yfirlýsingu Náttúruverndarsamtakanna segir að inntak virkjunarinnar hafi verið hannað fyrir virkjun sem aldrei reis, vegna Laxárdeilunnar. Opið standi því upp úr og ís eigi greiða leið inn í aðrennslisgöngin.

„Þetta á að vera hægt að laga án þess að eyðileggja einhvern fallegasta dal landsins með uppistöðulóni," segir í yfirlýsingu samtakanna. Oft hafi verið bent á leiðir til að veita ísnum fram hjá opinu. „Þær leiðir hafa, eftir því sem næst verður komist, ekki verið skoðaðar í alvöru vegna þess að uppistöðulón er sú lausn sem Landsvirkjun einblínir á." - kóp



**STÍFLA Í LAXÁ** Hugmyndir hafa verið uppi um að hækka stíflu í Laxá um átta metra, en áin er friðuð.

Vandi á Hótel Hellnum:

## Rotþró ógn við vatn hótelgesta

**UMHVERFISMÁL** Guðrún G. Bergmann, eigandi Hótels Hellna, segir að rotþró fyrir þorpið Plássið á Hellum sé ógn við neysluvatn hótelsins. Guðrún vill að bæjaryfirvöld í Stykkishólmi sjái til þess að rotþróin verði færð til eins og gert sé ráð fyrir á skipulagi af svæðinu þannig að komið sé í veg fyrir hættu á mengun á vatninu. Umhverfis- og skipulagsnefnd bæjarins segir að heilbrigðisfulltrúi sé nú með rotþróna til skoðunar. - gar



**GUÐRÚN G. BERGMANN**


www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

ÚRVALSBÍLL Klettháls 2



Toyota Corolla H/B
1400 bensín, 5 gíra
Á götuna: 09.06. Ekinn: 34.000
Verð: 2.060.000 kr. Skr.nr. PD-008

ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4



Toyota Hilux
2500 dísel, 5 gíra
35" breyttur með hlutföllum, krómgrind, heitklæðning í palli, dráttarbeisli.
Á götuna: 09.06. Ekinn: 25.000 km
Verð: 4.190.000 kr. Skr.nr. KX-340

ÚRVALSBÍLL Klettháls 2



Toyota Yaris
1400 dísel, sjálfsk.
Á götuna: 03.06. Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. ML203

ÚRVALSBÍLL Klettháls 2



Toyota Avensis Sol
1800 bensín, 5 gíra
Á götuna: 05.07. Ekinn: 48.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. OH-403

ÚRVALSBÍLL Klettháls 2



Toyota RAV4 GX
2000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.06. Ekinn: 55.000 km
Verð: 3.440.000 kr. Skr.nr. MZ-655

ÚRVALSBÍLL Klettháls 2



Toyota Aygo
1000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 01.07. Ekinn: 5.000 km
Verð: 1.640.000 kr. Skr.nr. DD-746

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44399 12.2008

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

NÝTT ÚTIBÚ
Betri Notaðir Bílar
Klettháls 2
Reykjavík
Sími: 570-5220

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

**Allt sem gerst hefur, getur gerst
og allt sem getur gerst, gerist
– í tímans eilífu elfu.**

# VÁFUGL

## eftir Hall Hallsson






„Þegar spennan byrjaði greip *Váfugl* mig algerlega. Hallur nær alveg tökum á því að vera þriller-höfundur.“
*Bjarni Harðarson, fyrrv. alþingismaður.*

„Hallur ritar fallega íslensku; hraður stíll og skemmtilegur. Bókin fer hægt af stað en rífur sig upp og lokin eru verulega spennandi.“
*Soffía Ófeigsdóttir, bókmenntafræðingur.*

„*Váfugl* er sagnfræði, samtímasaga, framtíðarsýn og spennutryllir. Afar áhugaverð bók um áhugavert efni.“
*Jón Kr. Snæhólm, stjórnmála- og sagnfræðingur.*

„Ótrúlega tímabær umræða um Evrópumál.“
*Ingvi Hrafn Jónsson, ÍNN.*

„Ég skemmti mér konunglega, frábær lesning og einstaklega sniðuglega sett fram.“
*Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri.*

Í skáldsögu minni *Váfugli* fjalla ég um stærsta álitaefni okkar samtíma; samskipti Íslands og Evrópusambandsins.

Á 19. öld var Ísland við ysta haf, en reif sig undan danskri stjórn á 20. öld, komst í þjóðbraut og lykilstöðu í Kaldastríðinu. Ísland varð áhrifamesta smáríki í heimi. Nú er Ísland aftur á áhrifasvæði Evrópu.

Getur Ísland staðið á eigin fótum út við ysta haf? Vill þjóðin standa utan Evrópusambandsins? Verður Evrópa bandalag þjóða eða sameinast álfan? Hvernig líður Ísland í evrópsku stórríki: útkjálki eða dýnamískt og öflugt? *Váfugl* er spennusaga þar sem Ísland er hérað í Evrópu og sækir fram til sjálfstæðis.



VÖXTUR Bókaútgáfan Vöxtur — www.vafugl.is







## „ORÐRÉTT“

*Klassískt*

**„Við ætluðum okkur stóra hluti í bikarnum en það hafðist ekki og við verðum nú bara að sleikja sárin og koma sterkari til baka.“**

ARON KRISTJÁNSSON ÞJÁLFARI HAUKA EFTIR TAP FYRIR FH
Fréttablaðið 8. desember

*Rétti tónninn*

**„Við slógum þann tón að tala fyrir bjartsýni, kjarki og að þjóðin fylkti sér saman um að takast á við erfiðleikana og það fékk góðar undirtektir.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FORMAÐUR VG UM FLOKKSRÁÐSFUND
Morgunblaðið 8. desember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR JARÐFRÆÐINGUR:

## *Glímir við jólaseríur og fagnar snjónum*



„Ég er nú nýkomin úr góðu yfirlæti austur á Egilsstöðum um helgina,“ segir Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur og fyrrum varaformaður Orkuveitu Reykjavíkur.
„Ég var þar að heimsækja eiginmanninn minn en nú er ég að glíma við jólaseríurnar mínar og þær leiddu hugann að Orkuveitu Reykjavíkur og breyttri stefnu þar á bæ,“ segir hún.
Ásta hætti sem varaformaður Orkuveitunnar þegar síðasti meirihluti í Reykjavík tók við völdum, en Ástu eru umhverfismálin mjög hugleikin.
„Já, ég hef eytt drjúgum tíma í dag að velta Orkuveitunni fyrir mér, maður áttar sig ekki á því hvað maður hefur mikil áhrif í svona stjórn fyrr en maður er kominn út úr henni.
Ég hef verið að hugsa sérstaklega um Bitruvirkjun, sem er síðasta framkvæmdin sem maður hefði haldið að fara ætti í áður en búið er að leysa útblástursmálin. Ég hélt að það hefði verið komið samkomulag um að taka Hverahlíðarvirkjun á undan Bitruvirkjun.
Svo fer raforkan öll í einn iðnað og raforkuverðið miðast því við álverð, sem hefur nú lækkað um helming. Það þarf því að gera mun ríkari kröfu um að svona fyrirtæki dreifi áhættunni,“ segir Ásta.
Annars hlakkar hún til jólanna og fagnar því að rósirnar hennar séu komnar undir hvíta og mjúka ábreiðu snjósins.

## LAUFABRAUÐ



Ekki er vitað hvenær fyrst var farið að steikja laufabrauð hér á landi en í orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík, frá fyrri hluta 18. aldar, er það kallað „sælgæti Íslendinga“.
Laufabrauð eru þunnar og stökkar hveitikökur sem mörgum finnst ómissandi á jólum. Mikið hveiti er í kökunum, en stundum er blandað í þær rúgméli eða heilhveiti. Kökurnar eru sérlega þunnar og er talið að það stafi af hveitiskorti fyrr á öldum.
Í Laufabrauðið er skorið ýmis konar mynstur áður en það er steikt, aðallega hið fléttaða laufamynstur sem brauðið er kennt við.

Knattspyrna á Ísafirði:

## Stúlkum boðið á boltaæfingar

**ÍÞRÓTTIR** „Eftir að landsliðið tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótinu í Finnlandi næsta sumar virðist sem kvennaknattspyrnan sé í mikilli sókn úti um allt land, nema hér hjá okkur. Þessu viljum við breyta og ákváðum því að prófa þessa leið,“ segir Birna Jónasdóttir, knattspyrnuþjálfari hjá Boltafélagi Ísafjarðar, BÍ88. Félagið ætlar að bjóða öllum stúlkum í 1. til 6. bekk á knattspyrnuæfingar einu sinni í viku, þeim að kostnaðarlausu.
Fyrsti tíminn var á föstudaginn var. „Það mættu margar stelpur og þær ætla að koma aftur næst. Vonandi taka þær vinkonurnar með,“ segir Birna.
- kg




# Borga fyrir góðæri liðinna ára

**Kreppan kemur niður á fjölmörgum, ekki síst þeim lægra launuðu í þjóðfélaginu, og birtingarmyndir kreppunnar eru ýmsar þó að enn séu áhrifin ekki að fullu komin fram. Í mörgum tilfellum er fólk komið í hlutastarf og atvinnuleysisbætur á móti og ýmsir eru að velta fyrir sér að fara í nám. Flestir reyna þó að taka á erfiðleikunum með jákvæðum og uppbyggilegum hætti eins og sjá má á viðtölum við fólk í þessum sporum.**

Alexander Skaltsogiannis:

## Draumurinn fór á hvolf

Alexander Skaltsogiannis, kokkur frá Grikklandi, var að uppfylla draum með því að koma til Íslands til að vinna sem matreiðslumaður á veitingastað. Hann hafði unnið í tvo mánuði þegar honum var sagt upp vegna ástandsins í þjóðfélaginu. „Allt fór á hvolf í lífi mínu,“ segir hann.
Alexander hefur unnið sem kokkur í fjölmörgum Evrópulöndum og fannst alltaf eitthvað vanta upp á en þegar hann kom til Íslands fannst honum allt smella saman. Hann segist hafa komið til Íslands til að vinna í nokkur ár en það hafi ekki gengið upp svo nú neyðist hann til að fara úr landi.
- ghs



**ALLT Á HVOLF** „Allt fór á hvolf,“ segir Alexander Skaltsogiannis, kokkur frá Grikklandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BIÐJUM FYRIR ÍSLANDI** „Við biðjum fyrir Íslandi,“ segir Dorian Prince, ræstitæknir frá Breska Gvæjana.

Dorian Prince ræstitæknir:

## Ég hef trú á ríkisstjórninni

**Dorian Prince er ræstitæknir frá Breska Gvæjana og hefur búið á Íslandi í tólf ár. Starfshlutfall hennar hefur verið minnkað um helming. Hún vinnur núna fjóra tíma á dag og fær atvinnuleysisbætur á móti í fjóra tíma á dag.**
**„Ég hef þörf fyrir meiri vinnu en ég bíð róleg, ég er þolinmóð,“ segir hún. „Ég hef trú á ríkisstjórninni.“**
**Efnahagsástandið hefur mikil áhrif á Dorian og mann hennar sem er sjómaður. „Allt hefur hækkað gríðarlega, afborganir af húsinu okkar. Við biðjum fyrir Íslandi. Við biðjum guð um að breyta ástandinu og leysa efnahagsvandann á Íslandi mjög fljótt.“** - ghs

Elín Jakobsdóttir:

## Erfitt að ná endum saman

**Elín Jakobsdóttir hefur starfað sem fyrirsæta, aðallega í París og Berlín, síðustu ár. Hún flutti heim í apríl og reyndi að finna sér vinnu en „það gengur ekki neitt“, segir hún. Elín ætlar að halda áfram að leita sér að vinnu eða fara í skóla og læra þá sálfræði.**
**„Atvinnurekendur segjast vera að minnka við alla vinnu eða ekki taka við nýju fólki. Allir í kringum mig hafa misst vinnuna um þriðjung og upp í helming,“ segir hún og telur að ef skólarnir breyti reglunum og fari að taka inn fólk séu allir „að fara að skrá sig í skóla. Allir.“**
**Elín er 22 ára og býr hjá afa sínum. „Ég bý hjá afa mínum núna og það er erfitt fyrir hann að ná endum saman. Þetta er hræðilegt.“** - ghs



**ALLIR Í SKÓLA** Allir eru „að fara að skrá sig í skóla“, segir Elín Jakobsdóttir fyrirsæta og veltir fyrir sér að fara sjálf í skóla.



**BETRA EN MARGUR** „Ég hef það svo sem ágætt, betra en margur,“ segir Hörður Friðriksson nemi.

Hörður Friðriksson nemi:

## Fer líklega bara aftur í skólann

„Ég er atvinnulaus í augnablikinu en ég hef það svo sem ágætt, betra en margur. Ég er ekki með íbúðarlán svo að ég hef það svo sem ágætt. Ég leigi herbergi og er ekki í neinum stórskuldum. Ég er vel stæður þannig séð,“ segir Hörður Friðriksson, nemi í rafvirkjun.
Hörður er nýlega orðinn atvinnulaus og hefur skráð sig á atvinnuleysisskrá. „Mér sýnist ekki mikla vinnu að hafa í augnablikinu. Kannski skellir maður sér bara í skóla og klárar rafvirkjann. Ég á fullt eftir af náminu og var bara á byrjunarstigi þegar ég fór að vinna.“ - ghs

Sigurður Baldursson:

## Lögin til bóta fyrir einyrkja

Sigurður Baldursson þakgerðarmaður hefur verið sjálfstætt starfandi síðustu fimm árin. Sigurður hefur áður kynnst atvinnuleysi en þetta er í þriðja sinn sem hann missir vinnuna. Áður var hann líffræðingur og þar áður verkamaður. „Þetta gerist á fimm til átta ára fresti en það er bara fínt að geta skipt um,“ segir hann.
Sigurður er ánægður með nýju lögin sem heimila sjálfstætt starfandi fólki að minnka við sig starfshlutfall. „Lögin gefa sjálfstætt starfandi einyrkjum að minnka við sig starfshlutfall í fimmtíu prósent þannig að ég get haldið þetta út í sex mánuði í stað þess að loka fyrirtækinu alveg. Lögin eru til bóta en ríkisstjórnin þarf að fara frá eins og skot.“ - ghs



**FARA FRÁ** „Ríkisstjórnin þarf að fara frá,“ segir Sigurður Baldursson þakgerðarmaður.

# Tvær frábærar leiðir til að eignast atvinnuhúsnæði
# Kistumelur 14 og 18



# Fjárfestar

## Fjárfestið í atvinnuhúsnæði, 8-10%  ávöxtun vísitölutryggð

### *Það býður engin betur í dag*

- **þú fjárfestir** í góðu atvinnuhúsnæði
- **þú færð** leigutekjur borgaðar mánaðarlega næstu þrjú árin
- **þú ávaxtar** peningana þína örugglega, tekjurnar eru vísitölutryggðar
- **þú færð** 8% - 10% ávöxtun á ársgrundvelli
- **þú færð** jafnvirði 26% endurheimtun af kaupvirði næstu þrjú árin
- **þú ert öruggur** með greiðsluna, því hún er tryggð með bankaábyrgð eða í handveðsbók

**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Nýtt 285,2fm atvinnuhúsnæði sem kostar | 41.354.000,- |
| Mánaðarlegar leigutekjur | 285.000,- |
| Heildarleigutekjur á þrem árum eru því án hækkunar vísitölu neysluverðs | **10.267.200,-** |

### *Fyrir fjárfesta stærri sem smærri*

Fjárfestingarleiðinni fylgja þriggja ára leigutrygging með 8-10% ársávöxtun. Með öðrum orðum þú fjárfestir í fasteign,  við tryggjum þér mánaðarlega greiðslur í samtals 36 mánuði og sjáum um að áframleigja til tryggra leigjenda. Greiðslan er tryggð með bankaábyrgð eða á handveðsreikningi hvort sem hentar kaupanda betur



# Leigðu og eigðu

## Engin áhætta

### *Leigðu og eigðu fyrir notendur atvinnuhúsnæða*

Fyrirtæki hafa 16 mánuði til að ákveða hvort þau vilja fjárfesta í húsnæðinu.  Ef þau ákveða að kaupa eignina að þeim tíma loknum ganga allar leigutekjurnar upp í kaupverð, ef ekki geta viðskiptavinir gengið úr húsnæði án allra kvaða.

- **þú gerir** 16 mánaða leigu-kaupréttarsamning
- **þú hefur** jafn langan tíma til þess að ákveða hvort þetta  sé rétta fasteignin fyrir þinn rekstur
- **Leigan** gengur upp í kaupverðið, ef þú ákveður að kaupa innan kaupréttartímans
- **þú sparar** um leið og þú borgar leiguna
- **Þú færð** fimmtán prósent lægra leiguverð en listaverð okkar næstu 16.mánuðina

**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Nýtt 129,2 fm atvinnuhúsnæði sem kostar | 20.026.000,- |
| Leiga á mánuði 850kr per fm samtals | - 109.820,- |
| Í lok samningstímans eru greiddar | - 1.757.120,- |
| Kaupverð eftir 16 mánuði | **18.268.880,-** |

## Um byggingarnar og fyrirtækið:

Kistuhlíð ehf. er rekstrarfélag sem sér um heildarlausnir fyrir fyrirtæki og fjárfesta stærri sem smærri. Eignaraðild fyrirtækisins skiptist milli fagfjárfesta og manna með mikla reynslu af byggingariðnaði. Húsin skiptast í misstóra eignarhluta frá 130 fm-285,2 fm og hægt er að sameina fleirri eignarhluta allt eftir þörfum hvers og eins.
Afhending eigna er desember og Janúar.

**Helstu atriði um húsin**

- Mikil lofthæð
- Stórar innkeyrsludyr
- Lýsing við innkeyrsludyr
- Falleg hönnun
- Gæða efni, vönduð vinnubrögð
- Stór malbikuð lóð
- Næg bílastæði

***Nánari upplýsingar www.kistuhlid.com og Kjartan í síma 6633388***

**Kistuhlíð ehf • Lágmúli 6 • sími 663 3388 • kistuhlíð @kistuhlid.com • Tengiliður: Kjartan I. Kjartansson**

**www.kistuhlid.com**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
660 **+1,24%**

**Fjöldi viðskipta:** 102
**Velta:** 332 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PETR. | 9,65% | ICELANDAIR | 2,82% |
| BAKKAVÖR | 8,01% | FØROYA BANKI | 0,79% |
| MAREL | 4,66% | | |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 213,3 -10,6%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +0,00% ... Atorka 0,70 +0,00% ... Bakkavör 4,18 +8,01% ... Eimskipafélagið 1,32 +0,76% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,10 -2,82% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 80,90 +4,66% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 100,00 +4,17%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Svartnætti við völd

Á sjötta tímanum í gær höfðu nærri 190 manns lagt orð í belg við færslu fjölmiðlamannsins Egils Helgasonar á vefritinu Eyjunni þar sem hann sagðist nú í fyrsta sinn frá hruni farinn að fyllast vonleysi og veltir fyrir sér flutningi af landi brott. Fjölmargir biðja hann lengstra orða að vera og jafnvel taka að sér forystu á væng stjórnmálanna. Kannski ekki nema von því hann segir: „Það er eins og stjórnvöld, embættismannakerfið og stjórnendur bankanna ætli að sjá til þess að ekkert breytist. Og að öllu verði komið í hendurnar á sömu peningamönnunum aftur. Og að tök þeirra á samfélaginu verði jafnvel enn sterkari en áður.“



### Það er af sem áður var

Sumum ítökum peningamanna hefur þó áður verið fagnað á vettvangi Egils á Eyjunni, svo sem fyrir rétt rúmu ári í skrifum um auðmenn og borgarskipulag. „Peningar og þeir sem eiga þá hafa alltaf ráðið því hvernig borgir byggjast,“ benti hann á og kvað Reykjavík sömuleiðis bera þess merki. „Það er í raun eðlilegt að þegar landið eignast alvöru auðjöfra að þeir skuli setja mark sitt á miðbæinn. Maður verður bara að vona að þeir geri það af alvöru myndarskap og hafi vit á að kalla til góða ráðgjafa. Sumir hinna nýríku hafa leitað í Borgartúnið – eða jafnvel Smárann. Björg-ólfur sýnir miðborginni ræktarsemi,“ skrifaði Egill.

## Ekki vantrú á Bakkavör

**Nokkrir af lánatryggjendum birgja Bakkavarar í Bretlandi eru hættir að veita þeim tryggingar fyrir vörukaupum, að sögn helgarútgáfu breska dagblaðsins Telegraph.**

**Bakkavör er stærsti söluaðili á ferskum matvælum til veitingastaða og stórmarkaða í Bretlandi og með hlutabréf sín skráð í Kauphöllina.**

**Samkvæmt Telegraph eru engin merki um að Bakkavör eigi í vandræðum þrátt fyrir skuldabyrði. Neitun á lánatryggingum til birgja endurspegli litla trú á heildsölumarkaðinum í heild fremur en einstökum fyrirtækjum.** - jab

# Stofna eignarhaldsfélag

Nýja Kaupþing stofnar fjárfestingar- og fasteignafélag til að halda utan um eignir sem bætast kunna í safn bankans á næstu mánuðum vegna erfiðleika í rekstri stærri fyrirtækja sem eru í viðskiptum við bankann.

„Stofnun félaganna er í samræmi við tilmæli ríkisstjórnarinnar til bankanna um stofnun sérstakra eignarumsýslufélaga,“ segir í tilkynningu bankans.

Í gær ákvað Kaupþing jafnframt að auglýsa eftir umboðsmanni viðskiptavina, sem skuli vera óháður og starfa í umboði bankans. Staðan er í samræmi við tillögur vinnuhóps á vegum ríkisstjórnarinnar. Umboðsmaðurinn á meðal annars að gæta þess að bankinn mismuni ekki viðskiptavinum með óeðlilegum hætti. - óká





vilborg@centrum.is

Miele

Allt hreint með Miele
Miele þvottavélar – hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, sem og fullkomnasta tækni sem völ er á.

MOST TRUSTED BRAND 2008

best brands 2008 das deutsche markenranking

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðaop
- 20 ára ending

vilborga@centrum.is

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200


# Eyrir Invest óskaddað eftir hrun bankanna

**Eyrir Invest bjó sig undir erfiðleika á fjármálamörkuðum í hittiðfyrra. Félagið stendur nú næsta óskaddað eftir bankahrunið og hefur fengið Landsbankann í hluthafahópinn. Á nýju ári gerir Eyrir upp í evrum.**

„Við reiknuðum með niðursveiflu á fjármálamörkuðum á síðasta ári og lokuðum veltubókinni upp úr því,“ segir Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest. Félagið hóf markvisst að selja stöður sínar í skráðum félögum um mitt ár 2006 og dró úr áhættu á hlutabréfamarkaði. Þá var gjaldeyrisáhætta takmörkuð.

Árni segir niðursveifluna hér hafa orðið að veruleika síðar en félagið spáði. Aðgerðirnar skiluðu því að Eyrir varð ekki fyrir beinu tjóni vegna falls íslensku bankanna í október.

Félagið birti uppgjör sitt fyrir síðustu tíu mánuði í gær vegna óvenjulegra aðstæðna á fjármagnsmörkuðum.

Þar kemur fram að hagnaður Eyris nam 942 milljónum króna á tímabilinu, sem er um 200 milljónum meira en á sama tíma í fyrra. Eigið fé nam rúmum 30,2 milljörðum króna. Þar af var laust fé og aðrar bankainnistæður rúmir 8,6 milljarðar. Eiginfjárhlutfall stóð í 40,3 prósentum í lok október.



**ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON** Eyrir Invest taldi líkur á erfiðleikum á fjármálamörkuðum í hittiðfyrra og fór í aðgerðir sem hafa skilað sér nú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta verður í síðasta sinn sem uppgjörið færist í krónur en Eyrir hefur heimild til að gera bækur sínar upp í evrum frá næsta uppgjörsári.

Árni Oddur segir afkomuna skýrast af methagnaði Marel Food Systems og stoðtækjaframleiðandans Össurar á árinu. Með Stork eru þessi þrjú félög grunnfjárfestingar Eyris. Sjóðstreymi félaganna er sterkt og eiginfjárhlutföll á bilinu 35 til 55 prósent.

Í janúar á þessu ári luku Eyrir, Landsbankinn og breska fjárfestingafélagið Candover yfirtöku á hollensku iðnsamsteypunni Stork í gegnum sameiginlegt eignarhaldsfélag, London Acquisition. Samhliða kaupunum var gert samkomulag um að Marel Food Systems tæki yfir matvælavinnsluvélahluta Stork.

Eftir standa tvær stoðir, Stork Technical Services og Stork Aerospace. Mikil uppstokkun hefur verið í rekstri félaganna og afkoma þeirra batnað verulega. Heimildir herma að stefnt sé að skráningu fyrrnefnda hlutans eftir um þrjú til fjögur ár.

Eyrir hefur nú gert samkomulag um að kaupa hlut Landsbankans í London Acquisition. Kaupin eru fjármögnuð með útgáfu nýs hlutafjár í Eyri. Hlutur bankans mun við það verða 27,5 prósent. Bankinn stefnir að því að selja hluta hans í fyllingu tímans og mun þegar upp er staðið eiga í kringum fimmtung í Eyri.

Árni Oddur segir gengi bréfa í kjölfestueignunum Marel Food Systems og Össuri undirverðlagða. „Við höfum stutt félögin til vaxtar síðastliðin fjögur ár og ætlum að fylgja þeim eftir,“ segir hann og bætir við að beðið sé þess að óveðri sloti á mörkuðum. Þess megi vænta á næstu mánuðum. jonab@markadurinn.is

# Ekki aðhafst vegna kaupa Birnu í Glitni

Fjármálaeftirlitið (FME) telur ekki tilefni til aðgerða af hálfu eftirlitsins gagnvart Birnu Einarsdóttur, forstjóra Nýja Glitnis, eða Melkorku ehf., fjárestingarfélagi hennar. FME hefur haft til skoðunar kaup Birnu á hlutabréfum gamla Glitnis sem ekki gengu í gegn.

„Þar sem málið hefur fengið talsverða opinbera umfjöllun vill Fjármálaeftirlitið taka eftirfarandi fram. Gögn málsins, m.a. tölvupóstur og viðskiptayfirlit, sýna að umrædd hlutabréfaviðskipti náðu í raun ekki fram að ganga vegna vanrækslu af hálfu „gamla“ bankans. Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en að Birna Einarsdóttir hafi verið í góðri trú og að vanefnd stafi af ástæðum sem eru óviðkomandi henni,“ segir í tilkynningu FME, síðdegis í gær. Þar kemur jafnframt fram að athugun á tilkynningar- og birtingarskyldu „gamla“ Glitnis standi enn yfir. - óká



**BIRNA EINARSDÓTTIR**

# Búist við betri þátttöku núna

Útboð verður haldið á nýjum flokki ríkisbréfa klukkan tvö á morgun, miðvikudag. Um er að ræða óverðtryggð ríkisbréf sem bera 13,75 prósenta vexti sem greiddir eru árlega. Lokagjalddagi bréfsins er 10. desember 2010.

Í umfjöllun Greiningar Glitnis kemur fram að viðhaft verður svokallað „hollenskt fyrirkomulag“. Í því mun felast að lægsta samþykkta verð (þar með hæsta ávöxtunarkrafa) í útboðinu gildir fyrir alla kaupendur.

Greining Glitnis bendir á að þótt takmarkaður áhugi hafi verið fyrir sambærilegu útboði í síðustu viku, þar sem bréf seldust fyrir 15 milljarða króna, verði áhuginn að líkindum meiri núna. Flest bendi samt til að ríkissjóður þurfi eftir sem áður að greiða út töluverða fjárhæð á gjalddaga innlausnar annarra flokka bréfa 12. desember næstkomandi. „Ríkissjóður hefur raunar safnað verulegum sjóðum á viðskiptareikning sinn í Seðlabanka undanfarið, og hefur því borð fyrir báru þótt greiða þurfi út talsverða fjárhæð á föstudag. Hins vegar hefur fjármögnunarþörf ríkisins vaxið hröðum skrefum undanfarna mánuði og er líklegt að talsverða skuldabréfaútgáfu þurfi til að mæta henni á næstu misserum.“ - óká



**VIÐ MIÐLARABORÐ** Frá fyrsta desember 2008 hafa fimm fjármálastofnanir heimild til að kalla sig „aðalmiðlara með ríkisverðbréf“, MP Banki, Nýi Glitnir, Nýja Kaupþing, Nýi Landsbanki og Straumur-Burðarás. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Íslensku dívurnar*

# FROSTRÓSIR

*Tenorarnir & góðir gestir*

# 2008

## ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR UM LAND ALLT
## UPPSELT Á 8 TÓNLEIKA UM LIÐNA HELGI

SÍÐUSTU TÓNLEIKARNIR Í FERÐ FROSTRÓSA UM LANDIÐ
Í KVÖLD KL. 20:00 Í VESTMANNAEYJUM
MIÐASALA Á ***midi.is***, PÓSTINUM VESTMANNAEYJUM OG VIÐ INNGANG FRÁ 18:00



## *Stór jólatónleikar Frostrósa*

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA, KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR, SKÓLAKÓR KÁRSNESS, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR OG ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN.

HÖLLINNI AKUREYRI 12. DESEMBER ÖRFÁ SÆTI
LAUGARDALSHÖLL 13. DES KL 20.00 - UPPSELT
13. DES KL 16.00 - AUKATÓNL.

TÓNLISTARSTJÓRI ER KARL O. OLGEIRSSON OG ASTJÓRNANDI HLJÓMSVEITAR ÁRNI HARÐARSON.

MARGRÉT EIR   EIVØR   HERA BJÖRK   DÍSELLA



SÉRSTAKIR GESTIR:
GUÐRÚN ÁRNÝ & EDGAR SMÁRI

JÓHANN FRIÐGEIR
GARÐAR THÓR CORTES



MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á ***midi.is***

## WWW.FROSTROSIR.IS



ÞRJÁR GLÆSILEGAR ÚTGÁFUR FRÁ FROSTRÓSUM

JÓLAGJÖF FROSTRÓSA

*Gleðjumst og gefum með Frostrósum*

Fyrir hvern seldan miða gefum við jólagjöf til þeirra er minna mega sín auk þess sem við bjóðum hundruðum á tónleikana. Fjölmennum á Frostrósir og gleðjum þannig þúsundir fjölskyldna fyrir jólin.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

...flytur Frostrósir um landið

BYLGJAN 989

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einföld slagorð eða djúpt mat:

# Sjávarútvegurinn

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Umræðan um Evrópusambandsaðildina getur enn þróast í tvær áttir. Hún getur dýpkað í breitt málefnalegt mat á heildarhagsmunum. Hitt getur líka gerst að hún einfaldist í farvegi yfirborðskenndra slagorða. Svarnir andstæðingar Evrópusambandsins fullyrða nú að spurningin sé bara ein: Á að gefa útlendingum fiskimiðin eða ekki? Veruleikinn er hins vegar flóknari.

Hagsmunir sjávarútvegsins hljóta þó eðli máls samkvæmt að vera stærsta og slungnasta álitaefnið. Bankahrunið hefur gert Evrópusambandsaðild brýnni en áður. Endanlegt hrun krónunnar ræður þar mestu um. Á hinn bóginn er ljóst að aðildarsamningar verða að sumu leyti snúnari eftir hrunið en fyrir. Ástæðan er sú að vægi sjávarútvegsins í þjóðarbúskapnum vex á ný. Sú staðreynd kallar á mikla árvekni um þá hagsmuni.

Hér er á margt að líta. Sjávarútvegurinn er algjörlega háður stöðu landsins í alþjóðasamfélaginu. Frjáls aðgangur að Evrópumarkaðnum skiptir þar mestu máli. Sjávarútvegurinn varð fyrstur atvinnugreina til að losa um fjötra krónunnar. Launakostnaður útgerðarinnar hefur lengst af verið óbeint tengdur erlendum viðskiptamyntum. Löngu áður en aðrar atvinnugreinar nutu frelsis í gjaldeyrismálum fékk sjávarútvegurinn að taka afurðalán í erlendri mynt.

Fullyrða má að fjármálastöðugleiki ráði úrslitum um vöxt og viðgang sjávarútvegs á Íslandi. Nú er fullreynt að þær aðstæður verða ekki til með krónu. Hún er einfaldlega ekki samkeppnisfær. Sannfærandi rök hafa enn ekki verið færð fyrir því að tryggja megi varanlegan stöðugleika með einhliða upptöku annarrar myntar. Í þessu ljósi styrkir Evrópusambandsaðild verulega stöðu sjávarútvegsins.

Þá kemur að hinni spurningunni: Felur aðild sjálfkrafa í sér afsal fiskveiðiauðlindarinnar? Við mat á því þarf bæði að vega og meta form og efni gildandi skipunar á þessu sviði. Reglan um svokallaðan hlutfallslegan stöðugleika tryggir að aðildarþjóðirnar halda öllum veiðiheimildum sem þær hafa haft. Með því að hér hafa engar aðrar þjóðir veitt um langan tíma á engin önnur þjóð tilkall til veiðiheimilda.

Hitt er svo rétt að fræðilega má breyta slíkri skipan mála. Engin dæmi eru hins vegar um að gengið hafi verið gegn svo ríkum hagsmunum einnar aðildarþjóðar. Hér þarf vitaskuld aðgæslu við. Ekki verður þó séð að veruleg hætta sé á ferðum. Íslenskar rannsóknir verða áfram grundvöllur veiðiráðgjafar. Eftirlit verður óbreytt. Alþingi ákveður eftir sem áður hvers kyns fiskveiðistjórnun gildir.

Samningar um veiðar úr deilistofnum utan lögsögu flytjast til Evrópusambandsins. Það er breyting. Stærstu hagsmunirnir á þessu sviði eru þegar samningsbundnir. Með aðild þarf Ísland hins vegar að gæta þessara hagsmuna sinna innan sambandsins. Engin sterk rök benda til að staða Íslands verði við það verri en verið hefur.

Þessi atriði eru ekki einföld. Þau þarf að brjóta til mergjar. Best væri að sjávarútvegurinn sjálfur tæki þátt í að koma fram með gildar hugmyndir til varnar eigin hagsmunum. Því er ekki að heilsa nú. Kjósi sjávarútvegurinn að standa utan við djúpt og breitt hagsmunamat verður svo að vera. En það bætir ekki umræðuna og styrkir ekki stöðu hans.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fullnaðarsigur**

Sturla Böðvarsson þurfti að gera hlé á þingfundi í gær eftir að óstýrilátir mótmælendur stormuðu á palla Alþingis með óhefluðum munnsöfnuði og brambolti. Var þingið óstarfhæft í klukkustund vegna þessa. Fyrir vikið féllu tvö mál af dagskrá: fyrri umræða um þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu og fyrsta umræða um lagafrumvarp um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES. Það var þá til einhvers barist.



**Málhreinsun**

Eftir að lögreglan kom böndum á mótmælin og nokkrum mótmælendum í járn sendi hún frá sér fréttatilkynningu. Þar kom meðal annars fram að enginn hefði meiðst og ekki hefði þurft að grípa til piparúða. Þetta sætir tíðindum því hingað til hefur lögreglan notað orðið varnarúði yfir þennan ókræsilega lög. Gott að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Næsta ónefni á dagskrá: „Valdbeitingarhundur."

**Í Guðríðarsókn**

Karl Sigurbjörnsson biskup vígði nýja kirkju á sunnudag, Guðríðarkirkju í Grafarholti. Sóknarprestur í Grafarholtssókn er Sigríður Guðmarsdóttir, sem sótti á sínum tíma um stöðu sendiráðsprests í London. Starfið hlaut hins vegar annar umsækjandi, tengdasonur Karls biskups. Sigríður kærði ráðninguna og dæmdu bæði héraðsdómur og Hæstiréttur að biskup hefði brotið gegn stjórnsýslulögum við ráðninguna og að Þjóðkirkjan væri skaðabótaskyld gagnvart Sigríði. Mögulega var andrúmsloftið dálítið þvingað í Grafarholti á sunnudag.



bergsteinn@frettabladid.is

# Á aðventu

Það glaðnar til í skammdeginu þegar aðventan gengur í garð. Hugvitsamlegar ljósaskreytingar sjást hvarvetna, bæði í úthverfum og miðbænum og jólalögin hljóma hvar sem maður kemur. Jólabækurnar vekja áhuga og eftirvæntingu og yfirleitt uppselt á tónleika kóra og einsöngvara. Um leið og þetta er tími amsturs og anna, er þetta tími tilhlökkunar, gleði og vinafunda. En einkum og sér í lagi er þetta, og á að vera, gæðatími barna og fjölskyldulífs.

Ekki fer hjá því að leiftur frá liðnum tíma fari öðru hvoru um hugann á aðventunni og minni mann á hver maður er og hvers vegna. Eitt af því sem ævinlega vitjar mín er gjöf sem ég fékk frá skólanum mínum þegar ég var sex eða sjö ára. Þetta var nett ílangt hefti með öllum helstu jólasálmunum, fest saman með fínu rauðu bandi. Kápan beggja vegna var íslenski fáninn. Skilaboðin voru ekki flókin: þjóðernið og kristin trú. Og maður fékk á tilfinninguna að hvort tveggja væru forréttindi, sem ekki ætti að skoða sem sjálfsagðan hlut.

Við áttum heima á Bergþórugötu á þessum tíma og ég man eftir að vera að ganga niður Eiríksgötuna að morgni til á aðventunni, en Ísaksskóli var þá til húsa við enda götunnar. Ég var með heftið mitt í skólatöskunni og mikið að hugsa um íslenska fánann sem minnti mann á hvað það væri merkilegt að vera Íslendingur. Hafði ekki séð hann í þessu samhengi fyrr, sem forsíðu og baksíðu á sönghefti. Þetta hlyti að vera einstakt sönghefti!

**Eftirminnilegur kennari**

Kennarinn minn í Ísaksskóla var Helga Magnúsdóttir. Á vissan hátt má segja að hún hafi verið Herdís Egilsdóttir minnar kynslóðar. Hún var ákveðin og fumlaus, með hlátur í röddinni, glampa í augum og hafði fallega söngrödd. Hún var frábær kennari sem glæddi í raun með nemendum sínum löngun til að vita meira í dag en í gær. Ekki af því að það væri skylda, heldur af því að það væri svo ótrúlega gaman.



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**

**Í DAG** | Þjóðfélagsástandið

Magnús faðir Helgu var prestur í Ólafsvík og sjálf var hún virk í kristilegu starfi. Það uppgötvaði ég þegar ég fór vikutíma í Vindáshlíð í fyrsta skipti og í ljós kom að stjórnandi staðarins var kennari minn góði úr Ísaksskóla. Í þeim skóla lærði maður mikið af ættjarðarlögum með því að syngja þau. Ævinlega öll erindin. Þar var líka rætt um innihald þeirra, landið og þjóðina. En Helga kenndi manni líka sálma. Ekki aðeins hefðbundna barnasálma, heldur þekkta sálma eins og „Á hendur fel þú honum" og „Hærra minn guð til þín" og marga fleiri. Á þessum árum var algengt að útvarpað væri frá jarðarförum, bæði á morgnana og klukkan tvö eftir hádegi. Þar voru gjarnan fluttir sálmarnir sem ég kunni og þótti skemmtilegt að syngja. Ég hlustaði því af sama áhuga á jarðarfarir og óskalög sjómanna og óskalög sjúklinga, sem vinsæl voru á þessum tíma, og söng með af hjartans lyst. Aðrir á heimilinu höfðu ekki sama áhuga og ég á þessu útvarpsefni. Sat ég jafnan ein í stofunni yfir því, og leiddist ekki.

Víða erlendis, til dæmis í Danmörku, syngja kirkjugestir fullum hálsi með kórnum, bæði við jarðarfarir og í hefðbundinni guðsþjónustu. Ég held að það væri heilsubót, ekki síst í núverandi aðstæðum, að við tækjum upp þennan sið. Tækjum undir í söng og spöruðum okkur ekki, hvorki í kirkjum né annars staðar.

**Hvað er þjóðin**

Þjóðin er dálítið upptekin þessa dagana við það sem þjóðin vill og það sem þjóðin kærir sig ekki um. Þegar talað er um að ráðamenn séu ekki kosnir af þjóðinni heldur stjórnmálaflokkum, þá spyr maður sig: Hvað er þjóðin? Hvað eru flokksbundnir Íslendingar? Eru þeir önnur þjóð? Hver er hafa vit fyrir hverjum? Það er útlátalaust að sitja í stúku og úthúða leikmönnum á vellinum. En erum við ekki öll með sama fánann? Og sama þjóðsönginn?

Þegar Íslendingar kynnast, til dæmis á ferðalagi, tekur yfirleitt skamman tíma að finna sameiginlegan félaga eða frænda. Það getur því orðið snúið ef menn hér á landi mega ekki ráða fólk sem þeir þekkja til, eða tengjast á einhvern hátt, án þess að það sé sjálfkrafa skammarstrik. Við erum svo fámenn að hvert sem okkur líkar það betur eða verr, þá erum við öll á sama báti. Hvorki völd, vegtyllur eða fjármálaumsvif breyta því, að hjá okkar þjóð er enginn merkilegri en annar. Enginn.

# Einangrunarótti og þjóðremba

**UMRÆÐAN**

Ingvar Gíslason skrifar um fullveldi

Íslendingar minntust 90 ára afmælis fullveldisins við býsna dapurlegar aðstæður. Sjálfan fullveldisdaginn gekk ríkisstjórnin með betlistaf í hendi land úr landi eins og verið hafði vikum saman frá því að forsætisráðherra tilkynnti að „þjóðargjaldþrot" lægi við.



**INGVAR GÍSLASON**

Ástæða þessa yfirvofandi þjóðargjaldþrots var augljós, þótt ekki megi nefna það á æðri stöðum. Valdastéttin í landinu, kaupsýslumenn, ráðherrar og embættismenn, sannaði á sig óráðsíu og vangæslu í athöfnum og stjórnsýslu. Þess var ekki gætt að reka þjóðarbúskapinn af gætni og hófsemi í samræmi við getu smáríkis. Þess í stað fylltust fjáraflamenn og stjórnmálamenn sérstöku oflæti um samkeppnisgetu sína og þjóðarinnar sem kalla mætti nýþjóðrembu. Þessi nýja þjóðremba fólst og felst í því að hámenntaðir fjármálasérfræðingar (eins og sagt er), margsigldir og lærðir utanlands helltu sér út í landvinninga erlendis að sýna í verki hversu upplagt það er að auðgast á pappírsviðskiptum ýmiss konar og gera þannig „þekkingarþjóðfélagið" að veruleika að sínu leyti.

Þá átti „hin gáfaða íslenska þjóð" að komast á nýtt stig siðmenningar og þyrfti ekki að slíta sér út í erfiðisverkum til sjós og lands eða heimskandi færibandavinnu og skítverkum yfirleitt. Þess háttar verk yrðu vitaskuld unnin af langt aðkomnu „hreyfanlegu vinnuafli", þangað til þá þrælauppsprettu þrýtur sem reyndar er fjarska langt undan – guði sé lof!

Pólitíska hliðin á nýþjóðrembunni birtist glöggt í virðingarleysi Evrópusinna á fullveldi og sjálfstæði. Í þeirra hug hefur fullveldishugtakið enga fasta merkingu. Fyrir þeim er það afstætt og „háð köldu hagsmunamati", þ.e.a.s. köldu fjárhagslegu mati. Þeir líta raunar á fullveldi sem framseljanlegan rétt og falbjóða það á markaði, að vísu gegn fébótum, en hirða ekkert um valdskerðinguna. Hana má vinna upp með gróða af fjármálastarfsemi.

Þrátt fyrir nýþjóðrembuna og oflætið markast tíðarandi samtímans eigi að síður af einangrunarótta í ætt við hornrekukennd tapþola („lúsera"). Einangrunaróttinn gagnsýrir áróður í landinu, hvort heldur er á sviði stjórnenda, launþegasamtaka og iðnrekenda eða forystu í menningarmálum. Listamenn, rithöfundar og fræðimenn eru ekki undanskildir.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**GERVIJÓLATRÉ** geta verið til alveg jafn mikillar prýði og lifandi tré ef þau eru falleg og kostur að geta notað sama tréð ár eftir ár. Þeir sem eru sæmilega handlagnir geta jafnvel smíðað sitt eigið jólatré.






VICTORIA'S SECRET

Jólagjöfin hennar í ár

*Minnum á vefverslunina*

kristy.is

Kristy sf | Skúlagötu 13 | 310 Borgarnesi | tel/fax. 437 1234



ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-

Heimir Karlsson

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Patti lagersala VERÐHRUN

50% AFSLÁTTUR

af öllum rúmum út nóvember



Verðdæmi með afslætti:

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | Verð frá kr. 44.450,- |
| 120 x 200 cm | Verð frá Kr. 55.950,- |
| 150 x 200 cm | Verð frá Kr. 67.450,- |
| 180 x 200 cm | Verð frá Kr. 80.950,- |

COLCHON DUPEN

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Íslenskt barnaefni á DVD

Fæst í öllum betri verslunum



**Íslenskar þjóðsögur og ævintýri**

Loksins eru þjóðargersemar okkar Íslendinga komnar út á DVD mynddiski. Hér er að finna fjöldann allan af þjóðsögum og ævintýrum, þar á meðal Bakkabræður, Gilitrutt og 18 barna faðir í Álfheimum.

Einvala lið leikara er að finna á disknum og má þar nefna Örn Árnason, Árna Tryggvason, Ragnheiði Steindórsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Þröst Leó Gunnarsson svo einhverjir séu nefndir.

**Móðurfélagið ehf.**

Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.




Vilma ætlar að verja jólunum í Litháen í ár og hlakkar til að hitta alla fjölskylduna á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jólasveinninn ekki sáttur

**Vilma Bacianskaite flutti frá Litháen til Íslands árið 2000 og gleymir seint fyrstu jólunum hérlendis.**

Vilma Bacianskaite er fædd og uppalin í Litháen, en settist að hér á landi ásamt fjölskyldu sinni árið 2000. Margt kom henni undarlega fyrir sjónir eftir komuna til landsins, þar á meðal jólaundirbúningurinn og jólin sem eru að ýmsu leyti frábrugðin því sem hún var vön.

„Ég gleymi aldrei fyrstu jólunum á Íslandi. Ég bjó þá hjá góðri, íslenskri fjölskyldu og vissi ekki við hverju átti að búast en hlakkaði mikið til,“ segir Vilma og rifjar upp fyrstu kynni sín af íslenskum jólasiðum. „Ég hafði aldrei heyrt að jólasveinninn setti gjafir í skóinn. Þegar ég sá svo skó í glugganum í fyrsta sinn skilaði ég honum á sinn stað í forstofuna. Jólasveinninn varð ekki par ánægður og daginn eftir var þetta útskýrt fyrir mér,“ segir hún og hlær.

Vilma segir fleira ólíkt með jólahaldi þjóðanna. „Áður en jólin renna upp er til dæmis hefð fyrir því að fólk reyni að gera upp skuldir sínar og fyrirgefi svo þeim sem hafa gert á þeirra hlut. Meirihluti þjóðarinnar eða í kringum 80 prósent er kaþólskur og sækir messu á aðfanga- og jóladag. Að messu lokinni hefst veisluhald þar sem fjölskyldan sest að snæðingi. Yfirleitt eru ekki bornir fram færri en tólf réttir sem tákna mánuði ársins; þeirra á meðal eru síld og alls kyns fiskréttir, trönuberjasafi og kuciukai, sem eru brauðbollur, og svo guðsbrauð, eða kalédaites eða plotkelé,“ segir hún.

„Fólk verður að fá nóg að borða þar sem talið er að það færi þeim aukið fé árið eftir,“ útskýrir Vilma og bætir við að skömmu eftir að börnin hafi opnað gjafir fari fólk í leiki. „Menn taka svo á sig náðir seinna um kvöldið án þess að ganga frá, svo sálir látinna ættingja geti gætt sér á veislukrásunum. Við gefum dýrunum svo afgangana næsta dag til að þau verði sterkari á árinu sem fer í hönd,“ útskýrir hún.

Vilma heldur í hluta þessara hefða og hefur svo tileinkað sér nokkra íslenska. „Ég bakaði til dæmis piparkökur með stráknum mínum í fyrra og honum fannst það rosalega gaman. Svo förum við fjölskyldan yfirleitt í messu í Hallgrímskirkju, þar sem fallegt er og róandi andrúmsloft.“

*roald@frettabladid.is*




DESEMBER

Kafbátur mánaðarins

TÚNFISKBÁTUR

Gleðilega hátíð

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur

329 kr.

SUBWAY

*Gildir í desember 2008*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum*

*Gildir ekki í Stjörnumáli*

**PIPARKÖKUR** og kökur úr tölladeigi geta verið fyrirtaksjólaskraut í gluggana. Fallega skreyttar piparkökur koma líka vel út á jólatrénu.




FULL BÚÐ AF ÓDÝRUM LEIKFÖNGUM-GJAFAVÖRUM-GOSBRUNNUM-LÍMMIÐUM-GJAFAPOKUM-FJARÐSTÝRÐUM BÍLUM, GEISLADISKAR. VERÐ 500-600
OG MARGT MARGT FLEIRA SJÓN ER SÖGU RÍKARI

ÓDÝRT BÆÐI FYRIR JÓLASVEININN OG Í JÓLAPAKKANN

extrakaup
EXTRA GÓÐ KAUP

EXTRAKAUP SÍÐUMÚLA 1 (Ármúlamegin) Opið alla daga til jóla



Fix Töframassinn
Hreinsar, fægir og verndar samtímis



- Fitu- og kýsilleysandi
- Húðvænt
- Náttúrulegt
- Mjög drjúgt

Svampur fylgir með

Hentar vel til þrifa á blöndunartækjum, vöskum, ryðfríu stáli, áli, kopar, messing, gleri, plasti, lökkuðum flötum, kristal, keramiki, postulíni o.fl.

Húsasmiðjan - Byko - Fjarðarkaup - Tengi - Melabúðin - Verkfæralagerinn - Eyjatölvur Miðstöðin Vestmannaeyjum - Pottar og prik Akureyri - Rafsjá Sauðárkróki - Áfangar Keflavík Skipavík Stykkishólmi - Nesbakki Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Verslanir Rönning Litabúðin Ólafsvík - Tengi - Byggt og búið - SR byggingavörur Siglufirði - Núpur Ísafirði Óskaþrif Hólmavík - Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Páll Guðbrandsson með nokkrar af þeim gjöfum sem hlaða má niður endurgjaldslaust af Skólavefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Heimatilbúnar bækur, geisladiskar og dagatöl

**Þegar kreppir að hlaupa margir undir bagga. Starfsmenn Skólavefsins ákváðu að létta undir með þjóðinni og stofnuðu Jólagjafasmiðjuna á vefnum þar sem hægt er að nálgast jólagjafir endurgjaldslaust.**

Jólagjafasmiðjan er nýtt hugtak á Skólavefnum www.skolavefurinn.is. Þar er hægt að sækja fjölda jólagjafa án þess að greiða fyrir. Er þar einkum um að ræða útprentaðar bækur, hljóðdiska og dagatöl. „Við fórum að hugsa hvað við gætum gert til að leggja okkar af mörkum í kreppunni og þá skaut þessi hugmynd upp kollinum," segir Páll Guðbrandsson, markaðs- og kynningarstjóri hjá Skólavefnum. „Við höfum alltaf verið með mikið jólaefni á síðunni og því lá nokkuð beint við að fara þessa leið," útskýrir Páll en gjafirnar sem hægt er að fá í Jólagjafasmiðjunni koma ekki fullunnar og því hægt að setja persónulegan stíl á gjafirnar. Bækurnar þarf að prenta út, myndskreyta og setja saman, dagatölin þarf að prenta út, lita og myndskreyta og hljóðdiskana þarf að, brenna og hanna utan um þá umbúðir.

„Vefurinn hefur verið opinn í svolítinn tíma og höfum við fengið mikið af heillaóskum og þökkum frá fólki sem finnst þetta frábært framtak," segir Páll og telur bæði fullorðna og börn nýta sér síðuna. „Okkar helsta ósk er að það verði til lítill fjölskylduiðnaður," segir Páll glaðlega og bætir við að foreldrar hafi verið sérstaklega glaðir yfir dagatölunum og hjálpi börnunum að búa þau til.

Sem dæmi um diska sem hægt er að brenna eru Búkolla og fleiri ævintýri, Ást og auður eftir Jóhann Gunnar Sigurðsson og Gunnlaugs saga ormstungu ásamt mörgum öðrum. Sem dæmi um bækur sem hægt er að prenta út eru Gullbrá og birnirnir þrír, Sögur af prinsum og prinsessum fyrir börnin en fyrir fullorðna eru það meðal annars Friðrik áttundi og aðrar sögur eftir Jón Trausta og Vonir eftir Einar Hjörleifsson Kvaran.

*solveig@frettabladid.is*







;ALLT HEIMILI
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María
512 5473
Hugi
512 5447



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is


# jólagjöfin hans

ÞRIÐJUDAGUR 9. DESEMBER 2008




NORDICPHOTOS/GETTY




ICEFIN
Nóatúni 17
S:534 3177
www.icefin.is

Flottir skór sem halda þér þurrum og hlýjum
verð frá 5.900 kr.



Alvaro Calvi verslunareigandi vildi óska þess að geta eytt jólunum með foreldrum sínum sem búa í Bólivíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill njóta jólanna með mömmu og pabba

Þegar Alvaro Calvi verslunareigandi tískuvöruverslunarinnar Calvi á Laugavegi er inntur eftir draumajólagjöfinni segir hann: „Porsche Carrera 911 túrbo,“ og hlær dátt. Hann er hins vegar fljótur að draga í land og segist vera að grínast. „Það sem mig langar í í jólagjöf er að vera með foreldrum mínum, það væri langbesta jólagjöfin að fá þau til landsins,“ segir hann en Alvaro er ættaður frá Bólivíu þar sem foreldrar hans búa í dag.

Hann segir þau koma einu sinni á ári til Íslands en hafi þó ekki komið um jól síðan árið 2002. Alvaro segir jólasiðina svipaða í báðum löndum en jólin séu ívið hátíðlegri hér. Hann minnist þess að jólamaturinn, sem iðulega var kalkúnn, var borðaður klukkan ellefu um kvöldið þegar hann var drengur. Svo hafi gjafirnar verið opnaðar á miðnætti á aðfangadag.

*- sg*



Hressilegir ermahnappar frá versluninni Aurum á 18.500 krónur.



Silfurhringur frá Jens á 10.300 krónur.



Grátt títaníum úr frá Skagen, dönsk hönnun á krónur 21.000 frá Jóni & Óskari.

# Jólagjöf fyrir glysgjarna herra

Skartgripir og úr eru sígildar hugmyndir í jólapakkann handa glysgjörnum herrum.

Vandasamt gæti verið að velja skartgripi handa herramanni því úr miklu er að velja. Úr eru nytsamleg auk þess að vera skartgripur í sjálfu sér því allir þurfa að vita hvað klukkan slær. Víða er hægt að láta sérsmíða fyrir sig skartgripi en þá þarf að hugsa fyrir því í tíma svo gjöfin skili sér undir tréð fyrir klukkan sex á aðfangadagskvöld.

*-rat*



Íslensk hönnun úr ICEcold línunni frá Jóni & Óskari, 14 karata gullhringur með demanti á krónur 169.000. Hringurinn fæst einnig án demants á 100.000 krónur.



Jólaföt úr Jack & Jones. Hneppt golla á 6.500 krónur, rauð skyrta 6.590 og bindi á 2.990 krónur.



Fallegir treflar og vettlingar koma sér vel í vetrarfærðinni. Trefillinn kostar 4.500 krónur líkt og beltið en hanskarnir eru á 5.500 krónur. Fæst í Herrafataverslun Birgis.



Vel búinn undir kalda vetrarmánuði. Rauða dúnúlpan kostar 14.900 krónur, gallabuxurnar eru á 13.900, hettupeysan kostar 5.990 og skyrtan 4.990 krónur. Fæst í Jack & Jones. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hettupeysur eða vel sniðin jakkaföt

**Smekkur manna er misjafn. Sumir karlmenn vilja vera í gallabuxum um jólin meðan aðrir láta ekki sjá sig í öðru en fallega sniðnum jakkafötum úr dýrindis ullarefni.**

Í Herrafataverslun Birgis og tískuvöruversluninni Jack & Jones má fá mjög ólíkan varning. Meðan önnur verslunin stílar inn á hinn klassíska karlmann með jakkafötum og bindi, leggur hin áherslu á ungu og hressu týpuna með gallabuxum og hettupeysu.

Hafsteinn Már Hafsteinsson, rekstrarstjóri Jack & Jones, segir hettupeysurnar vinsælar í versluninni fyrir þessi jól. „Rauði liturinn kemur sterkt inn núna í desember,“ segir Hafsteinn og bætir við að vinsælast í jólapakkann séu hettupeysur og bolir með. Bolirnir eru þá í flottum litum og ýmislegt prentað á þá. „Svo eru kasúalskyrtur líka mikið að fara núna og strákarnir taka oft köflóttar skyrtur með dökkum gallabuxum,“ upplýsir Hafsteinn og bætir við að oft séu þeir líka í bol innan undir skyrtunum og jafvel renndri hettupeysu yfir allt saman.

Birgir Georgsson hjá Herrafataverslun Birgis í Fákafeni segir jólaverslunina í ár töluvert hægari en undanfarin ár. Hins vegar sé lítil breyting á því hvað fólk kaupi hjá sér. „Þetta eru jakkaföt, stakir jakkar, yfirhafnir, skyrtur og peysur,“ segir Birgir sem býður upp á föt í klassískum stíl og því ekki miklar breytingar á útliti milli ára. „Ég hef hins vegar unnið með dýrari og vandaðri efni upp á síðkastið,“ segir hann en þetta eru efni eins og super 150-ull og biotech-ull sem er vistvæn. „Ef ég ber mig saman við keppinauta mína er verðið hjá mér miklu betra,“ segir Birgir og segir fólk jafnt vera að kaupa jólaföt á sjálft sig sem og jólagjafir.

*- sg*



Birgir í Herrafataverslun Birgis, tekur sig vel út í þýskum jakkafötum úr biotech-ull. Jakkafötin kosta 57.500 krónur, skyrtan 7.500 og bindið 3.500 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Hettupeysur eru vinsælar hjá ungu kynslóðinni, sérstaklega er rauði liturinn eftirsóttur. Þessar kosta 5.990 krónur í Jack & Jones.



Sparilegir strigaskór á 8.500 krónur frá Jack & Jones.


ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
. . . Í BANASTUÐI
UPPHEIMAR
Splunkuný glæpasaga frá Ævari Erni Jósepssyni, höfundi SVARTRA ENGLA
Erlend glæpasamtök, nýríkir útrásarvíkingar, hrun efnahagslífs á Íslandi . . . MORÐ!
LAND TÆKIFÆRANNA er fimmta bók Ævars um þau Stefán, Katrínu, Guðna og Árna
SJÓÐHEIT GLÆPASAGA sem gerist haustið 2008!
ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
LAND TÆKIFÆRANNA
LAND
TÆKIFÆRANNA
GLÆPASAGA
















Kristján Ágúst Baldursson þjónustustjóri í Ellingsen segir konur útivistar- og veiðimanna eiga draumagjafir síns heittelskaða vísar í Ellingsen, en vinsælast sé fatnaður, gönguskór og veiðistangir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Byssur bannaðar undir tréð

**Auðvelt er að gleðja útivistarfólk og veiðimenn á jólum, því úrval draumagjafa á þeim sviðum fer sívaxandi.**

„Byssur og hnífar eru aldrei keyptar af konum í jólapakka síns heittelskaða, enda kunn hjátrú að ekki megi gefa ástvinum hnífa eða annað eggvopn, nema greitt sé eitthvert smáræði fyrir, og stundum sagt að slíkir hlutir skeri í sundur vináttuna eða ástina. Því er eini leyfilegi hnífurinn í jólapakkann fjölnota verkfæri í einum og sama hlutnum frá Leatherman,“ segir Kristján Ágúst Baldursson, þjónustustjóri í verslun Ellingsen við Fiskislóð, aðspurður um vinsælustu hlutina í jólapakka útivistarmannsins.

„Útivistarmönnum fjölgar ár frá ári og líklegt að ferðalög innanlands aukist enn frekar í kjölfar kreppu og færri utanlandsferða. Til að vera vel búinn til ferðalaga um Ísland og njóta útivistar til fulls er nauðsynlegt að eiga góða gönguskó, hlýja úlpu og ullarnærfatnað, ekki síst í gönguferðum á vetrum,“ segir Kristján, sem þegar er farinn að finna fyrir mikilli jólaverslun.

„Konur koma mikið til okkar í leit að draumagjöf handa mönnum sínum; ekki síst í veiðideildina, en veiðistangir og hjól eru sívinsælar jólagjafir, sem og gönguskór og hvers kyns útivistarfatnaður. Oft renna þær blint í sjóinn og leita ráða hjá starfsmönnum okkar um gjöf sem örugglega hittir í mark, en þar er um auðugan garð að gresja,“ segir Kristján sem einnig finnur fyrir mjög svo auknum veiðiáhuga landsmanna, þar sem æ fleiri vilja geta veitt sér bráð í búið.

„Skotveiði og stangveiði er vaxandi sport, en byssur verða menn að velja sér sjálfir þótt hægt sé að gefa þeim marga spennandi aukahluti fyrir skotveiðina. Fyrir stangveiðimanninn er fluguhnýtingasett óskaplega vel þegin gjöf, því vinsælt er að hnýta sínar eigin flugur, og þá fara menn oft á fluguhnýtinganámskeið í kjölfarið.“ *-þlg*



Veniard fluguhnýtingasett með vise, til að setja á borð, krónur 11.386.



Svartar Colombia útivistarbuxur, krónur 19.990.



Remington þrífótur fyrir riffla, krónur 7.934.



Colombia Titanium gönguskór, krónur 14.990.

# Draumur veiðmannsins

Rjúpur eða hreindýr á borðum eru fyrir mörgum ómissandi hluti jólanna. Marga dreymir um að skjóta sjálfir í jólamatinn og námskeið í meðferð skotvopna gæti því verið sniðug jólagjöf fyrir þá sem ganga með veiðidrauma í maganum. Næstu jól gæti heimilisfaðirinn þá hrósað sér af hátíðarmatnum.

Til að mega skjóta í matinn þarf að hafa skotvopnaleyfi og veiðikort. Réttindin fást á tveimur námskeiðum á vegum Umhverfisstofnunar, skotvopnanámskeiði og veiðikortanámskeiði. Veiðimaðurinn þarf sjálfur að skila inn gögnum þegar sótt er um námskeiðin en til að búa um jólagjöfina undir tréð verður að láta hugmyndaflugið ráða. Til dæmis mætti ganga þannig frá gjöfinni að útbúa fallegt gjafabréf sem innihéldi upphæðina sem námskeiðið kostar og pakka því inn í gjafaöskju.



Ilmandi villibráð er fyrir mörgum ómissandi hluti jólanna og marga dreymir um að skjóta sjálfir í jólamatinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

Veiðikortanámskeiðið kostar 10.500 krónur og skotvopnanámskeiðið 20.000 krónur. Sækja þarf um skotvopnaleyfi hjá lögreglu og skila inn sakavottorði, læknisvottorði, passamynd og umsókn um skotvopnanámskeið. Veiðikortanámskeiðið gefur svo réttindi að veiðikorti til almennra fugla-, refa- og hreindýraveiða. Veiðimaðurinn þarf að vera orðinn tvítugur og umsókn um skotvopnanámskeið þurfa að fylgja meðmæli frá tveimur meðmælendum sem eru persónulega kunnugir umsækjanda.

Ítarlegri upplýsingar er að finna á vef Umhverfisstofnunar, www.veidikort.is

*- rat*




JS Watch co.
REYKJAVIK

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100



Kúbein nýtist til margvíslegra verka bæði við niðurrif og uppbyggingu. Handlaginn húsfaðir verður ekki í vandræðum með að finna not fyrir gott kúbein.

Góður klaufhamar er nauðsynlegur á hvert heimili því alltaf þarf að reka inn nagla eða draga hann út.

Þegar staðið er í stórræðum eins og handlögnum er von og vísa eru hlífðargleraugu nauðsynleg. Þau nýtast einnig um áramótin þegar flugeldunum er skotið upp.



Sumum gæti þótt gaman að fá verkfæri og tól í jólagjöf.

# Að gleðja handlaginn

Handlagna húsfeður er gaman að gleðja um jólin. Það ætti ekki að þurfa að verða neinn höfuðverkur að finna góða gjöf því handlagnir hafa yfirleitt gaman af hvers kyns verkfærum og tólum. Byggingavöruverslanir eru því viðkomustaðurinn við jólagjafainnkaup fyrir þá.

Við val á verkfærum er gott að hafa í huga hversu handlaginn viðkomandi er. Fyrir þá sem allt leikur í höndunum á er kannski óþarfi að splæsa í flókið og dýrt verkfærasett sem dygði til að byggja heilt hús. Einföld grunnáhöld eiga kannski betur við því hjá þúsundþjalasmiðum getur einfaldasta verkfæri orðið að töfratæki.

Góður klaufhamar leikur í höndunum á handlögnum við hvers konar verk og nauðsynlegt áhald á hvert heimili. Einnig er kúbein hentugt til fjölbreytilegra verka og ófáar aðstæður koma upp þar sem gott kúbein myndi koma að gagni. Einnig eru hlífðargleraugu nauðsynleg því hinn handlagni vílar sjaldan fyrir sér að standa í stórræðum. *- rat*



Gísli Einarsson rekur verslunina Nexus fyrir þá sem kunna vel að meta myndasögur, -diska og

# Ofurhetjur og nísk

**Myndasögur, -diskar og græjur eru meðal þess sem á upp á pallborðið hjá njörðum og tæknigúrúum. Ýmislegt spennandi er í boði fyrir þessi jól, þar á meðal margslungin myndakerfi og myndasögur um hetjur og nískar endur.**

Gísli Einarsson hjá versluninni Nexus segir myndasögur og -blöð alltaf vera vinsælar jólagjafir. „Hún er til dæmis frábær myndasagan um ævi Jóakims frænda úr Andrésar andar-blöðunum. Þar eru á ferð sögur sem vísa til gömlu sagnanna sem komu út frá 1950 til 1960 og eru látnar mynda samfellda heild í þessu riti. Don Rosa heldur utan um verkið en hann þykir af mörgum sá eini sem nær þessum gamla stíl.“

Klaufabárðarnir eru svo annað dæmi um vinsælar sögupersónur sem hafa gengið í endurnýjun lífdaga með DVD-útgáfu á ævintýrum þessara uppátækjasömu kjánaprika. „Eins má nefna jaðarmyndir eins og Drawn Together og Robot Chicken, sem eru teiknimyndir ætlaðar fullorðnum. Myndirnar eru alls ekki fyrir börn.“

Gísli mælir svo með blue ray-mynddiskum fyrir þá sem vilja mikil myndgæði. „Útlit var fyrir að vandræði yrðu með þá vegna gengisvandamála en nú virðist ætla að rætast úr því. Hér verða ofurhetjumyndir í góðu úrvali fyrir jólin og einhverjar þeirra er svo hægt að fá í formi leikfangakarla, sem má stilla upp í hillu eða á skrifborð.“

Þeir sem hafa síðan fengið nóg af ástandinu eða gangi heimsmála almennt geta tekið málin í sínar hendur í hernaðarspilinu Axis and Alleys, sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni og gengur út á að leggja undir sig heiminn. „Leikmenn geta verið mest fimm, þrír í liði Bandamanna og tveir sem stýra óvinaherum. Spilið er svipað og Risk, en ögn flóknara. Svo er borðspilið Diplomacy loks aftur fáanlegt þar sem markmiðið er að ná völdum í Evrópu en þó með ögn friðsamlegri hætti.“

Þeir sem vilja fikra sig meira yfir í nýjustu tækni gætu glaðst yfir Bose LifeStyle-stjórnstöðinni sem Gísli Þorsteinsson, starfsmaður hjá Nýherja, spáir vinsældum en með henni má velja tónlist fyrir fjölda herbergja í stað þess að vera með hljómtæki í hverju fyrir sig. „Stjórntækið er útvarp og heima-





**Iron Man, Hellboy og Indiana Jones eru meðal þeirra hetja sem ratað hafa á hvíta tjaldið og fást nú á blue ray-mynddiskum. Íslensku útgáfurnar kosta á bilinu 3.500 til 3.900 krónur.**



**Með Bose LifeStyle má velja tónlist fyrir fjölda herbergja. Kostar frá 849.000 krónum hjá Sense í Hlíðarsmára í Kópavogi. Hægra megin við stöðina er 40 tommu Sony BRAVIA sjónvarp, KDL40-Z4500, en 200 riða myndvinnsla eyðir tifi í hreyfingu á mynd og tryggir meiri skerpu. Kostar 569.900 kónur í Sony Center.**



**Canon Eos 1000D er 10,1 megapixla og býr yfir svonefndum CMOS skynjara sem skilar lifandi og skörpum myndum í litlum birtu skilyrðum. Þá fangar hún stórar jpeg myndir á þremur römmum á sekúndu í samfelldri myndatöku. Kostar 84.900 krónur og fæst í netverslun Nýherja.**





borðspil. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# ar endur



Borðspilið Axis and Alleys fæst í Nexus á 7.995 krónur.

„Watchmenn er ein frægasta og virtasta myndasaga sem hefur komið út og opnaði augu almennings fyrir því að myndasögur væru ekki bara fyrir börn," segir Gísli í Nexus. Kostar 2.999 krónur.

bíókerfi með DVD og hörðum diski sem getur geymt allt tónlistarsafnið."

Af öðrum græjum nefnir Gísli Canon EOS 1000D-myndavélina sem EISA, samtök fagtímarita í 19 Evrópulöndum, valdi sem eina bestu myndavélina fyrir áhugaljósmyndara. Einnig nýtt 40 tommu Sony BRAVIA-sjónvarp, KDL40-Z4500, sem er með 200 riða myndvinnslu eða Motionflow 200hz. „Nýja X4500-sjónvarpalínan frá Sony er það allra besta sem fyrirtækið býður upp á í myndgæðum í dag," bendir hann á og segir fullt af nýjungum í boði sem hér má skoða. *- rve*



# Töfrandi kvöldstund í góðum félagsskap

Gjafakort í leikhús er skemmtileg gjöf fyrir alla, konur, krakka og karla. Slík gjöf er ávísun á töfrandi kvöldstund auk þess sem það leysir gefandann undan þeirri ábyrgð að gefa gjöf sem viðtakendum líkar ekki. Gjafakortið má nefnilega nota hvenær sem er og á margar mismunandi sýningar.

Hjá Leikfélagi Akureyrar kostar gjafakort á almennar sýningar 3.450 krónur en á söngleiki 3.950 krónur. Gjafakortið gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Sjá www.leikfelag.is.

Gjafakort Borgarleikhússins gilda að eilífu. Gjafakort fyrir einn kostar 3.490 og er hægt að kaupa þau í miðasölu eða á vefnum. Einnig býður Borgarleikhúsið upp á gjafakort fjölskyldunnar á Söngvaseið þar sem miðinn kostar 3.000 krónur. Sjá www.borgarleikhus.is.

Gjafakort í Þjóðleikhúsið má kaupa í miðasölu Þjóðleikhússins við Hverfisgötu, í síma eða á vefnum. Gjafakort fyrir einn kostar 3.400 krónur en einnig má fá gjafakort á Kardemommubæinn á 2.000 krónur. Sjá www.leikhusid.is



Gjafakort á leiksýningar er sniðug gjöf fyrir þá sem eiga allt.




# Heitt og huggulegt

Ef unnustuna eða eiginkonuna vantar rómantíska gjöf handa honum er gjafakort fyrir dvöl í notalegum bústað heillandi hugmynd. Hún sjálf fylgir auðvitað með til að fullkomna dekrið. Það er endurnærandi að bruna út í sveitina með góðmeti í farteskinu og skilja stressið eftir heima.



**Allar græjur eru í bústaðnum, svo sem sjónvarp, DVD-spilari og útvarp en ekki er skylda að kveikja á þeim.**

Kveikja á kertum, setja uppáhaldstónlistina á og njóta kyrrðar í fögru umhverfi. Gildir þá einu hvaða árstími er.

Á vefnum www.sveitasetrid.com er hægt að panta gjafakort sem gilda í nýleg hús í Biskupstungum sem reyndar rúma sex manns. Þar eru öll þægindi, meðal annars amerísk rúm af bestu gerð og úti á veröndinni heitur pottur. Þar er ekki amalegt að dorma fjarri borgarysnum, undir stjörnubjörtum næturhimni eða á björtu vorkvöldi.

Í nágrenninu er golfvöllur, sundlaug og hestaleiga auk þess sem þar eru nokkrar af skærustu náttúruperlum Íslands svo sem Geysir og Gullfoss og ógrynni fallegra gönguleiða. *-gun*



**Bústaðirnir á www.sveitasetrid.is eru hlýlegir og halda vel utan um dvalargesti.**


TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Fjarstýrðir bensín- og rafmagnsbílar í úrvali

SAVAGE X 4.6 Big Block



Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is



TOP REITER

Mikið úrval af vönduðum úlpum á jólatilboði Verð frá kr.

9.950.-



WELLENSTEYN

Ögurhvarfi 2 • Kópavogi • 565 5151





**Bókin Dýrin skilgreinir veröld dýranna frá öllum hliðum. Í Máli og menningu kostar hún 11.990 krónur um þessar mundir. Myndin að ofan er ekki úr bókinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Allir eru vísindamenn þegar á botninn er hvolft

**Það kostar skemmtilegt grúsk að velja gjafir handa þeim sem hafa gaman af grúski. Þar getur bæði verið um gamalt efni að ræða og nýtt.**

Þeir sem aðhyllast vandaðar bækur og DVD-diska um náttúruvísindi, sagnfræði, lönd og álfur og fleira fræðandi geta átt von á góðum jólagjöfum í ár. Útgáfa slíkra bóka og diska virðist þróttmikil og stöðugt bætist í flóruna hið áhugaverðasta efni. Það er við hæfi flestra enda eru allir vísindamenn þegar á botninn er hvolft.

Nefna má bókina Dýrin sem er sneisafull af fróðleik og aðra um manninn frá órófi til okkar daga, einnig heillandi þætti um plánetuna jörð.

Svo eru fjársjóðir faldir á fornbókasölum fyrir þá sem hafa gaman af að grufla í gömlum skræðum sem eru kannski bara til í örfáum eintökum.

Í Bókinni á Klapparstíg er mikið bókagallerí í um tuttugu deildum. Ein deildin heitir Saga lands og heims og eins og nafnið ber með sér eru þar íslenskar sögubækur og alls heimsins. Ari Gísli Bragason bóksali segir grúskara sem þangað sækja vera af báðum kynjum og á öllum aldri.

Ari Gísli telur fólk vera að nálgast bókina aftur eftir að hafa fjarlægst hana um tíma. „Þótt reynt sé að setja allt í tölvutækt form heldur bókin velli,“ segir hann. „Við Íslendingar erum líka jafnan með myndarlega útgáfu, leggjum mikið í bækur og höfum þær vandaðar.“ *-gun*



**Ari Gísli segir Íslendinga jafnan standa myndarlega að útgáfu bóka.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**Saga mannsins frá órófi til okkar daga er bók sem tæpir á mörgu áhugaverðu í fortíð og nútíð. Hún kostar nú 11.990 í Máli og menningu.**




**Þættirnir með köldu blóði fjalla ekki um glæpi heldur dýr með kalt blóð. Þeir kosta 3.899 í Máli og menningu.**






**Í ársriti Hins íslenska fræðafélags er bæði íslenskur og alþjóðlegur fróðleikur. Handbundið í skinn er settið á 18.000 krónur í Bókinni.**




**Fyrir bílaáhugamanninn eru þættirnir Top Gear eitthvað til að liggja yfir og skemmta sér við. Þeir fást í Máli og menningu og kosta 4.699.**




**Ljóðmæli Gríms Thom-sens í viðhafnarútgáfu frá árinu 1895; fæst á 4.000 í Bókinni.**



**Bókaflokkur eftir Þorstein Thoroddsen í Fjölva sem fjallar um ólíka þætti þjóðlífs á Íslandi framan af 20. öld, konungsdýrkun, heimastjórn, skáld, frelsisbaráttu og fjölmargt fleira. Settið er á 4.500 í Bókinni en stykkjaverð er 900.**





**Plánetan jörð lýsir lífinu á jörðinni í bæði ógnvekjandi og heillandi þáttum á DVD. Safnið kostar 5.799 krónur í Máli og menningu.**



Föðurlandið ehf.

fatboy® the original




Óvænta jólagjöfin í ár!

GOBELINS

Nýtt á Íslandi. Fæst í Fatboy



Suðurveri, Stigahlíð 45-47, 105 Reykjavík
sími: 578 2004 • e-mail: fatboy@fatboy.is,
www.fatboy.is


# Bækur og endurbættur Bens



Kjartan vill sökkva sér niður í góðar bókmenntir um jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég væri alveg til í að fá nýju bókina eftir rithöfundinn Steinar Braga, Konur, í jólagjöf. Ég heyrði kafla úr henni um daginn og fannst það alveg stórkostlegt. Þetta er svona bók sem væri örugglega gaman að lesa á aðfaranótt jóladags,“ segir Kjartan Sturluson, markmaður í Val og einn eigenda vefverslunarinnar www.birkiland.is.

„Bækurnar hans Steinars Braga eru almennt mjög skemmtilegar. Eins og til dæmis Áhyggjudúkkur. Í hittiðfyrra gaf hann svo út bók sem er mjög í anda spæjarasagnanna um Sherlock Holmes. Það var áhugavert hliðarspor af hans hálfu.“

Fyrir utan að vera mikill aðdáandi Steinars Braga segist Kjartan almennt lesa mikið. „Já, ég fíla bækur eftir höfunda eins og Vigdísi Gríms, Einar Má og Guðmund Andra,“ telur hann upp og segist vona að reyfarabólan fari bráðum að springa. „Þetta verða ekki alltaf söluhæstu bækurnar frekar en að þættir eins og Law and Order verði alltaf vinsælastir í sjónvarpinu.“



Kjartan langar í nýju bókina eftir Steinar Braga og svo hefði hann ekkert á móti nýjum hjálmi í hestamennskuna.

Kjartan er líka mikill hestamaður og væri alveg til í að fá nýjan hjálm í jólagjöf. „Já, ég á sjö hesta með öðrum,“ segir hann. Spurður hvort ekki sé dýrt að halda úti hestastóði segist hann í gríni alltaf geta borðað einhverja þeirra kreppi að.

„Svo væri ég alveg til í að bílinn minn, sem er 25 ára Bens, haldi áfram að ganga, en hann er búinn að bila oft að undanförnu. Ég fæ úrskurðinn frá bifvélavirkja núna í vikunni.“

*- rve*




**5. Kaffisopinn er góður og nauðsynlegt fyrir hvert kaffidrekkandi karlmenni að eiga einn góðan kaffibolla. Helst veglegan og blómalausan.**




**1. Koníak er drykkur sem margir eyða dágóðum tíma í að læra að uppgötva og halda síðan tryggð við alla ævi. Koníak fæst í ýmsum verðflokkum og getur verið það verðmætt að menn leggja spariféð í koníaksflösku líkt og listaverk.**



**2. Góðir vindlar falla mörgum í geð þótt þeir geti seint talist heilsusamlegir. Skondið er hve margir njóta þess að fá sér vindil á tyllidögum þrátt fyrir að vera að öllu jöfnu ekki reykingamenn. Hugsanlega er það áunnin smekkur, líkt og með koníakið.**

# Lúxusjól í kotinu

**Margir eru á þeirri línu að láta dekra við sig og kjósa munaðarlíf fram yfir annað.**

Ef við viljum tapa okkur í klisjunum þá má hér finna nokkrar hugmyndir að munaðarlegum jólum.

Að vísu skín ákveðin staðalímynd hér í gegn en þó finna eflaust allir eitthvað við sitt hæfi í því sem hér fer á eftir.

Hver vill svo sem ekki eiga eitthvað af því sem JR í Dallas átti?

*- hs*



**4. Hlýir inniskór eru sérdeilis notalegir í jólafríinu og ilja loðnum tám.**



**3. Hver vill ekki eiga góðan og mjúkan slopp fyrir næðisstundir heima við? Algjör nauðsyn fyrir nautnaseggin og ef fylgja skal staðalímyndinni fer hann vel við veglegan leðurstól, með koníaksglas og vindil í hendi fyrir framan snarkandi arineld.**

# FJÓRIR FLOTTIR FYRIR HANN Í ELKO!




**Flottasti bílaleikur ársins!**
Fjöldi farartækja og fleiri tugir brauta. MotorStorm Pacific Rift er heildarpakkinn þegar kemur að bílaleikjum.




**Besti skotleikur ársins!**
Leikurinn gerist meðal annars á Íslandi og í Bandaríkjunum þar sem Nathan Hale þarf að berjast gegn illvígum geimverum.




**Einn af leikjum ársins!**
Misstu þig í mest klíku og glæpaleik ársins. Leikurinn spilast svipað og Grand Theft Auto IV og er að margra mati betri.




**Flottasti fótboltaleikur ársins!**
Meira en 250 breytingar frá síðustu útgáfu. Spilaðu sem öll helstu lið heimsins í flottasta fótboltaleik ársins.

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115



# Jólatilboð á heimilistækjum

*- hágæði á góðu verði*




Brandt Amana Blomberg De Dietrich KitchenAid



**WilliamBounds**
*Hágæða pipar- og saltkvarnir*
*- margar gerðir*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (bláu húsin v/Faxafen) 20% afs. www.gala.is




## Heildsala




# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Sérsniðnar næringarlausnir. dagamunur.heilsuskyrsla.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Glæsilegt heilnudd. Tilboð í gangi. Uppl. í s. 662 0841.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**Viltu læra að fljúga?**
**Skráning stendur yfir á einkaflugmanns-, atvinnuflugmanns-, flugkennara- og áhafnasamstarfsnámskeið sem byrja í janúar. Kynntu þér málið á www.flugskoli.is eða í síma 514 9400.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Jólatilboð**
30% afsláttur af Aqua Art fiskabúrum. Búrin koma í 3 stærðum, 20, 30 og 60 lítra.Með búrunum fylgir hreinsibúnaður, lok með ljósi, matur og bætiefni. DýragarðurinnSíðumúla 10S:517-6525

2 fallegir kettlingar fást gefins. Undan verðlaunalæðu. Aðeins góð heimili koma til greina. S. 861 7866

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

**husaleiga.is**

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Lítil 2 herb. íbúð í Bústaðahverfi til leigu frá 15. des. Uppl. í s. 898 9993.

**105 - Laust strax**
Til leigu bjart og gott herb. á frábærum stað í bænum. Sameiginleg eldunar og baðaðstaða. Internet. Glæsileg aðstaða. Þrif á sameign innifalinn í leigu. S. 863 3328 & 846 0408.

Nokkur herbergi m prívat baðherbergi og ein stúdío íbúð til leigu í Stapahrauni 2, Hf. Eldhús, þvottahús, frítt internet, húsgögn ef þarf. S: 893 6060

107 RVK: Falleg 4herb, 97 fm ásamt bílskýli, s 8998264. 3 bedrooms and a living room.

Sjarmerandi og góð 2-3 herb. íbúð með húsgögnum til leigu í Skipasundi. V. 110 þ. á mán. með hússj., rafm. og hita. Laus strax. Uppl. í s. 690 0150 & á steinigumm@gmail.com

3ja 73fm kj.íb. í góðu ástandi v/ Laugardal. Sér inng. engin gæludýr. Laus s.860-2811

Herbergi til leigu með aðg. að eldh. og baðherb. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Herb. til leigu í 220. Hentar vel sem skrifst. eða gistir. 33 fm. S. 693 7815

40-50 fermetra íbúðir til leigu í hverfi 101. 85 þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram. Uppl. í s. 568 1848 & 896 7611.

Herbergi til leigu með aðgangi að salerni, eldhúsi og þvottaaðstöðu. S. 893 8839.

200fm 5herb. nýstandsett einbýlishús til leigu á Álftanesi. Laus. Uppl. í s. 892 7919.

3. herb. íbúð til leigu í svæði 108. Uppl. í s. 868 4161.

Til leigu herb. á Langholtsvegi og Álftamýri. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

Herbergi til leigu með sameiginlegu eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 770 6090.

Til leigu stúdíóíbúð á sv. 107 Innif. hiti, rafmagn og hússjóður. V. 65 þús. á mán. S. 697 7417.

2 herb. í miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 60þ. S. 895 0482.

Herb. til leigu í Garðabæ.Öll aðstaða innifalin,eldhús,þvottahús og baðherbergi.Internet og Tv.Leiga 35000 á mán. Uppl 8994629

Til leigu glæsileg 120 fm, 4ra herb. íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði með geymslu og bílastæði í kjallara. Laus strax. Verð 135þ+hússj. Uppl. í síma 692 7936.

Sjáland, Garðabær. Langtímaleiga. Ný 3ja herb. íbúð 118fm+11fm geymsla og bílgeymsla. Laus nú þegar. Páll, 696 4464.

Nice rooms for rent in 104 RVK. Uppl. í s. 697 8720.

Til leigu 2. herb. íbúð á Vesturgötu í 101. Uppl. í síma 897 3809.

APPARTMENT FOR RENT ósamþ. 90m2 íbúð í Garðabæ, mjög opin, hátt til lotfs v.110þús. S. 892 7858.

Íbúð í 101. Til leigu 48 fm stúdíóíbúð á Grettisgötu, með húsgögnum. Laus strax. Tilboð óskast. Uppl. í síma 899 1089 Finnbogi, 895 6126 Inga.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Fasteignir

**Fasteignamiðlun Vesturlands**
**Sími 431 4144 - www.fastvest.is**
Soffía S. Magnúsdóttir lögg. fasteignasali GSM: 846 4144

**Skipti: Akranes - Reykjavík**



**Dalsflöt 7,**
Steypt einingahús með ljósum kvartssalla 187 fm. Innangengt í bílskúr.
Byggt 2004
**Verð 44,8 millj.**



**Leynisbraut 5,**
Timburhús, klætt með álklæðningu. 167 fm. Innangengt í bílskúr.
Byggt 1999.
**Verð 37,9 millj.**

## Fundir / Mannfagnaður



# Jólafundur Handarinnar

**Höndin heldur árlegan jólafund sinn í neðri sal Áskirkju 10. desember klukkan 20.30.**

Ása Björk Ólafsdóttir, héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi, flytur erindi um glímuna við þakklætið. Rithöfundarnir Sigmundur Ernir og Þráinn Bertelsson lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum og sr. Bjarni Karlsson, prestur í Laugarneskirkju, flytur hugvekju. Kvennakórinn Glæðurnar syngur nokkur jólalög undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur og að lokum verður fjöldasöngur.

Þá verða veittar tvær viðurkenningar.

Fundarstjóri er Ellert B. Schram alþingismaður.

**Kaffi og piparkökur. Allir velkomnir.**







## Þjónusta

**Vantar þig hlýlega jólagjöf handa starfsfólkinu eða fjölskyldunni? Þá er kínverska fótanuddið tilvalin gjöf!**

**Bjóðum einnig 20% afslátt af öllum gjafakortum til 15. desember**

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

## Húsnæði óskast

Einbýlishús til leigu í Vesturbergi. 6 herb. 165 þ. + hiti & rafm. Uppl. í s. 693 7815.

Einbýlishús til leigu í Vesturbergi. 6 herb. 165 þ. + hiti & rafm. Uppl. í s. 693 7815.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði




**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Bílageymsla og fleira. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu 26,3fm bílskúr á vöktuðu svæði á Móhellu í Hafnarfirði. S. 823 5050.

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

THORVALDSEN

Thorvaldsen bar óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf: salur/bar, eldhús/uppvask, einungis fólk með reynslu kemur til greina. Góð laun í boði. 25 ára og eldri. Thorvalsen Bar is looking for people in kitchen diswash. Umsóknir á staðnum milli 11-18 / Kolbrún 511 1413

**Viltu vera félagi í söluherliði Lafleur?**
**Lafleur útgáfan vantar dugmikið sölufólk. Góð laun í boði - framtíðarstarf. Reykjavík - Akureyri - Sauðárkrókur. Nánari uppl. í s. 772 1640 & 659 3313 & 552 8255. Lafleur útgáfan.**

**Shell Reykjavíkurvegi**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra og starfsmann í afgreiðslu á Shell við Reykjavíkurveg. Um vaktavinnu er að ræða. Nánari upplýsingar veitir stöðvarstjóri í síma 555 1720 eða á starf@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**

**Óskum eftir ábyrgu fólki í Öryggisgæslu í Desember.**
**Almenn gæsla í verslunum og Bílastæðagæsla. Vaktavinna, bæði að nóttu og degi. Skilyrði: Með umsókn fylgi Nýtt SAKAVOTTORÐ og passamynd. Lágmarksaldur 23 ár Umsóknir á skrifstofu í Fákafeni 11- 2 hæð. Myndavélagæslan ehf.**

**Ókeypis námskeið**
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag. Ný tekjuleið! Námskeiðið fer fram á netinu, www.netvidskipti.is

VANDAÐUR HÁRSNYRTIR ÓSKAST. SPARTA LAUGARÁSVEGI 1. UPPL. Í SÍMA 8963963.

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Upplýsingar í síma 004793612668

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Uppl. í s. 0047 93612668.

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu. Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

2 frábærir ungir tónlistarmenn sem spila á gítar og pianó taka að sér að spila dinner og annarskonar skemmtitónlist á jólahlaðborðum, brúkaupum, afmælum og öðrum álíka samkomum. Nánari uppl. hjá Andra í s. 616 9877

## Einkamál



Til sölu MMC Pajero 1997 í fínu ástandi. Ekinn 215 þús. Einn eigandi. Verð 600.000,- stgr. Skipti á dýrari smábíl kemur til greina. S. 551 5075.

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Vinur óskast!**
Fertug kona, dökkhærð, síðhærð, grannvaxin, vill eignast vin. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8957.

**Ný upptaka**
Jæja karlmenn. Hér er frábær hljóðritun ungrar konu sem er ein með sjálfri sér í alveg makalaust nautnalegri upptöku! Njóttu vel í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ódýrara), upptökunr. 8617.

**35 ára kona**
grannvaxin og barmfögur leitar kynna við karlmann með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8181.


**Takk!**
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is






# Fréttablaðið stendur upp úr

## Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.


## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirfarandi framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

### Uppbygging vegar frá Hörgsnesi að Þingmannaá í Vatnsfirði, Vesturbyggð.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**
Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **7. janúar 2009.**

**Skipulagsstofnun**

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Tollkvótar vegna innflutnings á blómum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A, laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar dags. 28. nóvember 2008, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á blómum, **fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009.**

***Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: www.stjr.is/slr***

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, **fyrir kl. 15:00, mánudaginn 15. desember 2008.**

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu*
*8. desember 2008*

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Tollkvótar vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

Með vísan til 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar dags. 28. nóvember 2008, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á smurostum (0406.3000) framleiddum í Noregi, **fyrir tímabilið 1. janúar - 31. desember 2009.**

***Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: www.stjr.is/slr***

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, **fyrir kl. 15:00 mánudaginn 15. desember n.k.**

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu,*
*8. desember 2008*


Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

**JUDI DENCH ER 74 ÁRA Í DAG.**

*„Ég held að lykillinn að velgengni sé að taka starfið sitt alvarlega en ekki sjálfan sig.“*

***Breska leikkonan Judi Dench hefur leikið í fjölda mynda en er einna frægust fyrir hlutverk sitt sem Elísabet drottning.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9 DESEMBER 1990

## Walesa kjörinn forseti Póllands



Lech Walesa varð fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Póllands þennan dag árið 1990 .

Walesa var dæmdur fyrir andfélagslega hegðun árið 1970 vegna verkfalls sem hann efndi til og sat í fangelsi í ár. Hann var leiðtogi verkfallsmanna í Gdansk í ágúst 1980 og fylgdu verkamenn víðar um Pólland fordæmi verkfallsmanna í Gdansk með ólöglegum verkföllum. Í september heimilaði stjórn kommúnista lögleg félagasamtök. Við það varð Samstaða til og var Walesa kjörinn formaður samtakanna.

Hann var svo handsamaður 11. desember 1981 auk 1.000 félagsmanna Samstöðu og losnaði ekki fyrr en 14. nóvember 1982.

Walesa efndi aftur til verkfalls 1988, nú til að Samstaða fengi aftur sinn lögmæta sess sem verkalýðsfélag. Að átta dögum liðnum féllust stjórnvöld á að ræða við samtökin. Það leiddi til þess að Samstaða varð viðurkennd sem verkalýðsfélag og efnt var til hálffrjálsra þingkosninga.

Samstaða var sigurvegari þingkosninganna 1989. Fyrir árslok 1989 hafði Walesa náð að mynda fyrstu ríkisstjórn í Varsjárbandalagslandi án þátttöku kommúnista. Hann sigraði í forsetakosningunum 9. desember árið eftir.

ÆSKULÝÐSFÉLAG VÍDALÍNSKIRKJU: LEYSIR ÞRÆLABÖRN Á INDLANDI ÚR ÁNAUÐ

# Rokka fyrir góðan málstað

Unglingar úr æskuliðsstarfi Vídalínskirkju afhentu fyrir skemmstu Hjálparstarfi kirkjunnar 400 þúsund króna peningagjöf. Fjármununum verður varið til þess að leysa þrælabörn á Indlandi úr skuldaánauð. Bjarni Gíslason hjá Hjálparstarfi kirkjunnar veitti gjöfinni viðtöku og upplýsi um leið að féð myndi leysa um 80 börn úr ánauð.

Peningunum hafa ungmennin, að undirlagi Ármanns H. Gunnarssonar æskulýðsfulltrúa Vídalínskirkju, safnað með margvíslegum hætti frá því í byrjun árs 2007. Ármann stundar mastersnám í hjálparstarfi og guðfræði og bjó á Indlandi um skeið. „Þegar ég kom heim völdum við að gera fræðslu um þróunarmál að miðlægum þætti í öllu okkar æskuliðsstarfi,“ segir Ármann. Hann segir ungmennin hafa viljað leggja hönd á plóg og var ákveðið að stofna hljómsveitina Xodus sem kom fyrst fram á æskuliðsdegi kirkjunnar í mars 2007 en hefur síðan spilað á hinum ýmsu styrktarsamkomum. Í vor bættist svo hljómsveitin 11. boðorðið við. Auk þess hafa ungmennin selt dagatöl, haldið kökubasar og gengið í hús.

Nú þegar þessu verkefni er lokið taka önnur við og hafa ungmennin þegar hafist handa við að safna fé fyrir munaðarlaus börn í Uganda. „Mér finnst merkilegt að sjá hvað þau hafa haldið þetta lengi út og ætla sér ótrauð að halda áfram,“ segir Ármann. Hann segir hljómsveitarstarfið, í umsjón Andra Bjarnasonar, hafa átt mikinn þátt í því að vekja áhuga ungmennanna og er sérstaklega ánægður með hversu margir strákar taka þátt. Einn þeirra er Kristinn Þór Gunnarsson. Hann er meðlimur í hljómsveitinni Xodus ásamt því að vera leiðtogi í 11. boðorðinu og sunnudagaskólakennari.

„Ég kynntist æskulýðsstarfinu í gegnum hljómsveitina sem Ármann auglýsti fyrir æskulýðsdaginn 2007 og hef verið á fullu í þessu síðan. Við spilum aðallega svokallaðar ábreiður og erum sem stendur að vinna að því að gera plötu sem kemur út á næsta ári,“ upplýsir Kristinn. Hann er að vonum ánægður með ágóðann af starinu. Þá segir hann ekki verra að fá um leið tækifæri til að spreyta sig í tónlistinni. „Ég held að það séu ekki margir krakkar á okkar aldri sem fá tækifæri til að spila fyrir jafn marga áhorfendur. Þeir eru örugglega orðnir yfir þúsund.“

Samskonar áhersla er sem fyrr segir í öllu æskuliðsstarfi Vídalínskirkju og hefur Gospelkór Jóns Vídalíns lagt sitt af mörkum undanfarin ár. Í ár mun ágóðinn af jólatónleikum þeirra, sem fara fram í FG þann 19. desember, renna til ABC barnahjálpar í Kenya.

**vera@frettabladid.is**



**ÖFLUGUR HÓPUR** Æskuliðsfélag Vídalínskirkju afhenti Hjálparstarfi kirkjunnar 400 þúsund króna ávísun. Ármann H. Gunnarsson æskuliðsfulltrúa má sjá í fremstu röð lengst til hægri en Kristinn Þór gunnarsson lengst til vinstri. MYND/ÚR EINKASAFNI

---



*Okkar ástkæra*

**Elín Steinunn Árnadóttir**

Skeiðarvogi 149, síðast á hjúkrunarheimilinu Sóltúni,

andaðist að morgni laugardagsins 6. desember.

**Magnús Jónasson** — **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Guðrún Björk Jónasdóttir**
**Halldór Jónasson** — **Sólrún Ó. Sigurodssdóttir**
**Hallfríður Jónasdóttir** — **Þórður Björnsson**
**Árdís Jónasdóttir** — **Hjörtur Sandholt**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbjörg G. Bjarnadóttir**

Eiríksgötu 9, Reykjavík,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 30. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 11.00. Jarðsett verður í Bólstaðarhlíðarkirkjugarði.

**Ríkharð B. Björnsson** — **Hrafnhildur Hansdóttir**
**Helga Björnsdóttir**
**Ragnheiður E. Björnsdóttir** — **Friðrik Stefánsson**
**Marinó B. Björnsson** — **Guðbjörg Birkis Jónsdóttir**
**Efemía G. Björnsdóttir** — **Steinar Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjörleifur Hafliðason,**

Rauðumýri 3, Akureyri,

lést á heimili sínu sunnudaginn 30. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. desember kl. 13.30.

**Júlíana Hinriksdóttir**
**Sigurður Hinrik Hjörleifsson** — **Sjöfn Ragnarsdóttir**
**Elísabet Hjörleifsdóttir** — **Guðmundur Heiðar Frímannsson**
**Hjörleifur Árnason** — **Þórhalla Sigurðardóttir**
**Kristján Sigurðsson**
**Lárus Arnór Guðmundsson** — **Þóra Sif Ólafsdóttir**
**Jóhann Guðmundsson**
**Valgerður Guðmundsdóttir**
**og langafabörn.**

---



*Þökkum öllum þeim er sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Stefaníu I. Guðmundsdóttur**

áður Tunguvegi 5, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki fjórðu hæðar Sólvangs fyrir góða og kærleiksríka umönnun undanfarin ár. Guð blessi ykkur öll.

**Elín S. Ólafsdóttir** — **Jónas Gestsson**
**Guðjón M. Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Jónasson**

húsasmíðameistari,
Mánabraut 6, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10.desember kl.13.00.

**Sigrún Eliseusdóttir**
**Ellert Ingi Harðarson** — **Oddný Jóna Þorsteinsdóttir**
**Jónas Freyr Harðarson** — **Anna Soffía Reynisdóttir**
**og barnabörn**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorfinnur Jóhannsson,**

bifreiðastjóri, Daggarvöllum 4b, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 6. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 16. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarkort Kvenfélags Hringsins Hafnarfirði sem fást í Lyf og Heilsu Firði.

**Ingibjörg Gígja Karlsdóttir**
**Karl Jóhann Valdimarsson** — **Erla Þóra Óskarsdóttir**
**Jóhann Þorfinnsson** — **Hafdís Erlingsdóttir**
**Anna Kristín Þorfinnsdóttir** — **Rolf Inge Paulsen**
**Björn Þorfinnsson** — **Þorgerður Hafsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar tengdamóðir og amma,*

**Kristín Hannesdóttir**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 11. desember kl. 11.00.

**Gréta Lárusdóttir**
**Indríður Lárusdóttir**
**Ingunn Lárusdóttir**
**Sigfríður Lárusdóttir** — **Páll Steinarsson**
**Svanur Lárusson** — **Sigurborg Óskarsdóttir**
**Börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæra sambýliskona, móðir, amma og langamma,*

**Málhildur Sigurbjörnsdóttir**

til heimilis að Heiðarbrún,
áður Holtsgötu 14a, Reykjavík,

er látin. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Arthur Karl Eyjólfsson**
**Sigmundur Karlsson** — **Linda B. Sigurðardóttir**
**Unnur Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Karl Sesar Karlsson** — **Þorbera Fjölnisdóttir**
**Þóra Lind Karlsdóttir** — **Salómon V. Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

# Jólatilboð
## 20% afsláttur
af öllum skrifborðsstólum



Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is




NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Góð tilboð og vond

Ég vann einu sinni með manni sem keypti aldrei neitt nema það væri á tilboði. Hann fór meira að segja einu sinni í handboltaferð þrátt fyrir að handboltaáhuginn væri í meðallagi. Hann gaf þá skýringu að þetta hefði einfaldlega verið of gott tilboð til að taka því ekki. Húsfreyja heimilisins er á sömu bylgjulengd. Nú kemst ekkert inn fyrir hússins dyr nema það sé á tilboði.

Þannig voru fjórir svínabógar eldaðir í síðustu viku enda kílóverðið í Bónus aðeins 499 krónur. Steikingin hófst klukkan níu að morgni svo öruggt væri að maður kæmist ekki með lúkurnar í góðgætið. Því þótt maður sé mathákur torgar enginn pörusteik svona snemma dags. Húsfreyjan tók fram dúkahnífinn og risti pöruna niður að kjöti, dreifði lárviðarlaufum eins og álfkona yfir kjötið og stakk herlegheitunum svo inn í frystinn að kælingu lokinni með bros á vör. Allt gekk það hratt fyrir sig að eini vitnisburðurinn um eldamennskuna var ilmurinn af steiktu svíni sem lék um íbúðina langt fram á næsta dag.



Ofurráðskonan spenntist síðan heldur betur upp á kassanum í Bónus þegar henni heyrðist afgreiðslukonan bjóða sér frímerki. „Já, takk! 60 stykki!“ Hún blessaði Bónusfeðga í huganum og hugsaði með sér hvílík búbót þetta væri nú fyrir heimilið; að fá ókeypis frímerki. Þegar heim var komið og strimillinn skannaðar kom þó í ljós að góssið sem átti að vera gefins hafði kostað heilar 2.500 krónur. Þessi misskilingur kostar að ég þarf að eyða kvöldinu í að finna 60 ættingja og vini sem hafa unnið sér inn „goodwill“ til að verðskulda bréf frá mér. Því ekki mega frímerkin fara til spillis.


Jóladagatal Norræna hússins www.nordice.is
alla dagaklukkan 12:34
Í gær var Ari Trausti Guðmundsson
Hver verður í dag?


# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





# Gorenje
## ísskápur



A+ Orkunýtni

Gorenje ísskápur
RK60358DE
Ryðfrítt stál.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Hæð: 180 cm.

Verð
155.400 stgr.

RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 82311



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# Sinfónían tilnefnd

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Rumon Gamba, aðalstjórnandi hennar, eru tilnefnd til Grammy verðlauna í ár. Tilnefningin er í flokknum „Best Orchestral Performance“ og eru þau veitt hljómsveitarstjóra og hljómsveit.

Þetta er mikill heiður hljómsveitinni og gleðilegur áfangi íslenskum tónlistarmönnum nú þegar fer í hönd afmælisár sveitarinnar. Þá er þetta ekki síður áfangi fyrir Gamba á ferli hans. Grammy verðlaunin eru virtustu verðlaun Bandaríkjanna og eru veitt í 110 flokkum og teigja sig um allt svið tónlistar sem hljóðrituð er þar í landi, til dæmis eru veitt sérstök verðlaun fyrir polka og tónlist frá Hawai, svo dæmi séu nefnd. Langflestir flokkarnir taka til þess sem kallað hefur verið nýgild tónlist, og eru þeir færri sem eru á sviði sígildrar tónlistar. Besta hljómsveit landsins eða Melabandið eins og Sinfónían er stundum kölluð í hálfkæringi og væntumþykju er í hörðum riðli þar sem tilnefningar eru:

**D'Indy: Hljómsveitarverk - Orchestral Works, Vol. 1**
Rumon Gamba, stjórnandi (Sinfóníuhljómsveit Íslands)
[Chandos]

**Glazunov: Symphony No. 6, La Mer, Introduction And Dance From Salome**
José Serebrier, stjórnandi (Royal Scottish National Orchestra)
[Warner Classics & Jazz]



**TÓNLIST** Besta hljómsveit landsins

**Prokofiev: Scythian Suite, Op. 20**
Alan Gilbert, stjórnandi (Chicago Symphony Orchestra)
Track from: Traditions And Transformations: Sounds Of Silk Road Chicago
[CSO Resound]

**Shostakovich: Symphony No. 4**
Bernard Haitink, stjórnandi (Chicago Symphony Orchestra)
[CSO Resound]

**Walden, Chris: Symphony No. 1, The Four Elements**
Chris Walden, stjórnandi (Hollywood Studio Symphony Orchestra)
[Origin Classical]

**- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 9. desember 2008**

### ➜ Uppákomur

12.34 **Lifandi jóladagatal** í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í dag verður opnaður níundi glugginn. Í gær var Ari Trausti Guðmundsson í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag.

### ➜ Sýningar

**Þorsteinn Davíðsson** sýnir teikningar og myndir á striga á Mokka við Skólavörðustíg. Opið alla daga kl. 9.-18.30.

Í tilefni af **10 ára afmæli Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar** hefur verið sett upp sýning á myndum úr ferðum Vilhjálms á norðurslóðir Kananda auk brota úr dagbókarfærslum hans og fleira. Opið virka daga frá kl. 07.30-17.15. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Borgum við Norðurslóð, Akureyri.

### ➜ Bækur

12.15 **Kynningar á nýjum bókum í hádeginu**, 8.-11. desember í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Í dag fjalla **Kristján B. Jónasson** og **Sölvi Sveinsson** um bókina „Amtmaðurinn á einbúasetrinu“ eftir Kristmund Bjarnason.

### ➜ Leiklist

**Rétta leiðin** Barna- og unglingaleikhúsið Borgarbörn sýnir jólasöngleik í Iðnó við Vonarstræti. Í dag verða sýndar tvær sýningar sú fyrri kl. 9 en hin seinni 10.30.

### ➜ Fyrirlestrar

12.00 Grafíski hönnuðurinn **Jeffrey Nebolini** verður með hádegisfyrirlestur í Opna listaháskólanum, Skipholti 1.

12.05 **Kristín Loftsdóttir** mannfræðingur flytur fyrirlestur um framandi trú og kristnar rætur í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

### ➜ Tónleikar

19.00 **Jólatónleikar** Graduale Futuri og Söngdeildar Kórskóla Langholtskirkju verða í Langholtskirkju í kvöld. Aðgangur ókeypis.

20.00 **Kvennakórinn Léttsveitin** heldur jólatónleika í Bústaðakirkju við Tunguveg. Á efnisskránni verða íslensk og erlend jólalög en einnig verður flutt nýtt jólalag eftir Jón Ásgeirsson.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

FISKBÚÐIN HAFBERG
STÆKKAR
Bjóðum í dag ýsuflök
á aðeins 690 kr kg.
ÞÚ SPARAR 400 KR Á KÍLO
tilboðið gildir aðeins í dag
Veljum íslenskt



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

SENDU
JÓLAPAKKA
HVERT Á LAND SEM ER




Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefsíðunni www.flytjandi.is.

800 KR.
PAKKINN
EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*
*Hámarksstærð pakka er 0.5 x 0.5 x 0.8m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

EIMSKIP
Flytjandi
Sími 525 7700
www.flytjandi.is
PIPAR • SÍA • 82710

> **DAMON SÁ BRJÓSTIN**

Breska söngkonan Lily Allen segist óvart hafa sýnt Damon Albarn brjóstin á sér. Atvikið átti sér stað þegar þau reyndu án árangurs að semja lög saman. Er hún stóð upp til að fara hnepptust tvær tölur frá skyrtu hennar og brjóstin hoppuðu út. „Ég er ekkert smá svöl,“ sagði Allen og sló þessu öllu upp í grín.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Annað barn á leið í heiminn

Leikarinn Björgvin Franz Gíslason hefur í mörg horn að líta þessa dagana. Nóg er að gera við undirbúning Stundarinnar okkar í Sjónvarpinu auk þess sem hans annað barn er á leiðinni í heiminn.

„Það átti að gerast á laugardaginn. Maður er alltaf að biðja börnin um að fresta þessu aðeins því það er alltaf eitthvað sem þarf að gera en ég veit að konan mín bíður spennt eftir því að það poppist út. Hún er orðin mjög þreytt,“ segir Björgvin Franz, sem á fyrir sjö ára dóttur.

Björgvin hefur undanfarin tvö ár getið sér gott orð sem skemmtikraftur á hinum ýmsum samkomum en allt slíkt er nú í biðstöðu. „Ég var alltaf í þessu samhliða Stundinni en ég tók fyrir það fyrir jólin út af barninu og Stundinni,“ segir hann. „Svo veit ég ekkert hvað verður. Ég ætlaði alltaf að sjá hvort ég myndi koma mér upp nýju efni eða gera eitthvað annað. Það væri gaman að vinna í sjónvarpi eða bíó, ég ætla að sjá hvert maður verður leiddur í þessu.“

Björgvin segist hafa komið fáránlega vel út úr kreppunni. „Ég er einn af þeim sem held vinnunni og er ofsaglaður yfir því. Ég er hepppinn að hafa vinnu og ekki bara einhverja vinnu, heldur skemmtilegustu vinnu í heimi.“

Í næsta þætti af Stundinni okkar kemur Sveppi í heimsókn og syngur lag. Einnig verður sýnt gamalt myndskeið með Páli Vilhjálmssyni sem Gísli Rúnar, faðir Björgvins, túlkaði svo skemmtilega á árum áður. Jólastundin okkar er síðan í undirbúningi og þar verða á meðal gesta Páll Óskar og Eiríkur Fjalar. **- fb**



**BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON** Björgvin Franz hefur í mörg horn að líta þessa dagana enda nýtt barn á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Amnesty með tónleika

Amnesty International fagnar 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna með tónleikum í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu á alþjóðlega mannréttindadaginn 10. desember.

Á tónleikunum koma fram Ellen Kristjánsdóttir ásamt hljómsveit, KK, Jónas Ingimundarson, Vadim Federov, Hjörleifur Valsson, Gissur Páll Gissurarson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Haukur Gröndal, ásamt hljómsveitinni Bardukha, Leone Tinganelli ásamt tríóinu Delizie Italiane og Stúlknakór Reykjavíkur undir stjórn Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur við undirleik Ástríðar Haraldsdóttur.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og er miðaverð 1.500. Forsala fer fram í Tónastöðinni og á skrifstofu Amnesty International.

# Randver leikur John Cleese

Nú þegar Bretland virðist hafa unnið ímyndarstríðið við litla Ísland vegna Icesave-deilunnar fáum við Íslendingar góða hjálp. Sjálfur Frímann Gunnarsson, sem getið hefur sér gott orð í þáttunum Sigtið á Skjá einum, hefur sett fram hugmynd að ímyndarauglýsingu á bloggsíðu sinni (**frimann.blog.is**).

„Það hefur verið æpandi þögn varðandi afstöðu Frímanns til bankafallsins og milliríkjadeilunnar við Bretland,“ segir Gunnar Hansson, sem þekkir Frímann betur en flestir. „Hann upplifir sig sem skilnaðarbarn í þessari deilu því þótt Frímann hafi alist upp á Ísland þá menntaði hann sig í Bretlandi. Það varð hann að þeim heimsborgara sem hann er.“

Hugmynd Frímanns um ímyndarauglýsinguna er mjög metnaðarfull. Hann sér fyrir sér að John Cleese leiki breskan leigusala, Sir Winterbottom, sem réttir íslenskum námsmanni seðlabúnt þar sem námsmaðurinn (leikinn af Hilmi Snæ eða Ingvari E.) liggur bláfátækur í göturæsinu. Í hugmyndinni er Randver Þorláksson í hlutverki Cleese en Frímann leikur námsmanninn. „Verði auglýsingin gerð, vonast Frímann til að hún verði fyrsta skrefið í að leysa þessa erfiðu deilu. Hann vonar að mamma og pabbi taki saman aftur.“

Af Frímanni er það annars að frétta að hann fæst aðallega við ritstörf þessa dagana. „Bloggsíðan er hans vettvangur og þar mun hann birta ljóð og pistla á næstunni,“ segir Gunnar. „Svo var hann búinn að klára heila auglýsingaherferð fyrir Glitni. Herferðin var einmitt tilbúin föstudaginn áður en bankinn féll. Þar var hann með ýmsar ráðleggingar í fjármálum og var auðvitað eins og fíll í postulínsbúð. Þetta voru drepfyndnar auglýsingar en þættu líklega hálf óviðeigandi núna. Kannski verða þær notaðar seinna.“ **- drg**



**VONAR AÐ MAMMA OG PABBI TAKI SAMAN AFTUR** Randver í hlutverki John Cleese og Frímann í hlutverki Hilmis Snæs.



**FOUR CHRISTMASES** Reese Witherspoon og Vince Vaughn þykja fara á kostum.

# Á toppnum í tvær vikur

**Gamanmyndin Four Christmases hélt efsta sætinu yfir aðsóknarmestu myndirnar vestanhafs um síðustu helgi. Reese Witherspoon og Vince Vaughn leika aðalhlutverkin í myndinni sem fjallar um par sem þarf að heimsækja fjórar fjölskyldur foreldra sinna á einum degi.**

**Í öðru sæti á listanum var vampírumyndin Twilight og í því þriðja var teiknimyndin Bolt þar sem John Travolta talar fyrir aðalsöguhetjuna.**


www.toyota.is




**Toyota - Piparkökubílasamkeppni**

Hitaðu ofninn og settu á þig svuntuna – Toyota á Íslandi heldur samkeppni um flottustu piparkökubílana 2008:

- Keppt í tveimur flokkum: fólksbíla og jeppa
- Skilafrestur til 10. desember
- Allir piparkökubílarnir verða til sýnis í sýningarsölum Toyota
- Dómnefnd velur bestu bílana í hvorum flokki og verðlaun verða afhent 22. desember: Miðbæjargjafabréf að verðmæti 50.000 kr.

Nú taka fjölskyldur landsins höndum saman og töfra fram flottustu piparkökubíla sem sést hafa.

Nánari upplýsingar finnur þú á www.toyota.is

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070


Þriðjudagstilboð
15% afsláttur
af öllum snyrtivörum
25% afsláttur af
snyrti- og spavörum
frá Debenhams
Bara í dag
Shiseido
Kanebo
Origins
Clarins
Lancome
Clinique
Mac
Biotherm
Estee Lauder
Helena Rubinstein
Gildir ekki með öðrum tilboðum
NÝTT KORTATÍMABIL
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

SAMBÍÓIN







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS.. | kl. 5:50 - 8:10 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 6D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30D | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:30 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 6 Síð sýn | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | SÝND LAU. OG SUN. | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NICK AND NORAH´S | kl. 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:10 | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| PASSENGERS | kl. 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 | 16 |
| QUARANTINE | kl. 10:20 | 16 |

ÞRIÐJUDAGAR BÍÓDAGAR

NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 10 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 | 14 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.15 | 14 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| PRIDE & GLORY | kl. 10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45, 8 og 10 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 og 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR


# Fékk nóg af topp tíu listum

Bandaríski kvikmyndagagnrýnandinn Roger Ebert hefur á heimasíðu sinni birt lista yfir tuttugu bestu myndir ársins. Myndirnar eru hafðar í stafrófsröð enda telur hann ekki lengur við hæfi að númera myndir frá einum upp í tíu. „Ég er að brjóta hina aldargömlu hefð að birta lista yfir tíu bestu myndir ársins. Eftir að hafa gert fjölda slíkra lista í gegnum árin hef ég fengið nóg. Listi yfir bestu myndirnar á að fagna góðum myndum og á ekki að vera afdráttarlaus í afstöðu sinni,“ sagði hann.

Á meðal mynda á listanum eru The Dark Night, Frost/Nixon, Iron Man, Milk, W. og Wall-E. Ebert telur að hinn látni Heath Ledger eigi sigurinn vísan á næstu Óskarshátíð fyrir hlutverk Jókersins í The Dark Night auk þess sem Sean Penn fái örugga tilnefningu fyrir hlutverk sitt í Milk. Jafnframt segir hann teiknimyndina Wall-E vera bestu vísindaskáldsögumyndina í mörg ár.

Á meðal fleiri mynda á listanum eru hin 257 mínútna Che í leikstjórn Steven Sodebergh, Slumdog Millionaire frá Bretanum Danny Boyle og Happy-Go-Lucky sem Mike Leigh leikstýrir.



**JÓKERINN** Ebert spáir hinum látna Heath Ledger Óskarnum á næsta ári.



**ROGER EBERT** Hinn virti bandaríski gagnrýnandi hefur birt lista yfir tuttugu bestu myndir ársins.

# Aron Pálmars ætlaði alla leið

**Aron Pálmarsson er orðinn stórstjarna í handboltanum þótt hann sé ekki nema 18 ára. Hann á velgengni sína ekki síst að þakka einkaþjálfaranum Störe.**



**STÖRE OG ARON** Í bréfi til Egils spyr Aron einfaldlega hvort hann sé maðurinn fyrir sig - því það þurfi að gera sig hroðalegan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Nei, jahhh, ég meina, ég á hann kannski ekki alveg skuldlausan,“ segir Egill Einarsson einkaþjálfari – sem nú gengur undir nafninu Störe – óvenju hógvær. Hann er að tala um Aron Pálmarsson, handboltamann úr FH, eitthvert mesta efni sem hefur komið fram á sjónarsviðið í íþróttinni. Störe þakkar sér það að nokkru og hefur merkilega sögu að segja af samskiptum þeirra tveggja.

„Já, fyrir um ári fékk ég tölvupóst frá þessum strák. Ég meina, hann er fæddur 1990, þannig að þetta er tæknilega smákrakki. Og hann segir mér að hann ætli að hætta í skólanum og einbeita sér að handboltanum. Og svona undan og ofan af fyrirætlunum sínum: Að verða atvinnu- og landsliðsmaður. Og ári síðar er hann bara á leiðinni til Kiel!“

Og það er ekki orði ofaukið. Í bréfi Arons segir að hann ætli að hafa handbolta að atvinnu í framtíðinni. „Það sem ég er að tala um er að ég þarf að massa mig vel upp fyrir næsta „season“. Ég vil verða 90+ en vera líka fljótur á löppunum og vel stæltur að ofan. Það sem ég er að fara fram á er einfaldlega að þú gerir mig hroðalegan, ef þú veist hvað ég á við. Ég er 190 cm og 86 kg,“ segir í bréfi Arons. Markmiðið sé að fara alla leið og hinn sautján ára Aron spyr Egil einfaldlega, fullur sjálfstrausts, hvort hann sé maðurinn fyrir sig?

„Mér líkaði vel við hann frá byrjun. Aron ætlaði að verða betri en Cantona og ég kann vel að meta menn með þykkan pung. Við létum hann lyfta hressilega. Bættum þyngdina í hverri viku og pökkuðum á hann kjötinu. Svo er hann sláandi líkur mér í þokkabót,“ segir Störe ánægður með sinn mann.

Það er gagnkvæmt. Aron var hjá Agli í um hálft ár. „Það var eitthvað við hann. Hvernig hann var í viðtölum: töffari og fyndinn karakter. Ég var að fara að fá mér einkaþjálfara, hafði heyrt vel af honum látið og ákvað að láta slag standa,“ segir Aron og tók sér frí frá skólanum: „Hann var þvílíkt öskrandi á mann. Prófessional, skráði allt niður og bætti alltaf á lóðin,“ segir Aron og lagði grunninn að tíu kílóum sem hann taldi sig þurfa til að vera klár í úrvalsdeildina. Nú er Aron með fjögurra ára samning á borðinu, hefur boð frá Kiel í Þýskalandi, sem er eitt sterkasta handboltalið í heimi, og fer út 19. desember til að kíkja á þá. „Í kjölfarið er meiningin að ég skrifi undir. Það eru meiri líkur en minni. Þarf eitthvað mikið að gerast ef ég ætla að fara að neita Kiel.“

jakob@frettabladid.is




- Pantaðu jólatímann í tíma
- Gjafabréf í dekur er frábær gjöf handa elskunni þinni
- Brazilískt vax á tilboði í des 3900.-
- Þú átt möguleika á að vinna 20.000 kr dekur hjá okkur

SNYRTISTOFAN
salon ritz
Laugavegur 66, 2.h. Sími 552 2460

# Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin



EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Innritun hafin á janúarnámskeið!
# Sími 581 3780

TT námskeið

TT – Átaksnámskeiðin sívinsælu.
Lokuð 9 vikna námskeið 3x í viku.
ATH **höfum bætt við nýjum tímum kl. 10:15**

TT námskeið

TT 3
Lokuð 9 vikna átaksnámskeið
3x í viku fyrir stelpur 16-20+ ára

ROPE YOGA WORKOUT

Rope Yoga
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.
Lokuð 9 vikna námskeið
ATH **höfum bætt við nýjum tímum kl. 10:00 miðviku- og föstudaga**

STOTT PILATES®

STOTT Pilates
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Josseph Pilates.
Síðdegistímar 2xí viku.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið

60+

60+
Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri

mótun

Nýtt! MÓTUN
Teygju- og styrktaræfingar.
Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur

## Þú getur strax byrjað að æfa!

Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að æfa – sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst.

Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal.

Á heimasíðunni okkar, **www.jsb.is** færðu svo nánari upplýsingar um það sem við höfum að bjóða.

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

## > Ásta Árnadóttir til Svíþjóðar

Íslenskar knattspyrnukonur eru ákaflega eftirsóttar þessa dagana og okkar bestu stúlkur flykkjast flestar til erlendra liða. Nú síðast varnarjaxlinn Ásta Árnadóttir en hún hefur samið við sænska félagið Tyresö sem er í næstefstu deildinni þar í landi. Þetta kom fram á fótbolti.net í gær. Þetta sænska félag sankar að sér leikmönnum þessa dagana og ætlar sér beint upp í deild þeirra bestu á næsta ári.



**sport**
sport@frettabladid.is

**LÍTIÐ AÐ GERA HJÁ KVENNALIÐI STJÖRNUNNAR:** SPILA EKKI LEIK FRÁ 15. NÓVEMBER TIL 27. DESEMBER

# *Enginn leikur í 42 daga hjá Íslandsmeisturunum*



Íslandsmeistaralið Stjörnunnar í handboltanum þarf í raun að ganga í gegnum annað undirbúningstímabil vegna róttækra breytinga á leikjadagskrá liðsins. Þremur leikjum kvennaliðs Stjörnunnar í desember var frestað fram í janúar vegna þess að Florentina Stanciu var valin í rúmenska landsliðið sem er að gera góða hluti á Evrópumótinu í Makedóníu.

Þetta hefur mikil áhrif á tímabil Íslandsmeistaranna en einnig á Florentinu sem sat uppi í stúku í öllum þremur sigrum rúmenska liðsins í riðlakeppninni. Florentina mun því ekki vera frekar en allt Stjörnuliðið í mikilli leikæfingu þegar Stjarnan tekur á móti Val í undanúrslitum N1-deildarbikar kvenna sem fer fram 27. desember. Þetta verður þá fyrsti alvöruleikur Stjörnuliðsins í 42 daga.

„Þetta er búið að vera mjög erfitt. Því er ekki hægt að neita," sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnuliðsins, en Stjörnuliðið fór því í jólafrí um miðjan nóvember vegna verkefna íslenska A-landsliðsins og spilar ekki deildarleik í einn og hálfan mánuð.

Síðasti deildarleikur liðsins var tap á heimavelli á móti Haukum 15. nóvember. Næsti deildarleikur Stjörnunnar er á móti Gróttu 7. janúar en þá verður toppliðið Hauka búið að leika þremur leikjum meira en Stjarnan og gæti því verið komið með sex stiga forskot vinni liðið alla þessa leiki.

„Við verðum að lifa með þessu og reyna að gera gott úr þessu. Ef við lítum á jákvæðu hliðarnar þá geta stelpurnar einbeitt sér fullkomlega að prófunum sínum í skólanum. Svo hef ég verið með styrktarþjálfara sem æfir þær tvisvar í viku. Þær hafa gott af því að sjá nýtt andlit inn á milli svo þær fái ekki algjörlega nóg af mér," sagði Atli léttur en hann gerir sér vel grein fyrir því að verkefnið verður mjög erfitt í janúar.

„Það er ýmist í ökkla eða eyra. Ekkert spilað núna og svo eigum við einhverja tíu leiki minnir mig í janúar. Spilum bara laugardag og þriðjudag út í gegn. Það getur orðið erfitt og sérstaklega ef einhverjar meiðast. Stelpurnar verða samt sjálfsagt sáttar við að fá að spila," sagði Atli en næst á dagskrá hjá stúlkunum hans er æfingaleikur gegn 4. flokki karla hjá Stjörnunni.




# Valur niðurlægði Fram

**Bikarmeistarar Vals eru komnir í undanúrslit í Eimskipsbikarnum eftir stórsigur á Fram, 30-21. Selfoss komst einnig í undanúrslit með sigri á Stjörnunni.**



**SIGURREIFUR** Hjalti Pálmason og félagar í Val fögnuðu vel og innilega í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** Reykjavíkurstórveldin Fram og Valur mættust í annað skiptið á fjórum dögum í gærkvöldi þegar þau áttust við í 8-liða úrslitum Eimskips-bikars karla. Á fimmtudaginn fóru Framarar með sigur af hólmi en í gær snerist dæmið við því Valsmenn unnu öruggan 30-21 sigur.

„Við vorum lélegir sóknarlega í síðasta leik en í dag voru það fleiri sem gátu tekið af skarið. Vörnin var góð og þá fylgdi markvarslan með. Baldvin er frábær sem framliggjandi varnarmaður, sá besti í þeirri stöðu, og hann gerði mikið fyrir okkur í dag," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, og bætti við. „Það er leiðinlegt að segja það, en þegar lið mætast tvisvar í röð þá þarftu kannski bara að tapa öðrum leiknum og vinna hinn. Talið hjá Viggó um væl í okkur fyrir leikinn fór ekkert í okkur. Við erum kannski búnir að vera að væla yfir meiðslunum en hann hefur vælt í mörg ár yfir meistarakeppni og öðru slíku og hann má segja hvað sem er, við sýndum einfaldlega alvöru leik í dag," sagði sigurreifur Óskar Bjarni.

Valsmenn byrjuðu leikinn af miklum krafti og vörn þeirra, með Baldvin Þorsteinsson sem fremsta mann, var gríðarlega sterk. Þeir skoruðu hvert markið á fætur öðru og þegar rúmlega 11 mínútur voru liðnar var staðan 6-0 fyrir Val. Ótrúleg byrjun og Framarar gjörsamlega meðvitundarlausir. Þeir náðu þó aðeins að laga stöðuna fyrir hálfleik.

Síðari hálfleikur hófst á svipaðan hátt og sá fyrri. Valsmenn skoruðu fyrstu þrjú mörkin, komust í 18-10, og í 25-13 þegar tíu mínútur voru liðnar af hálfleiknum. Þeir röðuðu inn mörkum úr hraðaupphlaupum og sóknarleikur Framarar var hrikalegur. Leikstjórnandinn Halldór Jóhann Sigfússon skoraði einungis eitt mark úr vítakasti og Rúnar Kárason var með skelfilega skotnýtingu.

Eftir að Valsmenn komust í tólf marka forystu var einungis spurning hversu stór sigurinn yrði.

Þess má geta að Markús Máni Michaelsson lék með Val í dag eftir langa fjarveru en aðspurður sagði hann allt óráðið um það hvort hann myndi halda áfram.

Rúnar Kárason stórskytta Framara var eðlilega svekktur eftir leik.

„Það var ekkert gert af því sem talað var um fyrir leik, við tókum lélegar ákvarðanir og þetta var alveg skelfilegt. Við ætluðum að vera fastir fyrir og hreyfanlegir í vörninni en þess í stað vorum við staðir og skutum illa. Það var góð stemning inni í klefa fyrir leik og ég hef enga skýringu á því af hverju við tökum það ekki með okkur út á völlinn," sagði Rúnar sem vildi sem minnst segja um stöðu sína en stórlið Barcelona hefur sýnt áhuga á honum undanfarnar vikur. **- sjj**

### *Eimskipsbikar karla:*

**Selfoss-Stjarnan 31-30**
**Fram-Valur 21-30 (10-15)**

Mörk Fram (skot) : Haraldur Þorvarðarson 8 (11), Andri Berg Haraldsson 5/1 (11/1), Rúnar Kárason 3 (15), Guðmundur Hermannsson 2 (2), Brjánn Bjarnason 1 (1), Róbert Aron Hostert 1 (2), Halldór Sigfússon 1/1 (3/1), Magnús Einarsson (3), Björn Guðmundsson (1), Einar Eiðsson (1)
Varin skot : Davíð Svansson 9 (25/1) 36%, Magnús Erlendsson 4 (17/1) 24%
Hraðaupphlaup : 2 (Guðmundur, Brjánn)
Fiskuð víti : 2 (Magnús, Guðmundur)
Utan vallar : 8 mín
Mörk Vals (skot) : Baldvin Þorsteinsson 8 (11), Arnór Gunnarsson Malmquist 8/2 (14/3), Elvar Friðriksson 4 (5), Ingvar Árnason 3 (4), Hjalti Pálmason 3 (7), Heimir Örn Árnason 2 (5), Sigfús Páll Sigfússon 1 (1), Hjalti Gylfason 1 (1), Markús Máni Michaelsson (5), Orri Freyr Gíslason (1).
Varin skot : Ólafur H. Gíslason 19 (40/2) 48%,
Hraðaupphlaup : 11 (Baldvin 7, Arnór 2, Ingvar 2)
Fiskuð víti : 3 (Gunnar Harðarson, Ingvar, Orri)
Utan vallar : 8 mín
Dómarar : Gísli Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson. Dæmdu vel




Lokaumferð Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum:

# Þrjú laus sæti í 16-liða úrslitunum

**FÓTBOLTI** Það er mikil spenna fyrir leikjum kvöldsins í Meistaradeild Evrópu enda lokaumferðin að hefjast.

Nú þegar hafa þrettán lið tryggt sér þátttökuréttinn í sextán liða úrslitum keppninnar og í kvöld kemur í ljós hvaða þrjú lið fá síðustu farseðlana í sextán liða úrslitin.

Liverpool, Atletico Madrid, Inter, Sporting og Barcelona eru liðin sem eru örugg áfram af þeim liðum sem spila í kvöld og úrslit eru þegar ráðin í riðlunum sem fara fram á morgun. Chelsea er meðal þeirra liða sem eiga eftir að tryggja sig áfram en á „þægilegt" verkefni fyrir höndum er liðið mætir Cluj á heimavelli en í þeirra lið vantar lykilmenn.

Hjá Chelsea vantar Frank Lampard sem er í banni og Michael Ballack verður því í byrjunarliðinu.

.Leikur Roma og Bordeaux verður síðan hörkuleikur þar sem

**MEISTARADEILDIN**

| | |
|---|---|
| **A-riðill:** | |
| Chelsea-Cluj | Stöð 2 Sport |
| Roma-Bordeaux | |
| **B-riðill:** | |
| Panathinaikos-Famagusta | |
| Werder Bremen-Inter | |
| **C-riðill:** | |
| Basel-Sporting Lisbon | |
| Barcelona-Shaktar | Sport 4 |
| **D-riðill:** | |
| PSV-Liverpool | Sport 3 |
| Marseille-Atletico Madrid | |



# Stök námskeið á meistarastigi
## í samstarfi við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum hefur aukist mikið síðustu misseri. Þetta form símenntunar hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu með starfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember næstkomandi.**

### HUGVÍSINDASVIÐ

- Sálgæsla í fjölskyldum
- Sálgæsla og áfallahjálp - samfylgd í kjölfar áfalla

### HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

- Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun
- Stjórnun I: Forysta í hjúkrun
- Stjórnun II: Hjúkrunarstjórnun í heilbrigðisþjónustu
- Óhefðbundnar meðferðir og viðbótameðferðir í hjúkrun
- Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema B-hluti (e. General research methods, course for M.Sc. and Ph.D. students B)

### FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- Alþjóðaviðskipti
- Bankar og fjármálamarkaðir
- Endurskoðun II-hluti
- Heilsuhagfræði II
- Markaðsfræði II - MS
- Mat á árangri og framkvæmd stefnu
- Peningamálahagfræði
- Reikningsskilakenningar
- Samningagerð
- Samstæðureikningsskil
- Skattskil II - fyrirtækjaskattaréttur
- Skuldabréf
- Stefnumiðuð stjórnun - M
- Stefnumiðuð stjórnun
- Stjórnun þjálfunar og starfsþróunar
- Verkefnastjórnun og ráðgjöf
- Vinnuréttur
- Vinnusálfræði
- Þekkingarstjórnun
- Þættir í heilsuhagfræði

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



> **Denis Leary**

„Ég keypti chihuahua-hund handa dóttur minni. Ljótasta kvikindi sem ég hef séð. En hún elskar hundinn svo ég tek hann með hvert sem ég fer. Það var mesta breytingin við það að verða faðir.“ Leary leikur í þættinum Rescue Me sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON DÁIST AÐ RADDBLÆ**

## *Máttur hinnar fíngerðu hlutdrægni*



Spegillinn er þáttur á dagskrá Gufunnar gömlu, skellur á eftir sex-fréttir sem Óðinn Jónsson fréttastjóri hefur reyndar spillt með hinni sérkennilega jákvæðu Auðlind. Það er stuttur þáttur með bjartsýnisfréttum úr atvinnulífinu, einn af þessum þáttum sem stjórnendur fréttadeilda heimta reglulega þegar fargið af raunsönnum og raunalegum fréttum knýr úr þeim allt loft, bjartsýniskafli í fréttatíma þessi dægrin sem er eins og frá annarri plánetu, löngu liðnum tíma, ansi mikið 2007.

En Spegillinn er samur við sig. Þar ber þungann Jón Guðni Kristjánsson með víðfeðmu áhugasviði, leitar víða fanga og er naskur á að fá fram fjölbreytilegt svið þekkinga og skoðana. Friðrik Páll er þar með stutt innslög sem rata beint af borði fréttastofa á meginlandinu og minna óþyrmilega á að hér er hópur vaskra manna sem kann að lesa annað en dönsku og ensku. Kontinental, en mætti að ósekju leggja meira í púkkið.

Og svo er það Gunnar Gunnarsson. Fyrir fáum misserum eða voru það mánuðir var Björn Bjarnason eitthvað að ýfa sig út af Speglinum, fannst hann vera hlutdrægur, sem gildir svo sem um allt sem anda dregur. Hlutleysið er vitaskuld eins og hvert annað bull. Það er bara misjafnt hvað hlutdrægnin er skýr. Þannig er Gunnar Gunnarsson aldrei hlutdrægur í orðavali, jafnvel þótt hann orði spurningar sínar þannig að svarið hljóti að leggjast eins og hann vill. Það er öllu heldur hinn kostulega íþyngjandi tónn sem er á orðum hans sem markar spurningunni rými og stefnu, svo mikið að það er stundum fyndið hvað hann gefur í skyn. En allt er það partur af skemmtuninni á annars ljómandi og nauðsynlegum þætti

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30** Chelsea - Cluj, BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Mæðgurnar (Gilmore Girls VII) SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Burn Notice STÖÐ 2



▶ **21.10** How I Met Your Mother STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** In Plain Sight SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Mótorsport 2008** (e)
**15.45 Sportið** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Bjargvætturin** (7:26)
**17.45 Latibær** (e)
**18.15 Verstu jól ævinnar** (1:3) (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (3:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

**20.55 Fjórar konur og einn karl** (Fyra fruar och en man) Sænsk heimildamynd. Mohammadi-fjölskyldan lifir einkennilegu lífi. Þegar kona númer tvö kom heim úr hálfsmánaðarferð með börnum sínum hafði þriðja eiginkonan bæst við á heimilinu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (1:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu, Esther Hall og Wil Johnson.

**23.20 Lögmál Murphys (1:6) (e)**
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Wallace & Gromit. The Curse of the Were-Rabbit**
**10.00 P.S.**
**12.00 A Foreign Affair**
**14.00 Manchester United. The Movie**
**16.00 Wallace & Gromit. The Curse of the Were-Rabbit**
**18.00 P.S.**
**20.00 A Foreign Affair**
**22.00 Mean Creek**
**00.00 Æon Flux**
**02.00 The Deal**
**04.00 Mean Creek**
**06.00 Bad News Bears**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (9:24)
**07.50 Galdrabókin** (9:24)
**08.00 Lalli**
**08.05 Ruff's Patch**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (209:300)
**10.35 America's Got Talent** (4:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 The Perfect Man**
**14.55 Sjáðu**
**15.30 The New Adventures of Old Christine** (6:22)
**15.55 Saddle Club**
**16.18 Tutenstein**
**16.38 Ben 10**
**17.03 Stuðboltastelpurnar**
**17.23 Galdrabókin** (9:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (16:25)
**19.55 Dagvaktin** (2:12)
**20.20 Two and a Half Men** (19:19)
**20.45 The Big Bang Theory** (17:17) Leonard og Sheldon skilja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins.

▶**21.10 Burn Notice** (2:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.

**21.55 Rescue Me** (3:13)
**22.40 The Daily Show. Global Edition**
**23.05 Kompás**
**23.35 Grey's Anatomy** (7:24)
**00.20 The Perfect Man**
**02.00 See Arnold Run**
**03.25 The Deep End**
**05.05 The Simpsons** (16:25)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**17.55 Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**18.30 Fréttaþáttur** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**19.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun** Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.

▶**19.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Chelsea og Cluj.

**21.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

**22.20 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik PSV og Liverpool.

**00.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Barcelona og Shaktar.

**02.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Tottenham.

**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Stoke.

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Man. City.

**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og Portsmouth.

**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Aston Villa.

**22.20 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Liverpool.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.00 Vörutorg**

**18.00 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.45 The Bachelor** (1:10) Raunveruleikaþáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. Brad Womack er 34 ára athafnamaður sem bandarískir fjölmiðlar hafa kallað „kynþokkafyllsta piparsveininn til þessa“. Brad er að leita að eiginkonu og hittir 25 glæsilegar konur í lúxusvillu í Malibu.

**20.10 Survivor** (10:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.

**21.00 Innlit / Útlit** (12:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.

▶**21.50 In Plain Sight** (12:12) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Það er komið að lokaþættinum og Mary er að jafna sig eftir að henni var bjargað úr höndum mannræningja. Nú þarf hún að ákveða hvort hún eigi að hjálpa litlu systur sinni eða sinna starfi sínu og segja hvað Brandi hefur verið að bauka.

**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.45 CSI. New York** (16:21) (e)
**00.35 Vörutorg**
**01.35 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Listmunauppboð í Galleríi Fold

**þriðjudaginn 9. desember kl. 18**

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.

Þá verða boðin upp verk eftir Helga Þorgils, Braga Ásgeirsson, Tryggva Ólafsson, Sossu, Soffíu Sæmundsdóttur, Tolla, Óla G. Jóhannsson, Sigurð Guðmundsson og Erró.



Tolli



Kristján Davíðsson

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd í Galleríi Fold við Rauðarárstíg: þriðjudag kl. 10–17

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.55

### Rescue Me

Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York. Síðast var skilið við Tommy þar sem hann lenti í skelfilegum eldsvoða og liggur hann sjálfur undir grun þar sem upptök eldsvoðans eru enn óljós. Ekki lagast vandamálin heima fyrir því Tommy og félagar hans eru einstaklega lagnir við að koma sér í klandur hjá betri helmingnum. Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Dauðir rísa (Waking the Dead V)

### Sjónvarpið kl. 22.25

Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans sem rannsaka gömul mál sem aldrei hafa verið upplýst. Í fyrstu tveimur þáttunum er sagt frá dularfullu máli sem hefst með því að lík finnst í flugvél sem staðið hefur óhreyfð í Arizona í sex ár. Vísbendingar eru um að líkið tengist vopnuðu ráni sem framið var á Heathrow-flugvelli.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Útlínur
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (76:260)
**16.30 Hollyoaks** (77:260)
**17.00 Seinfeld** (8:24)
**17.30 Ally McBeal** (2:24)
**18.10 How I Met Your Mother** (11:22)
**18.35 How I Met Your Mother** (12:22)
**19.00 Hollyoaks** (76:260)
**19.30 Hollyoaks** (77:260)
**20.00 Seinfeld** (8:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**20.30 Ally McBeal** (2:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶ **21.10 How I Met Your Mother** (11:22) Þættirnir fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.
**21.35 How I Met Your Mother**
**22.00 Men in Trees** (10:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Journeyman** (9:13)
**23.25 The Unit** (19:23)
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**22.00 Kristinn H.** Umræðuþáttur í umsjá Kristins H. Gunnarssonar. Sveitarstjórnarmál rædd.
**21.30 Guðjón Bergmann** Í leit að lausnum með Guðjóni Bergmann.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Pigeliv **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM **15.30** Spiderman **15.55** Daffy som detektiv **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Hammerslag **19.30** Testen - den farlige skønhed **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Efter Thomas **22.35** Snaphaner

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Stolthet og fordom **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.30** ‚Allo, ‚Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fra 7-ende til 8-ende **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Detektivklubben **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Jordmødrene i Sverige **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Bleak House **23.40** 4·4·2. Bakrommet. Fotballmagasin **00.10** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Hockeykväll **11.35** Svensson, Svensson **12.35** Som fallen från skyarna **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Lilla sportspegeln **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Slut för idag... tack för idag **16.25** Jane och draken **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Nobelpriset 2008. Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Nobelpriset 2008. Packat & klart **19.30** Andra Avenyn **20.00** Dom kallar oss artister **20.30** Morgonsoffan **21.00** Insider **23.35** Kulturnyheterna **23.50** Gymnastik med hjärtat **00.50** Sändningar från SVT24





Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Merkja þarf hverja gjöf með merkimiða þar sem tekið er fram hvaða kyni hún hentar og hvaða aldri. Ef þú býrð úti á landi þá kemur Pósturinn gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús. Jólapappír er að finna við jólatréð í Smáralind ásamt merkimiðum.

Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Sægreifinn, hann klikkar aldrei. Þar fæ ég mér humarsúpu og einhvern góðan, grillaðan fisk. Þarna er alltaf ferskt sjávarfang.“*

Myrra Leifsdóttir listakona

# Auðunn í miðju borgastríði á Spáni

„Þetta er ekkert Valur-KR heldur bara alvöru stríð,“ segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal. Hann verður meðal áhorfenda á Camp Nou í Katalóníu þegar stórveldin Barcelona og Real Madrid mætast í „el classico“ eða „þeim sígilda“ um helgina. Auðunn er að vinna efni fyrir þættina Atvinnumennirnir okkar sem sýndir verða á Stöð 2 Sport og hyggst taka viðtöl við Eið Smára og Ólaf Stefánsson sem báðir leika á Spáni.

Leikir Barcelona og Real Madrid vekja iðulega heimsathygli enda grunnt á því góða milli liðanna. Þótt Auðunn hafi farið nokkrum sinnum á leiki með Barcelona hefur hann aldrei upplifað þessa stemningu sem þykir einstök. Auðunn bætir því við að hann geri sér jafnframt töluverðar vonir um að Eiður fái sæti í byrjunarliðinu. Hann hafi átt góðan leik þegar Börsungar unnu Valencia um helgina.



**HITTI TERRY OG LAMPARD** Auðunn Blöndal hitti John Terry og Frank Lampard á æfingasvæði Chelsea og átti stutt spjall við þá um Eið Smára. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sjónvarpsmaðurinn þótti liðtækur knattspyrnumaður á sínum tíma en lagði skóna á hilluna og sneri sér að sjónvarpinu. Sú ákvörðun hefur hins vegar orðið til þess að hann hefur hitt mun fleiri knattspyrnustjörnur en hann hefði gert sem leikmaður Tindastóls á Sauðárkróki. Hann hafði þannig stutta viðkomu á æfingasvæði Chelsea, fyrrverandi félags Eiðs í Lundúnum, þegar hann heimsótti Hermann Hreiðarson í Portsmouth. Þar ræddi Auðunn stuttlega við þá Frank Lampard og John Terry um Eið Smára. Auðunn fær að horfa á æfingu hjá Barcelona fyrir þáttinn en þar er enginn hörgull á stórstjörnum á borð við Messi og Henry. -fgg



**EL CLASSICO** Eiður Smári gæti fengið sæti í byrjunarliðinu eftir góða frammistöðu að undanförnu.



**LÁRÉTT**
2. hæfileika, 6. hvort, 8. nafar, 9. kyrra, 11. tveir eins, 12. framrás, 14. mjóróma, 16. tveir eins, 17. mjög, 18. lendingarstaður báta, 20. í röð, 21. ríki í Suðvestur-Asíu.

**LÓÐRÉTT**
1. land í S-ameríku, 3. í röð, 4. skuggi, 5. dýrahljóð, 7. skemill, 10. ról, 13. púka, 15. klúryrði, 16. innilokað svæði, 19. guð.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. gáfu, 6. ef, 8. bor, 9. róa, 11. rr, 12. útrás, 14. skræk, 16. kk, 17. all, 18. vör, 20. aá, 21. írak.
LÓÐRÉTT: 1. perú, 3. áb, 4. forsæla, 5. urr, 7. fótskör, 10. ark, 13. ára, 15. klám, 16. kví, 19. ra.


KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND


BUBBI MORTHENS: Á VON Á ERFINGJA Í FEBRÚAR

# Kóngurinn skiptir Land Rover út fyrir Land Cruiser

Bubbi Morthens hefur sagt skilið við B&L sem hann hefur átt í samstarfi við undanfarin ár. Tónlistarmaðurinn er í staðinn genginn til liðs við Toyota-umboðið og keyrir nú um götur bæjarins á glæsilegum Land Cruiser. „Jú, jú, þetta er rétt. Ég er mikill smekkmaður á ökutæki og þetta er glæsilegur bíll,“ segir Bubbi, kampakátur með snjókomuna sem hefur ríkt á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga. „Kannski má segja að ég hafi hoppað hæð mína þegar það byrjaði að snjóa enda kærkomið tækifæri til að prófa jeppann aðeins í færðinni milli miðborgarinnar og Kjósar.“

Félagsskipti Bubba til Toyota eru jafnframt nokkuð skondin í ljósi sögunnar. Því eins og mörgum ætti að vera í fersku minni söng fyrrverandi samstarfsfélagi Bubba, Megas, inn nýja útgáfu af lagi sínu Smælaðu framan í heiminn fyrir auglýsingu bílaumboðsins fyrr á þessu ári.

Bubbi Morthens segir engan skugga hafa borið á samstarfið milli hans og B&L. Það hafi einfaldlega verið ákveðið í sameiningu að endurnýja það ekki. „Ég hef átt samstarf við marga í gegnum tíðina og samstarfið við B&L var ekkert frábrugðið öðrum, var bæði frábært og farsælt,“ segir Bubbi en hann hefur verið ötull talsmaður fyrirtækisins síðustu ár og komið fram í fjölmörgum auglýsingum.

Bubbi fékk Land Cruiser-jeppann glæsilega afhentan á föstudaginn. „Það er ekkert launungarmál að ég vil vera öruggur í umferðinni. Við Hrafnhildur [Hafsteinsdóttir] eigum von á barni í febrúar og maður vill hafa það í sem öruggustu umhverfi,“ útskýrir Bubbi og bætir því að hann sé jafnframt að skipuleggja heljarinnar tónleikaferð um landið með vorinu. „Og þá vil ég bara vera í jeppa. Svo að maður komist allra ferða sinna í öruggu farartæki.“

Og það á svo sannarlega ekki eftir að væsa um Bubba, Hrafnhildi og erfingjann væntanlega í nýja bílnum þegar þau koma keyrandi í hlaðið uppi í Kjós eftir áramót. Svarti Land Cruiser-bíllinn hans Bubba er nýr upp úr kassanum, er af VX-gerð og kostar 7,7 milljónir.

freyrgigja@frettabladid.is



**KAMPAKÁT MEÐ BÍLINN** Það á ekki eftir að væsa um Bubba, Hrafnhildi Hafsteinsdóttur og nýja erfingjann í glæsilegu Land Cruiser-bifreiðinni sem Bubbi fékk afhenta á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 16.800 krónum.
2. Landkönnuðinn Guðríði Þorbjarnardóttur.
3. Truth Serum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarkonan **Emilíana Torrini** var gestur í Góðu kvöldi Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur síðasta laugardagskvöld. Í þættinum kom fram að Emilíana hyggst breyta um gír í tónlistinni eftir áramót og fara að taka upp diskótónlist. Þessa nýju tónlist gerir hún með Dan Carey, samstarfsmanni sínum til margra ára, og engum öðrum en **Alex Kapranos**, söngvara Franz Ferdinand. Ekki er stefnt að því að gefa afraksturinn út í bráð en víst má telja að margir verði spenntir að heyra afraksturinn.



Aldrei hafa **Guðna Má Henningssyni** og félögum hans í Popplandi Rásar 2 borist jafn mörg lög í Jólalagakeppnina og í ár. Nú í kreppunni bárust 170 lög en til samanburðar komu 60 lög í fyrra. Lögin eru frá þekktum höfundum eins og Valgeiri Skagfjörð og hljómsveitunum Múgsefjun, Helga og hljóðfæraleikurunum og Ég, en einnig frá óþekktum höfundum, jafnvel frá bráðungum krökkum í tónlistarskólum. Valnefnd hefur setið sveitt yfir lögunum og mun setja sex inn á vef Popplands í dag. Almenningur kýs svo um lögin og verður vinningslagið tilkynnt föstudaginn 19. desember.



- hdm, drg




Dúnmjúkar dúnsængur
Dásamlega mjúkar dúnsængur á frábæru tilboðsverði. Sængurnar eru eingöngu fylltar með hvítum andardún og í þeim er ekkert fiður. Draumadúnsængin er nú á frábæru tilboðsverði, 24.900 kr. Lestu meira um sængurnar á **www.lindesign.is**

Lín DESIGN
Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár
Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is


# Ræktin er kreppufrítt svæði

Öfugt við flest annað blómstra líkamsræktarstöðvar í kreppunni. „Fólk er að fíla þetta kreppufría svæði þar sem það gleymir sér við æfingarnar og vellíðunina sem þeim fylgja,“ segir Hafdís Jónsdóttir, Dísa í World Class. „Það er aukning upp á fimm prósent í mætingum miðað við sama tíma í fyrra hjá korthafa að meðaltali. Bæði hefur nýting korta batnað og fleiri sækja í stöðvarnar.“

Ágústa Johnson í Hreyfingu hefur sömu sögu að segja. „Aðsóknin hefur aukist undanfarnar vikur,“ segir hún. „Það er mjög ánægjulegt að sjá að fólk er að forgangsraða rétt og hugsa um heilsu sína. Það er sjaldan mikilvægara en einmitt þegar erfiðleikar steðja að.“

Og jafnvel góðærislega Baðstofan í World Class lætur ekki á sjá. Þar hefur aðsókn aukist ef eitthvað er, segir Dísa. Og hvorki Dísa né Ágústa sjá fram á annað en áframhaldandi góðæri í líkamsræktarmálum landans. „Við reiknum ekki með samdrætti,“ segir Dísa. „Þeir sem eru virkir hjá okkur finna og vita að það að stunda heilsurækt á svona tímum er eiginlega bara lífsspursmál til að halda heilsu.“ - drg



**ÁGÚSTA JOHNSON Í HREYFINGU** Gott að fólk hugsi um heilsuna í kreppunni.



**DÍSA Í WORLD CLASS** Fimm prósent fleiri mæta í ræktina en á sama tíma í fyrra.












Farmers Market
iceland
handwash gently

Opið virka daga kl.10-18 og laugard.kl.11-14

www.farmersmarket.is

**FARMERS MARKET** | Eyjarslóð 9 (bakinngangur) | 101 Reykjavík | sími 552 1960

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

Ragnheiðar Tryggvadóttur


## *Steinn í skó*

Ég stóð mig að því að slökkva á sjónvarpinu um daginn þegar einhver ráðalaus ráðamaðurinn sat fyrir svörum. Ég var orðin hundleið á kreppunni. Allir umræðuþættir í sjónvarpinu snúast um kreppuna núorðið og hvert samtal við vini og kunningja snýst um kreppu. Kreppan er orðin óumflýjanlegur fylgifiskur hversdagsins, eins og steinn í skónum mínum sem minnir stöðugt á sig.

**MÉR FINNST** það merki um að kreppan er orðin hversdagslegur fylgifiskur þegar skemmtikrafturinn á jólatrésskemmtuninni fyrir börn sem ég fór á um daginn fór að segja kreppubrandara. Eitthvað um að það yrðu vonandi einhverjar gjafir undir trénu, næstu jól! Ha ha ha! Fyrir utan hvað það er hallærislegt þegar sagðir eru brandarar á barnaskemmtunum eingöngu ætlaðir fullorðna fólkinu, þá fannst mér þetta ekki eiga við. Enda stökk börnunum ekki bros.

**EKKI ÞAÐ** að ég sé endilega á því að það eigi að halda krökkum fyrir utan raunveruleikann. Þau verða auðvitað fyrir barðinu á kreppunni eins og allir og þurfa að læra að ekki er hægt að kaupa ýmislegt eins og hægt var áður. En rétt á meðan þau dansa kringum jólatréð hljóta þau að mega vera í friði fyrir leiðindum hversdagsins.

**JÓLIN** snúast heldur ekkert um hversu margir pakkar verða undir trénu. Hvort leikjatölvur eða fartölvur leynist inni í jólapappírnum eða hvort fasani verður á borðum eða lambasteik. Jólin ættu einmitt að vera kærkomið tækifæri, mitt í þessari leiðindakreppu, til að slaka á með fjölskyldunni. Hnoða snjókarla og drekka kakó og kasta snjóboltum í hvert annað, enda eru jólin sérstaklega hagstæð á dagatalinu þetta árið. Ég er samt ekki í neinni afneitun þótt mér leiðist krepputalið. Ég veit alveg að kreppan er að yfirtaka allt. Hún hefur áhrif á hvern mann og hefur kollvarpað lífi margra.

**EN** þegar ég var að labba heim úr vinnunni seint um kvöld fyrir skemmstu var hvítt yfir öllu. Veðrið var kyrrt og snjókornin féllu hægt til jarðar. Mér lá ekkert á. Ég dólaði mér heim og gerði munstur í snjóinn með tánum. Í gluggunum í götunni minni loguðu hvít og rauð jólaljós, seríur, stjörnur og hringir og ég sá fólk dunda sér við að skreyta heimili sín fyrir innan gluggana. Ég hlakkaði til jólanna og fann ekki fyrir steininum í skónum mínum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 9. desember, 344. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.06 | 13.20 | 15.34 |
| Akureyri | 11.19 | 13.04 | 14.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


